FRÉTTABLAÐIÐ

231. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 29. OKTÓBER 2020

Íslenska fánanum var flaggað á Selfossi í tilefni af reisugildi – því að þaksperrur hússins eru komnar upp. Húsið í forgrunni er endurgerð hins upprunalega verksmiðjuhúss Mjólkurbús Flóamanna, sem Guðjón Samúelsson teiknaði og stóð á Selfossi 1929-1954. Það verður sannkallað matarmenningarhús með sýningum og veitingastöðum. Í baksýn eru fleiri hús í nýja miðbænum sem öll eiga sér sögulegar fyrirmyndir en af þrettán húsum í fyrsta áfanga verksins eru nú níu risin. Starfsemi hefst í miðbænum í byrjun næsta sumars. MYND/ÁRNI LEÓSSON

Bíður kvalið eftir aðgerðum

Landlæknir hefur frestað valkvæðum aðgerðum með sveifingu. Framkvæmdastjóri segir að ekki hafi verið sýnt fram á að skurðaðgerðir auki álag á Landspítalann. Á meðan bíði sjúklingar sárkvaldir.

HEILBRIGÐISMÁL „Það kom okkur í opna skjöldu að það skyldi vera lokað aftur hjá okkur. Okkur hefur ekki verið sýnt fram á það að okkar starfsemi auki álag á spítalann," segir Dagný Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Orkuhússins.

Samkvæmt fyrirmælum landlæknis hefur öllum valkvæðum skurðaðgerðum sem þarfnast sveifingar verið frestað til 15. nóvember, í tæpar þrjár vikur. „Þetta er gert í ljósi þess að slíkar aðgerðir geta kallað á komur á bráðamóttöku og/eða sjúkrahússinnlögn, sem getur valdið enn frekara álagi á sjúkrahús en nú þegar er," segir í fyrirmælum landlæknis. Til stendur að herða sóttvarnaaðgerðir.

Dagný segir ástandið ekki gott fyrir sjúklinga. „Það eru veikari sjúklingar á biðlista núna en í fyrri bylgjunni. Við höfum verið að vinna niður biðlistana frá því í fyrstu lokuninni. Þetta er ekki gott ástand fyrir okkar sjúklinga."

Fjórar skurðstofur eru í Orkuhúsinu í Urðarhvarfi, þar eru daglega gerðar á bilinu sjö til ellefu aðgerðir á hverri stofu.

„Við erum búin að hafa samband við sjúklinga á fullu og fólk er mjög ósátt. Stór hluti er fólk sem er mjög kvalið og er búið að bíða lengi eftir aðgerð," segir hún. Í sumum tilfellum geti fólk ekki stundað atvinnu sína nema það komist í aðgerð.

> **Ekkert bendir til þess að okkar starfsemi valdi álagi, heldur þveröfugt erum við að létta álagi af spítalanum.**
>
> Dagný Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Orkuhússins



„Ekkert bendir til þess að okkar starfsemi valdi álagi, heldur þveröfugt erum við að létta álagi af spítalanum," segir Dagný. „Hér starfa læknar sem eru sérmenntaðir í því hvernig varast má sýkingar, sama á við um hjúkrunarfræðingana og sjúkraliðana, ef það er ekki fólk sem á að kunna að valda ekki sýkingum og öðru, hverjir þá? Ég tel mjög skrítið að það sé lokað á þá." – ab / sjá síðu 6

Gerendur vilja fara í meðferð

COVID-19 Síðustu mánuði hefur aðsókn aukist mikið í meðferð fyrir gerendur heimilisofbeldis. Andrés Proppé Ragnarsson sálfræðingur rekur verkefnið Heimilisfrið þar sem fólki sem beitir heimilisofbeldi er veitt meðferð. Hann telur að ástæðuna fyrir aukningunni megi rekja til kórónaveirufaraldursins sem og aukinnar umræðu um ofbeldi í samfélaginu.

Andrés segist finna fyrir að vandamálin séu djúpstæðari. Flestir þeirra sem leita til Heimilisfriðar eru einstaklingar sem hafa beitt maka sinn ofbeldi, um 75 prósent skjólstæðinga eru karlar og 25 prósent konur. Öll kyn segir Andrés velkomin og að til séu úrræði fyrir alla sem vilji hætta að beita hvers konar ofbeldi.

– bdj / sjá síðu 4

Veður



Austan 15-23 og rigning með köflum í dag, talsverð um tíma á Suðausturlandi og Austfjörðum. Snýst í suðaustan 8-15 seinnipartinn, fyrst sunnanlands. Hiti 2 til 7 stig. SJÁ SÍÐU 26

Erna Sif Arnardóttir, lektor við HR.

Erna hlaut 2,5 milljarða styrk

SAMFÉLAG Svefnbyltingin – þverfaglegt og alþjóðlegt rannsókna- og þróunarverkefni sem leitt er af Ernu Sif Arnardóttur, lektor við Háskólann í Reykjavík, hefur fengið vilyrði fyrir tveggja og hálfs milljarðs króna (15 milljóna evra) styrk til fjögurra ára úr Horizon 2020 rammaáætlun Evrópusambandsins, fyrir rannsóknir og nýsköpun.

Um helmingur styrksins verður nýttur til rannsókna hér á landi, sem felast meðal annars í því að byggja upp öruggan gagnagrunn með niðurstöðum úr svefnmælingum á 30 þúsund einstaklingum sem safnað verður hér á landi og víðs vegar um Evrópu.

Erna segir í samtali við Fréttablaðið styrkinn gífurlegt tækifæri og mikinn heiður fyrir sig sem vísindamann. „Styrkur af þessari stærðargráðu gerir okkur kleift að gera raunverulega umbyltingu á framkvæmd svefnrannsókna og meðferð kæfisvefns í heiminum – í takt við fjórðu iðnbyltinguna og alla þá tækniþróun sem hefur orðið á síðustu árum."

Ari Kristinn Jónsson, rektor HR, segir styrkinn staðfestingu á sterkri stöðu HR og að mikið afrek felist í því að styrkurinn hafi hlotist í fyrsta sinn sem sótt var um hann, samkeppnin um slíka styrki sé bæði hörð og mikil. „Við erum afskaplega stolt af þessum árangri." **– bdj**

Viljayfirlýsing um metansölu

METAN Malbikstöðin og Fagverk hafa undirritað viljayfirlýsingu við Sorpu um kaup og sölu á allt að milljón normalrúmmetrum af hreinsuðu metangasi á ári. Það samsvarar tæplega helmingi af afkastagetu Gaju, gas- og jarðgerðarstöðvar Sorpu.

» Það samsvarar tæplega helmingi af afkastagetu gas- og jarðgerðarstöðvar.

Með yfirlýsingunni lýsa Malbikstöðin, Fagverk og Sorpa yfir ætlun sinni til að starfa saman að því að á komist bindandi samningur þeirra á milli um viðskipti með metan um mitt næsta ár. Helgi Þór Ingason, framkvæmdastjóri Sorpu, segir að töluverð eftirspurn sé eftir metangasi frá Gaju. „Við erum stolt af því og það er okkur heiður að styðja við framleiðslu á því sem gæti orðið grænasta malbik í heimi." **– bþ**

Jólaljósin brátt tendruð

Starfsmenn Reykjavíkurborgar voru í óðaönn að hengja upp jólaskreytingar á Laugavegi þegar ljósmyndari Fréttablaðsins átti leið hjá í gær. Óhætt er að fullyrða að birtan frá jólaljósunum verði kærkomin nú þegar skammdegið sækir á og óvissa vegna COVID-19 eykst. FRÉTTABLAÐIÐ /SIGTRYGGUR ARI

Þurfa greiningu til að leigja sér hljóðbækur

Innflytjendur í íslenskunámi sem kjósa að hlusta á íslenskar bækur í staðinn fyrir að lesa texta geta ekki nýtt sér Hljóðbókasafnið. Þörf er á greiningu frá fagaðila um ástæða þess að umsækjandi geti ekki nýtt sér prentað letur.

MENNTUN Hljóðbókasafn Íslands þjónar samkvæmt lögum eingöngu þeim sem ekki geta nýtt sér prentað letur og þeir innflytjendur sem vilja nýta sér safnið þurfa því að skila inn umsóknareyðublaði ásamt undirrituðu vottorði, um að greining liggi fyrir, frá fagaðila, þar sem kemur skýrt fram ástæða þess að umsækjandi geti ekki nýtt sér prentað letur.

Fréttablaðið fjallaði í gær um metaðsókn í íslenskunám í haust, en þeir sem eru ekki með greiningu geta ekki nýtt sér bókasafnið, þó mörgum finnst betra að hlusta á íslensku en að lesa hana.

„Ekki er litið á erfiðleika með tungumál sem prentleturshömlun og því falla þeir sem eru að læra íslensku ekki undir lögin," segir Marín Guðrún Hrafnsdóttir, forstöðumaður Hljóðbókasafns Íslands.

Hún segir ástæðuna fyrir því að vottorða sé krafist þá að þetta sé sérstætt bókasafn og ætlað að gera bækur aðgengilegar fyrir þá sem ekki geta nýtt sér önnur almenningsbókasöfn. Safnið hét áður Blindrabókasafn Íslands.

„Það er rétt að bókasöfn gegna þeirri meginskyldu og lýðræðishlutverki að greiða aðgang að upplýsingum og til þess að blindir, sjónskertir og lesblindir geti haft slíkan aðgang að bókum og upplýsingum var Blindrabókasafnið sett á laggirnar. Síðan var nafni stofnunarinnar breytt í Hljóðbókasafn Íslands," segir hún.

Fram kom í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins nýverið að nærri fjögur þúsund Pólverjar væru á atvinnuleysisskrá á Íslandi. Var þá rætt við pólska konu sem segist stöðugt sækja um vinnu en það gangi erfiðlega að sækja um þar sem hún tali ekki reiprennandi íslensku. En hún má ekki hlusta á Njálu, hún verður að lesa hana – nema hún sé með greiningu.

benediktboas@frettabladid.is

Metaðsókn hefur verið í íslenskukennslu fyrir innflytjendur hjá Retor fræðslu. Nemendur geta ekki nýtt sér Hljóðbókasafnið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

» Ekki er litið á erfiðleika með tungumál sem prentleturshömlun og því falla þeir sem eru að læra íslensku ekki undir lögin.

Marín Guðrún Hrafnsdóttir, forstöðumaður Hljóðbókasafns Íslands

Úr bókasafnslögum

- Bókasöfn eru þjónustustofnanir sem starfa í þágu almennings og eigenda sinna og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Sameiginlegt markmið bókasafna, sem undir lög þessi falla, er að veita aðgang að fjölbreyttu safnefni og upplýsingum á mismunandi formi. Þau skulu efla menningar- og vísindastarfsemi, menntun, símenntun, atvinnulíf, íslenska tungu, ánægjulestur og upplýsingalæsi.
- Hlutverk Hljóðbókasafns Íslands er að sjá þeim sem ekki geta fært sér venjulegt prentað letur í nyt fyrir bókasafnsþjónustu með miðlun á fjölbreyttu safnefni, þar á meðal námsgögnum, í sem bestu samræmi við óskir og þarfir notenda.

7 VERSLANIR
& VIÐ SENDUM VÖRUR UM ALLT LAND

VOTTAÐIR HÁGÆÐA

VARAHLUTIR

SÍÐAN 1962

VARAHLUTIR OG BÍLAVÖRUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI

Reykjavík
Dvergshöfði 2, 110 Reykjavík
Sími: 535 9000
Opnunartími: Mán - fös: 8 - 18 **Lau:** 10 - 16

Reykjavík
Vatnagarðar 12, 104 Reykjavík
Sími: 535 9000
Opnunartími: Mán - fös: 8 - 18 **Lau:** 10 - 14

Hafnarfjörður
Dalshrauni 17, 220 Hafnarfirði
Sími: 555 4800
Opnunartími: Mán - fös: 8 - 18 **Lau:** 10 - 14

Selfoss
Hrísmýri 7, 800 Selfossi
Sími: 482 4200
Opnunartími: Mán - fös: 8 - 18 **Lau:** 10 - 14

Reykjanesbær
Hafnargata 52, 260 Reykjanesbæ
Sími: 421 7510
Opnunartími: Mán - fös: 8 - 18 **Lau:** 10 - 14

Akureyri
Furuvellir 15, 600 Akureyri
Sími: 535 9085
Opnunartími: Mán - fös: 8 - 18 **Lau:** 10 - 14

Egilsstaðir
Sólvangur 5, 700 Egilsstaðir
Sími: 471 1244
Opnunartími: Mán - fös: 8 - 18 **Lau:** 10 - 14

KÍKTU Á VÖRUÚRVALIÐ Á **www.bilanaust.is**

VIÐ SENDUM UM ALLT LAND

HRINGIÐ TIL AÐ PANTA EÐA
SENDIÐ TÖLVUPÓST Á
bilanaust@bilanaust.is

Bílanaust

Á FULLRI FERÐ

Ekki verður lokað á nein börn með afgreiðslu á skólamat

VELFERÐARMÁL „Við finnum fyrir mikilli aukningu í beiðnum sem til okkar koma," segir Sigríður Rut Jónsdóttir, formaður Hróa hattar barnavinafélags. En líkt og Fréttablaðið greindi frá síðastliðinn þriðjudag hafa grunnskólar í Reykjanesbæ sótt um styrk til Hróa hattar fyrir 14 nemendur vegna greiðslu skólamáltíða. Sigríður segir að bæði sé aukning í beiðnum vegna greiðslu skólamáltíða og skólaferðalaga.

„Við erum að fá beiðnir af öllu landinu en sjáum samt svæðaskiptingu í þessu. Það virðist vera þannig að sum sveitarfélög séu betur til þess fallin að klára þessi mál en önnur," segir Sigríður. „En við tökum glöð við öllum þessum beiðnum og erum ánægð með það að geta hjálpað."

Valgerður Björk Pálsdóttir, formaður fræðslusviðs Reykjanesbæjar

Valgerður Björk Pálsdóttir, formaður fræðslusviðs Reykjanesbæjar, segir að þeim sem ekki hafi staðið í skilum með greiðslur vegna skólamáltíða hafi ekki fjölgað, heldur sé fjöldinn svipaður og síðastliðin ár.

Fram hafi komið á fundi fræðsluráðs í síðustu viku að loka hafi þurft 12 áskriftum en samkvæmt uppfærðum upplýsingum frá Skólamat, sem sér um skólamáltíðir í grunnskólum bæjarins, hafi þurft að tilkynna foreldrum um lokun fimm áskrifta það sem af er skólaári. Það séu tölur sem svipi til síðustu ára.

Hún segir þó að ekki verði lokað á nein börn með afgreiðslu á mat. „Reykjanesbær hefur greitt fyrir áskriftirnar út október, svo hafa skólarnir sótt um styrk til Hróa hattar." – **bdj**

Aðeins í Svíþjóð starfa fleiri við íþróttir og hreyfingu en á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fleiri starfa við íþróttir á Íslandi

ATVINNULÍF Ísland hefur hlutfallslega næstflesta íþróttaþjálfara og annað starfsfólk sem vinnur að íþróttum og hreyfingu í Evrópu. Kemur þetta fram í nýjum gögnum Tölfræðistofnunar Evrópusambandsins. Á Íslandi er hlutfallið meira en 450 á hverja 100 þúsund vinnufæra íbúa, en meðaltal álfunnar er 210. Aðeins Svíar hafa fleiri þjálfara, en þar er hlutfallið rúmlega 580 á hverja 100 þúsund.

Í Evrópu hefur þjálfurum og íþróttastarfsfólki fækkað um 6 prósent í faraldrinum.

Meðal þeirra ríkja þar sem hlutfallið er lægst má nefna Pólland og Rúmeníu, en Belgar verma botnsætið með aðeins 80 þjálfara á hverja 100 þúsund. Í tölunum kemur einnig fram að þjálfurum og öðru íþróttamiðuðu starfsfólki hafi fækkað um 6 prósent síðan COVID-19 faraldurinn hófst. Mest fækkun er hjá konum á aldrinum 15 til 34 ára, alls 18 prósent.

Mikill fjöldi þjálfara, og sérstaklega menntaðra þjálfara, hefur verið nefndur sem einn af lykilþáttunum í Íslenska forvarnamódelinu. En með aukinni áherslu á faglegt íþróttastarf hefur áhættuhegðun unglinga, svo sem drykkja og fíkniefnaneysla, verið á miklu undanhaldi síðustu áratugi. – **khg**

Aukin aðsókn í meðferð fyrir gerendur heimilisofbeldis

Andrés Proppé Ragnarsson sálfræðingur segir mikla aukningu í meðferð fyrir gerendur heimilisofbeldis. Ástæðan sé bæði kórónaveirufaraldurinn og aukin umræða um ofbeldi. Málin séu þyngri sem og undirliggjandi vandamál. Úrræði séu til fyrir alla þá sem vilji hætta að beita hvers kyns ofbeldi.

COVID-19 „Það hefur verið mikil aukning í heimilisofbeldisviðtölum síðustu mánuði, nánast hundrað prósenta aukning," segir Andrés Proppé Ragnarsson sálfræðingur. Hann rekur verkefnið Heimilisfrið þar sem fólki sem beitir heimilisofbeldi er veitt meðferð. Á fyrstu þremur mánuðum ársins voru veitt að jafnaði 62 viðtöl á mánuði hjá Heimilisfriði, en síðustu þrjá mánuði hafa þau verið vel yfir hundrað á mánuði.

Hann segir aukninguna að hluta mega rekja til kórónaveirufaraldursins en að aðrir þættir spili inn í. „Það hefur verið mikil umræða um heimilisofbeldi undanfarið, ásamt því að við höfum verið sýnilegri," segir Andrés. „Vonandi er stærri hluti af menginu að skila sér til okkar, maður vonar það," bætir hann við.

„Við sem sinnum þessum málum finnum fyrir auknum þunga í þeim málum sem til okkar koma. Vandamálin virðast þyngri og það er meira um undirliggjandi vandamál, til að mynda aukinn kvíða," segir Andrés.

Flestir þeirra sem leita til Heimilisfriðar eru einstaklingar sem hafa beitt maka sinn ofbeldi, um 75 prósent skjólstæðinga eru karlar og 25 prósent konur. Öll kyn segir Andrés velkomin og að til séu úrræði fyrir alla sem vilji hætta að beita hvers konar ofbeldi.

Í aðgerðaáætlun ofbeldisvarnanefndar, sem kynnt var á fundi nefndarinnar í síðustu viku, kemur fram að unnið hafi verið að kortlagningu þeirrar meðferðar sem í boði er fyrir gerendur, hana veiti Heimilisfriður. Viðtölin séu niðurgreidd af félagsmálaráðuneytinu,

Andrés segir þau börn sem alist upp við andlegt ofbeldi verði alltaf fyrir skaða ekki síður en þau sem búi við líkamlegt ofbeldi. Andlega ofbeldið getur í sumum tilvikum valdið meira langvarandi skaða. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Menn eru líka að átta sig á alvarleika andlegs ofbeldis fyrir lýðheilsu fólks.

Andrés Ragnarsson sálfræðingur

en hvert viðtal kostar einungis 3.000 krónur fyrir skjólstæðinginn.

Í áætluninni kemur einnig fram að heildarúttekt hafi verið gerð á starfsemi Heimilisfriðar á árunum 2013 og 2014 og að niðurstöður hafi sýnt að meðferðin skilaði árangri, „þó meiri í tengslum við líkamlegt ofbeldi en andlegt ofbeldi".

Aðspurður hvort slíkt hið sama eigi við nú, segist Andrés vona að breytingar hafi orðið á, umræðan um alvarlegar afleiðingar andlegs ofbeldis hafi hlotið meiri hljómgrunn síðustu ár. „Við höfum lagt gríðarlega áherslu á það að efla meðferð fyrir þá sem beitt hafa andlegu ofbeldi og ég vona að það hafi skilað sér," segir hann.

„Menn eru líka að átta sig á alvarleika andlegs ofbeldis fyrir lýðheilsu fólks og það er alltaf verið að rannsaka það betur og betur, niðurstöðurnar sýna að andlegt ofbeldi getur valdið alveg jafn miklum skaða og líkamlegt ofbeldi og í sumum tilfellum meira langvarandi skaða," segir Andrés og bætir við að börn sem alist upp við andlegt ofbeldi verði alltaf fyrir skaða, ekki síður en þau sem búi við líkamlegt ofbeldi.

Þá segir Andrés að þrátt fyrir aukna aðsókn í þjónustu til Heimilisfriðar sé vel hægt að taka á móti öllum þeim sem sækist eftir þjónustunni. Vel sé hugað að öllum sóttvörnum og að tveggja metra reglunni sé fylgt.

birnadrofn@frettabladid.is

bauhaus.is

BAUHAUS®

Lýsum upp veturinn með fallegum ljósum!

nordlux
Verona LED loftljós
Þv. 40 cm. Ljósapera fylgir ekki. E27-perustæði, hám. 1 x 40W. Litur: Opal

14.995.-

5.995.-

Umea LED útiveggljós
10 x 10 x 10 cmm. 8W LED ljósapera fylgir. 520 lumen. 3000 kelvin. Koksgrátt.

9.995.-

Kinver LED útiveggljós
Hæð 9 cm. Lengd 17,5 cm. Með 6W LED-peru. 570 lúmen. 3000 kelvin. Fæst í hvítu og svörtu.

26.995.-

Moneva-C LED loftljós
Þv.40,5 cm. 1 x 18W LED ljósapera fylgir. 2300 lumen. 2700 - 6500 kelvin. Svart/hvítt. Með RGB. Hægt að stjóra ljósinu í gegnum app eða með fjarstýringu.

34.895.-

Cher Hue LED loftljós
Þv. 47,5 cm. 1 x 38W LED ljósapera fylgir. 3000 lumen. 2200 - 6500 kelvin. Fæst í svörtu og hvítu. Ljósið er hægt að tengja með snjall-einingu í gegnum Philips Hue brú (fylgir ekki með) eða með því að nota dimmer swich (fylgir með).

LED-ljósborðar
Með LED-ljósum. Ýmsar lengdir í boði. Með og án ljósaskipta. Til notkunar innandyra.

VERÐ FRÁ **4.995.-**

Hefur þú séð nýja BAUHAUS blaðið?

VIÐ FYLGJUM SÓTTVARNARREGLUM, NÓG PLÁSS HJÁ OKKUR, VIÐ BERUM ÖLL ÁBYRGÐ!



Smart Home

Smart Home lausnir hjálpa þér við að hafa stjórn á ýmsum hlutum heimilisins á einfaldan hátt, t.d. hita, lýsingu og öryggskerfi, svo eitthvað sé nefnt. Þú færð aðgang að því sem þú kýst og getur svo auðveldlega stjórnað og vaktað með app-i sem þú nærð í, þér að kostnaðarlausu. Smart Home lausnin gefur þér tækifæri til að auka öryggi heimafyrir og á sama tíma bæði sparað tíma og orkunotkun.

VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

Með fyrirvara um myndbrengl, prentvillur, mistök hjá birgjum og uppseldar vörur. Verð er með vsk. Tilboðin gilda aðeins til og með föstudeginum 20. nóvember, meðan birgðir endast.

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800
upplysingar@bauhaus.is - www.bauhaus.is

Ekki verið stuðst við gögn um að aðgerðir auki álag á Landspítala

HEILBRIGÐISMÁL Í fyrirmælum landlæknis sem staðfest voru af ráðherra á mánudaginn, segir að brýn nauðsyn sé að forgangsraða í ljósi alvarlegrar stöðu Landspítalans. Neyðarstigi var lýst yfir um helgina og í gær lágu 58 sjúklingur á spítalanum með COVID-19.

Lokað var fyrir allar valkvæðar aðgerðir í fyrstu bylgju faraldursins. Í fyrirmælunum nú, sem gilda til 15. nóvember, eru heimilaðar aðgerðir með staðdeyfingu en ekki svæfingu.

Meðal aðgerða sem þurfa að bíða eru krossbanda- og axlaraðgerðir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tekið er fram að heimilt sé að gera bráðaaðgerðir sem geti ekki beðið í átta vikur. Valkvæðar aðgerðir geti kallað á komur á bráðamóttöku eða innlögn á spítalann sem auki álag.

Dagný Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Orkuhússins, segir að ekki hafi verið sýnt fram á gögn um nauðsyn þess að loka á aðgerðirnar.

„Það er ekki stuðst við nein gögn. Það eru engar tölur um það að starfsemi okkar valdi álagi á spítalana. Einu tölulegu gögnin sem við vitum

> **Tekið er fram að heimilt sé að gera bráðaaðgerðir sem geti ekki beðið í átta vikur.**

um er rannsókn sem var gerð á árunum 2012 til 2015 á tíðni sýkingar í speglunum hjá okkur, hún var 0,2 prósent, sem er langt undir viðmiði og mjög góður árangur. Það er ekki þar með sagt að þessir fáu sjúklingar hafi þurft að leggjast inn á spítala," segir Dagný.

„Breytingin frá því í fyrri lokun er að nú megum við gera aðgerðir með staðdeyfingu. Það er aðeins lítið brot, við náum stundum að hafa eina stofu opna. Þannig náum við að leysa vandamál hjá nokkrum. Það er talað um ífarandi aðgerðir, það er ekki skilgreint hvað það þýðir nákvæmlega og hafa menn mismunandi skilning á því," segir Dagný enn fremur. **– ab**

Forsíða Charlie Hebdo hefur vakið reiði múslima. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Tyrkir æfir út í Charlie Hebdo

FRAKKLAND Í nýjasta tölublaði franska skopmyndablaðsins Charlie Hebdo er mynd á forsíðunni af Recep Erdogan, forseta Tyrklands, á brókinni að drekka bjór og toga upp um konu svo sést í bakhluta hennar. Textinn segir að Erdogan sé fyndinn í einrúmi og svo í talblöðru: Oooouuh, spámaðurinn!

Að drekka áfengi er eitt en að gera grín að Múhameð spámanni er annað. Tyrkir hafa brugðist ókvæða við og hefur teiknimyndin aukið mjög á spennu milli landanna, sem voru þó stirð fyrir.

„Við fordæmum eindregið útgáfu er varðar forseta okkar í franska tímaritinu, sem ber enga virðingu fyrir trú okkar og gildum," skrifaði talsmaður Erdogans, Ibrahim Kalin, á Twitter.

Samkvæmt Anadolu, ríkisútvarpi Tyrkja, ætlar embætti saksóknara að hefja rannsókn á stjórnendum Charlie Hebdo enda er það glæpur að móðga forsetann og varðar það allt að fjögurra ára fangelsi.

Erdogan sjálfur sagðist ekki hafa séð útgáfuna en sagði að reiði sín beindist gegn blaðinu því þetta væri jú sama blað og hefur móðgað spámanninn áður eins og frægt er. „Ég hef ekkert að segja við þessi illmenni sem vilja móðga minn ástkæra spámann á þennan hátt," sagði Erdogan á tyrkneska þinginu.

Fjöldi fólks safnaðist fyrir framan franska sendiráðið í Teheran, kveikti í franska fánanum og hrópaði ókvæðisorð að Frökkum. Imran Khan, forsætisráðherra Pakistans, skrifaði bréf til annarra múslímaríkja og lýsti áhyggjum sínum af því háði sem Múhameð spámaður íslams verði fyrir í hinum vestræna heimi.

Leiðtogar múslímaríkja sögðu margir hverjir að árásir á íslam á Vesturlöndum væru óþolandi á meðan ríkisstjórn Emmanuel Macron Frakklandsforseti hét því að verja tjáningarfrelsið. **– bb**

Takmarkið að norðurslóðir verði áfram lágspennusvæði

Ráðherrar Norðurlandanna funduðu í gær í tilefni af þingi Norðurlandaráðs. Skýrsla sem Björn Bjarnason vann fyrir Norrænu ráðherranefndina var rædd í þaula. Utanríkisráðherra segir alla á fundinum hafa verið sammála um ágæti skýrslunnar sem verður vonandi stefnumótandi plagg á næstu árum.

UTANRÍKISMÁL Utanríkis-, þróunar- og varnarmálaráðherrar Norðurlandanna funduðu í gær í tilefni af þingi Norðurlandaráðs. Var þar meðal annars rætt um varnarmál í víðum skilningi, loftslagsmál, þróunarsamstarf og heimsfaraldurinn.

Hvað varnarmálin varðar var mikið rætt um skýrslu sem Norræna ráðherranefndin fól Birni Bjarnasyni að vinna á síðasta ári og var skilað í sumar. Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra segir alla á fundinum hafa verið sammála um ágæti skýrslunnar enda liggi mikið samráð og 80 fundir víðs vegar um Norðurlönd að baki. Er hann vongóður um að skýrslan verði stefnumótandi plagg á komandi árum en Danir fá nú það hlutverk að greina tillögurnar og finna leiðir til að koma þeim í framkvæmd.

Er þar meðal annars rætt um loftslagsmálin, netöryggi og stigvaxandi spennu á norðurslóðum, vegna sóknar Rússa og Kínverja á svæðinu. Til að mynda hefur rússneskum kjarnorkukafbátum fjölgað í norðurhöfum. „Takmark Norðurlandanna er að halda norðurslóðum áfram lágspennusvæði eins og þær hafa verið. Þessi staða er ekki tilkomin af góðu og engin tilviljun að hér hafa verið stórar heræfingar Atlantshafsbandalagsins í samstarfi við Svía og Finna," segir Guðlaugur.

Þá séu menn einnig vakandi yfir opnun siglingaleiðarinnar norðan við Rússland. Er það 40 prósent stytting siglingaleiðarinnar milli Evrópu og Asíu. „Þetta er gjörbreytt staða og við þurfum að vera vakandi því þó að tækifæri felist í opnuninni fylgja henni einnig ógnir."

Aðspurður um mikilvægi norræns varnarsamstarfs segir Guðlaugur það stigvaxandi. Hann segir það styrk að sum Norðurlöndin séu í Atlantshafsbandalaginu og önnur í Evrópusambandinu. „Þetta breikkar okkur og gerir okkur kleift að hafa áhrif víðar en ella. Í víðu samhengi hafa Norðurlöndin sömu hagsmuna að gæta í öryggis- og varnarmálum og mikill samhljómur um það," segir hann.

Stigvaxandi spenna er á norðurslóðum vegna sóknar Rússa og Kínverja á svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

> **Þetta breikkar okkur og gerir okkur kleift að hafa áhrif víðar en ella.**
>
> Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra

Guðlaugur segir að samstarf utanríkisráðherra Norðurlandanna hafi aldrei verið meira en núna vegna heimsfaraldursins, þó að flestir fundir fari fram rafrænt. „Samstarfið gekk einstaklega vel þegar kom að því að koma fólkinu okkar heim, þá unnu Norðurlöndin eins og einn maður," segir hann. „En það hafa vissulega komið upp hnökrar, sérstaklega þegar kom að lokun landanna í vor. Einnig þegar komið hefur að opnun á nýjan leik. Við tölum hreinskilnislega um það og lærum."

Í gær var einnig rætt um Norræna þróunarsjóðinn sem verður efldur um 350 milljónir evra, eða tæplega 60 milljarða króna. Hlutur Íslands er 1,5 prósent sem gera tæplega 900 milljónir króna. Sjóðurinn veitir bæði styrki og lán til loftslagstengdra þróunarverkefna í fátækustu ríkjum Afríku, Asíu og Rómönsku-Ameríku.

Guðlaugur telur að samstarfið í sjóðnum muni efla Norræna samvinnu og styrkja Norðurlöndin á alþjóðasviðinu. „Sjóðurinn gegnir mikilvægu hlutverki til að styðja við endurreisn þróunarlanda vegna faraldursins og stuðlar að því að heimsmarkmiðum í loftslagsmálum verði náð," segir hann og nefnir til dæmis jarðhitaverkefni sem Íslendingar hafa komið að í Austur-Afríku. Þetta styðji því einnig við íslenskt atvinnulíf og íslensk fyrirtæki sem starfa á vettvangi loftslags og þróunarmála. **kristinnhaukur@frettabladid.is**

GEGGJAÐAR KRAKKABÆKUR!

Frábær skemmtun fyrir krakka á öllum aldri eftir hinn góðkunna grínsnilling David Walliams.

Ísskrímslið
TILBOÐSVERÐ: 3.799.-
Verð: 4.499.-

Verstu kennarar í heimi
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð: 3.999.-

Milljarðastrákurinn
TILBOÐSVERÐ: 3.799.-
Verð: 4.499.-

ÓMISSANDI SKEMMTUN!

Framúrskarandi fyrirtæki 2014 2020

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboðsverð gilda til og með 2. nóvember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Óttast að borgarastyrjöld brjótist út

Umdeildur dómur stjórnarskrárdómstóls Póllands um að samþykkja bann við þungunarrofi hefur komið af stað fjölmennri mótmælaöldu í landinu. Stjórnvöld eru sögð ala á sundrungu og talið að raunveruleg hætta sé á að borgarastyrjöld brjótist út í landinu.

PÓLLAND Mótmælaalda hefur riðið yfir Pólland undanfarna sjö daga í kjölfar þess að pólski stjórnarskrárdómstóllinn samþykkti í síðustu viku að eingöngu yrði heimilt að framkvæma þungunarrof ef líf móður væri í hættu eða ef kona yrði barnshafandi eftir nauðgun eða sifjaspell.

Algengasta ástæða fyrir þungunarrofi í Póllandi á síðasta ári var fósturgallar. Á síðastliðnum árum hefur þungunarrof í 98 prósentum tilvika verið framkvæmt þar sem fóstur þótti ekki lífvænlegt. Dómstóllinn komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að ekki væri hægt að skilyrða líf fósturs við heilsu þess.

Í kjölfarið hafa blossað upp hörð mótmæli í Póllandi sem og í samfélögum Pólverja um allan heim. Í Póllandi hafa mótmælendur meðal annars lokað fyrir bílaumferð, skipulagt mótmæli fyrir framan kirkjur og truflað messur. Í gær, þriðjudag, skipulögðu mótmælendur verkfall kvenna víða um Pólland, í mörgum tilvikum með leyfi vinnuveitenda.

Brynja Hjálmsdóttir rithöfundur er búsett í Kraká, skammt frá aðalsamkomustað mótmælenda í borginni, og lýsir því að hafa heyrt beljandi sírenuvæl, háreysti, trommuslátt og þyrlulæti daglega síðastliðna daga.

Hörð mótmæli hafa verið víða um Pólland undanfarna viku. Stjórnvöld eru sögð ala á sundrungu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> **Stjórnvöld í Póllandi eru meðvitað að reyna að sundra þjóðinni.**
>
> Sajja Justyna Grosel

„Það var mikið grátið á heimilinu núna síðasta miðvikudag, þegar þessum furðulegu reglum var troðið gengum þingið," segir Brynja.

Kvenréttindasamtökin Dziewuchy Islandia hafa staðið fyrir mótmælum við pólska sendiráðið hér á landi síðastliðna viku þar sem þungunarrofslögunum er harðlega mótmælt. Einn af skipuleggjendunum, Sajja Justyna Grosel, segist finna fyrir mikilli samstöðu meðal Pólverja á Íslandi en að staðan í heimalandinu sé afar eldfim.

„Stjórnvöld í Póllandi eru meðvitað að reyna að sundra þjóðinni og hvetja fylgismenn sína til þess að standa uppi í hárinu á mótmælendum. Staðan er grafalvarleg og fólk óttast hreinlega að borgarastyrjöld gæti brotist út," segir Sajja. Hún segir að mótmælin séu rétt að byrja og að á föstudaginn verði skipulögð gríðarleg mótmæli í höfuðborginni, Varsjá. **bjornth@frettabladid.is**

NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR

SÝNINGARSALUR - HESTHÁLSI 6

JAGUAR LAND ROVER

RANGE ROVER Evoque SE
Nýskr. 2/2017, ekinn 59 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 5.890.000 kr.
Rnr. 431110.

JAGUAR I-PACE HSE EV400
Nýskr. 5/2019, ekinn 27 þús. km,
rafmagn, sjálfskiptur.
Verð 11.490.000 kr.
Rnr. 420507.

RANGE ROVER Autobiography P400e
Nýskr. 2/2019, ekinn 15 þús. km,
bensín/rafmagn, sjálfskiptur.
Verð 19.490.000 kr.
Rnr. 420494.

LAND ROVER Discovery 5 HSE
Nýskr. 6/2019, ekinn 23 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 13.690.000 kr.
Rnr. 420480.

MINI John Cooper Works
Nýskr. 6/2018, ekinn 31 þús. km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð 4.590.000 kr.
Rnr. 147173.

BMW X7 M50d
Nýskr. 7/2019, ekinn 11 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 22.900.000 kr.
Rnr. 420505.

APPROVED
CERTIFIED PRE-OWNED

Allir bílar sem merktir eru **APPROVED** hafa farið í gegnum gæðaferli notaðra Jaguar og Land Rover bíla.
Sjón er sögu ríkari – komdu í reynsluakstur strax í dag.

JAGUAR - LAND ROVER
Hesthálsi 6-8 / 110 Reykjavík
525 6500 / jaguarlandrover.is

ENNEMM / SÍA / NMO03032

Viltu betri svefn?

Kynnum með stolti, DÍS

Ný heilsurúm hönnuð og framleidd á Íslandi

Gæði | Þægindi | Aðlögun

Sérframleiðsla fyrir þínar þarfir.
Margar stærðir frá 70X200CM og upp í 220X220CM (eða samkvæmt máli).

Við kynnum með stolti ný heilsurúm, **„DÍS"** sem saman standa af mjög fjölbreyttu úrvali heilsurúma sem auðvelt er að laga að þínum þörfum.

Öll hráefni sem notuð eru við framleiðsluna eru vottuð með OEKO-TEX 100 umhverfisvottunninni.

Rúmin eru svæðaskipt, lagast einstaklega vel að líkamanum og veita einstaka þyngdardreyfingu. Margir möguleikar eru í boði allt frá rúmum með hágæða tunnulaga pokagormakerfi, 100% Latexi, þrýstijöfnunar- eðakaldsvampi, gerð úr hágæða **Mayan Green 100%** náttúrulatexi

Íslensk framleiðsla í 71 ár.
Lystadún Snæland - Síðan 1949
Framleitt af Vogue fyrir heimilið.

Svífðu inn í draumalandið með DÍS þinna drauma.

Nánari upplýsingar er að finna á vogue.is

LYSTADÚN SNÆLAND

Vogue FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Tíminn alveg að renna út fyrir Trump

Kjördagur í Bandaríkjunum rennur upp eftir fimm daga en samkvæmt könnunum er staða Joes Biden, forsetaframbjóðanda Demókrata, sterkari en Donalds Trump Bandaríkjaforseta. Færri leiðir að embættinu eru til staðar fyrir Trump en fyrir Biden.

BANDARÍKIN Aðeins fimm dagar eru nú í að kjördagur renni upp í Bandaríkjunum þar sem kosið verður um næsta forseta Bandaríkjanna, alla fulltrúadeild Bandaríkjaþings og 35 sæti af 100 í öldungadeildinni.

Baráttan um embætti forseta Bandaríkjanna er nú milli Donalds Trump Bandaríkjaforseta og Joes Biden, fyrrverandi varaforseta Bandaríkjanna og forsetaframbjóðanda Demókrata. Bandaríska þjóðin kýs þó ekki forseta beint heldur er í gildi kjörmannakerfi í Bandaríkjunum, þar sem kjósendur kjósa kjörmenn sem síðan kjósa forseta.

Til að vinna forsetakosningarnar þarf forsetaframbjóðandi að ná að minnsta kosti 270 kjörmönnum í heildina. Kannanir benda til að staða Bidens sé sterkari en Trumps, bæði á landsvísu og í svokölluðum barátturíkjum.

Flestir skoðanakönnuðir eru sammála um að 13 ríki séu mikilvægust í ár, en 20 ríki og þrjú af fjórum sætum í Nebraska eru talin líkleg eða örugg fyrir Repúblikana, alls 125 kjörmenn, á meðan 17 ríki, Washington D.C. og þrjú af fjórum sætum í Maine eru talin líkleg eða örugg fyrir Demókrata, alls 212 kjörmenn.

Af ríkjunum sem barist er um hallast sjö ríki og ein sýsla í Nebraska, 78 kjörmenn í heildina, að Demókrötum á meðan eitt ríki, með 38 kjörmenn í heildina, hallast að Repúblikönum. Í fimm ríkjum og einni sýslu í Maine, með 85 kjörmenn í heildina, eru líkurnar jafnar. Flest ríkin sem barist er um í dag eru ríki sem Trump vann árið 2016, en einnig er barist um nokkur ríki sem Clinton vann naumlega.

Þrjú stærstu ríkin sem barist er um í kosningunum í ár eru Pennsylvanía, Flórída og Texas, en samanlagt er þar um að ræða 87 kjörmenn sem Trump tók árið 2016. Samkvæmt könnunum mælist Biden aðeins sterkari í Pennsylvaníu, Trump mælist aðeins sterkari í Texas, og jafnar líkur eru í Flórída, þar sem rétt rúmlega eitt prósent er á milli fylgi Bidens og Trumps.

Ef Trump tapar Flórída eða Pennsylvaníu minnka líkur hans á sigri verulega, ef hann tapar Texas er nánast öruggt að Biden sigri. Ef Biden aftur á móti tapar Flórída eða Pennsylvaníu minnka líkurnar á sigri Bidens, en hann gæti enn unnið ef hann nær öðrum ríkjum. Það eru því fleiri leiðir að embættinu fyrir Biden en fyrir Trump.

Eins og staðan er í dag hafa yfir 75 milljón manns greitt atkvæði sín til forseta, rúmlega helmingur af heildarkjörsókn árið 2016, en sögulega séð er mikil kjörsókn ekki góðs viti fyrir sitjandi forseta. Engu að síður er ekkert öruggt í kosningunum í ár, allt getur gerst og mun aðeins tíminn leiða í ljós hver næsti forseti Bandaríkjanna verður.

fanndis@frettabladid.is



Joe Biden, frambjóðandi Demókrata, mælist nú betur í könnunum en Donald Trump forseti, bæði á landsvísu og í barátturíkjum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Fylgi í þremur stærstu barátturíkjunum



Áætlaðir kjörmenn



FRÉTTABLAÐIÐ
Meira á frettabladid.is

Uppbygging
íbúða í borginni og Græna planið

Fáðu nýjustu upplýsingar um uppbyggingu nýrra íbúða í Reykjavík með áherslu á þær framkvæmdir sem eru í gangi og hvað er í framundan í uppbyggingu í borginni.

Græna planið verður kynnt og sagt frá því hvernig borgin mun sækja fram með kraftmikilli fjárfestingu með umhverfislega, fjárhagslega og félagslega sjálfbærni að leiðarljósi.

Dagskrá:

- Græna planið og húsnæðisuppbyggingin
  Dagur B. Eggertsson borgarstjóri
- Staða og horfur á fasteignamarkaði í Reykjavík
  Þröstur Sigurðsson, Arcur
- Ártúnshöfði og Elliðaárvogur:
  Nýr og grænn borgarhluti í mótun
  Sigurbjörg Helga Gunnbjörnsdóttir, Arkís
- Meiri borg, kröftugur og sjálfbær vöxtur til langrar framtíðar
  Ólöf Örvarsdóttir og Haraldur Sigurðsson, Umhverfis- og skipulagssviði

Kynnir: Björg Magnúsdóttir

Streymt á reykjavik.is/ibudir

Bein útsending
föstudaginn 30. október kl. 9-11

Skógræktarfélag Reykjavíkur

EITT TRÉ Á DAG Í 10 ÁR

Vogue fyrir heimilið gerði á sumarmánuðum 2020 samning við Skórækt Reykjavíkur um gróðursetningu á 3.650 trjám í landi Heiðmerkur, eða sem nemur einu gróðursettu tré á hverjum degi næstu 10 árin.

Gróðursetningin hóft í sumar og mun standa næstu 10 árin.

Starfsfólk og eigendur Vogue fyrir heimilið vilja með þessu sýna samfélagslega ábyrgð í verki og þakka um leið fyrir ánægjulegt samstarf við íslensk heimili síðustu ár - og um ókomna framtíð.

Umhyggja fyrir náttúrunni er mikilvæg og enn mikilvægara er að hugsa ekki bara um að gera eitthvað, heldur gera það.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Vill að fyrirsjáanleiki sóttvarna verði aukinn

Mikilvægt er að fyrirsjáanleiki sóttvarnaaðgerða verði meiri, svo Ísland eigi möguleika á því að taka á móti ferðamönnum á næsta ári, að sögn Boga Nils Bogasonar, forstjóra Icelandair Group.

Bogi var einn frummælenda á netráðstefnu Ferðamálastofu í gær. Bogi segir að flugfélagið hafi þegar útbúið flugáætlun fyrir sumarið 2021: „Til þess að hún gangi eftir og til þess að komi hingað einhverjir ferðamenn, þá verður að vera einhver fyrirsjáanleiki hvað varðar reglur á landamærunum hér á Íslandi. Ef að reglurnar verða óbreyttar eins og þær eru í dag og það er það sem okkar samstarfsaðilar úti í heimi gera ráð fyrir, þá mun okkur ekki takast að selja neinum ferðamanni að koma til landsins," sagði forstjórinn.

Ef reglurnar verða óbreyttar eins og þær eru í dag, og það er það sem samstarfsaðilar úti í heimi gera ráð fyrir, þá mun okkur ekki takast að selja neinum ferðamanni að koma til landsins.

Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair

Hann lagði einnig áherslu á það að mikilvægt væri að koma fyrirkomulagi sóttvarna á hreint sem fyrst, enda væru ferðaþjónustuaðilar úti í heimi að skipuleggja næsta sumar um þessar mundir. Bogi sagði að ferðamenn gætu til dæmis framvísað skimunarvottorði frá heimalandinu við komu til Íslands, farið í aðra skimum við komu og fengið niðurstöðu eftir nokkra klukkutíma: „Við gætum þá sagt að þetta yrði í versta falli þannig næsta sumar. Það er mjög mikilvægt að þetta komi fljótt fram frá stjórnvöldum, hvernig þetta verður á næsta ári," sagði Bogi Nils.

Meðal forsendna fjárlaga ársins 2021 er að 900 þúsund ferðamenn komi til landsins á árinu, en Samtök ferðaþjónustunnar hafa sagt að tvöföld skimum á landamærunum, ásamt fimm daga sóttkví á milli, útiloki slíkt umfang ferðaþjónustu á næsta ári. – thg

Lánsfjárþörf ríkissjóðs til næstu fimm ára verður ríflega 900 milljarðar króna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sjaldan betri skilyrði fyrir erlenda lántöku

Ríkið getur sefað áhyggjur markaðarins um fjármagnsþörf með skýrum skilaboðum um erlenda lántöku. Hækkun ávöxtunarkröfu vegna þess er farin að bitna á heimilunum. Erlend lán gætu stutt við gengi krónunnar.

Skýr skilaboð um að ríkið muni fjármagna hallarekstur að hluta til með lántöku í erlendri mynt getur hjálpað til að sefa áhyggjur markaðarins af fjármagnsþörf ríkissjóðs. Skilyrði fyrir erlendri lántöku eru hagstæð og með því að skipta hluta af erlendu lánunum yfir í krónur myndi ríkissjóður styðja við gengi krónunnar.

„Í sem stystu máli væri líklega skynsamlegt að stilla slíkri erlendri fjármögnun í hóf á heildina litið, en huga að henni fljótlega," segir Jón Bjarki Bentsson, aðalhagfræðingur Íslandsbanka.

Fram kom í umfjöllun Markaðarins í gær að fá samanburðarlönd hefðu horft upp á álíka vaxtahækkun ríkisskuldabréfa og Ísland. Vaxtahækkunina, sem olli því að Íslandsbanki ákvað að hækka vexti á íbúðalánum, má meðal annars rekja til óvissu um hvernig ríkið ætli að fjármagna gífurlegan hallarekstur næstu árin.

Seðlabankinn boðaði kaup á ríkisskuldabréfum, svokallaða magnbundna íhlutun, fyrir allt að 150 milljarða í mars, en þannig vildi bankinn tryggja að fjármagnsþörf ríkisins þrýsti ekki upp vöxtum. Frá þeim tíma hefur bankinn aðeins keypt ríkisbréf fyrir um 900 milljónir.

„Það vekur nokkra furðu að Seðlabankinn hafi hingað til haldið magnbundinni íhlutun sinni á skuldabréfamarkaði nær alfarið í orði en ekki á borði. Hækkun langtíma ávöxtunarkröfu ríkisbréfa ætti að vera bankanum áhyggjuefni þar sem hún er farin að smita út í önnur lánskjör," segir Jón Bjarki sem bendir jafnframt á að lánsfjárþörf ríkissjóðs til næstu fimm ára verði ríflega 900 milljarðar króna. Skiljanlegt sé að markaðurinn hafi áhyggjur af því hvernig náð verði í allt það fé.

Fram hefur komið í máli seðlabankastjóra opinberlega að ein af þeim leiðum sem ríkissjóður gæti farið til að fjármagna umtalsverðan hallarekstur væri að skoða skuldabréfaútgáfu erlendis. Markaðurinn greindi frá því í gær að Seðlabankastjóri hefði á síðustu vikum talað fyrir því innan stjórnkerfisins og í samtölum við ráðherra að ríkið réðist í slíka erlenda fjármögnun þar sem horft væri til þess að sækja vel á annað hundrað milljarða.

Það myndi létta verulega á markaðinum að fá staðfest að ríkið ætli að fjármagna sig að hluta til með erlendum lánum.

Valdimar Ármann

Í fjármálaáætlun til næstu fimm ára var opnað á þann möguleika að fjármagna halla ríkissjóðs með lántöku í erlendri mynt. Erlendar innstæður ríkissjóðs í Seðlabanka nema nú um 220 milljörðum króna en andvirði erlendrar lántöku hefur á síðustu árum verið lagt inn í Seðlabanka sem hluta af gjaldeyrisforða en ekki verið nýtt til að fjármagna rekstur ríkissjóðs.

„Miðað við það sem hefur komið fram opinberlega og í fjölmiðlum virðist vera umræða um þennan valkost innan stjórnkerfisins og ég held að væntingar markaðarins séu farnar að endurspegla það að einhverju leyti. Engu að síður myndi það létta verulega á markaðinum að fá staðfest að ríkið ætli að fjármagna sig að hluta til með erlendum lánum," segir Valdimar Ármann, sérfræðingur í markaðsviðskiptum hjá Arctica Finance.

Jón Bjarki hjá Íslandsbanka segir heppilegt að ráðast í skuldabréfaútgáfu í erlendri mynt fyrr en seinna. „Þau lánskjör sem ríkissjóður nýtur erlendis eru býsna hagstæð þessa dagana. Þá myndi sala ríkissjóðs á gjaldeyri líklega styðja við gengi krónu, sem stjórnvöld virðast sammála um að sé í veikara lagi um þessar mundir. Í þriðja lagi væru með þessu send skilaboð inn á innlendan markað um að ríkið hefði í fleiri vasa að sækja en þá innlendu með að fjármagna halla komandi missera."

Síðasta erlenda fjármögnun ríkissjóðs var í maí þegar gefið var út skuldabréf að fjárhæð 500 milljónir evra, jafnvirði um 76 milljarða króna á þáverandi gengi, í lok maí. Nam eftirspurn um 3,4 milljörðum evra eða nærri sjöfaldri fjárhæð útgáfunnar. Fjárfestahópurinn samanstóð af seðlabönkum og öðrum fagfjárfestum, aðallega frá Evrópu.

Ávöxtunarkrafan á lengsta útistandandi skuldabréf ríkissjóðs í evrum er í kringum 0,2 prósent á markaði samanborið við 2,5 til 3,0 prósent á álíka skuldabréf í íslenskum krónum. „Ríkissjóður getur gefið út skuldabréf á sögulega lágum vöxtum erlendis og á sama tíma er krónan metin veik. Það hafa sjaldan verið betri skilyrði fyrir erlendri lántöku," segir Valdimar. Hann bætir við að erlend staða þjóðarbúsins sé sterk og enn sé til staðar viðskiptaafgangur. Þjóðarbúið hafi því burði til að taka erlent lán og greiða af því, sérstaklega í ljósi þess að væntingar eru um að ferðaþjónustan komist aftur á skrið á næstu árum og viðskiptaafgangur taki að aukast aftur.

Þótt kjör ríkissjóðs til skuldabréfaútgáfu í erlendri mynt virðist hagstæð um þessar mundir þarf hins vegar að fara varlega í að fjármagna rekstrarhalla innanlands með erlendum lánum að sögn Jóns Bjarka.

„Sporin frá fyrsta áratug aldarinnar hræða hvað það varðar, en ríkið ætti þó að geta farið þá leið í nokkrum mæli án þess að taka óhóflega gjaldeyrisáhættu. Einnig mætti losa um eitthvað af þeim gjaldeyrisinnstæðum sem ríkissjóður á í Seðlabankanum, sem hefði í mörgum skilningi sambærileg áhrif," segir Jón Bjarki.

thorsteinn@frettabladid.is

Nær náttúrunni?

Ef þú vilt heilsurúm sem er framleitt og unnið úr **100% náttúrulegum hráefnum** þá er **Mayan Green** rúmið þitt.

Mayan Green 100% náttúrulatex úr frumskógum Guatemala. Áklæðið úr **100%** lífrænt ræktaðri bómull og hvergi neitt til sparað.

Engin dýna stenst samanburð við 100% náttúrulatex dýnu.
Í eðliseiginleikum 100% náttúru latex felast m.a. mikil fjöðrun og teygja,
100% dempun svefnhreyfinga, auðveldari svefnhreyfingar, mjög góð hita temprun,
drepur rykmaura og örverugróður, mikil þrýstijöfnun svo eitthvað sé nefnt.

Dekraðu við þig með rúmi sem er framleitt úr bestu náttúrulegu efnum sem völ er á.

Mayan Green er vottað með **Oekotex Class1** staðli, það inniheldur engin skaðleg efni og er ofnæmisprófað. Latexið er unnið úr gúmmívökva latextrjáa sem vaxa í frumskógum Guatemala og hefur upprunavottorð þaðan og **FSC vottun**.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Svífðu inn í draumalandið með náttúrulegum Íslenskum ullarsængum.

EMBLA er heilsársæng gerð úr Íslenskri ull sem er náttúrulegur kostur fyrir heilnæman svefn. Íslenska ullin er sérstök vegna öndunareiginleika sinnar, hitajöfnunar og hversu temprandi hún er. Sængin er létt og viðheldur þægilegu og réttu rakastigi.

Mosi ullarkoddinn úr fíngerðum og sérgerðum ullarhnoðrum úr íslenskri ull. Rennilás á koddanum gerir það auðvelt að fjarlægja eða bæta við ullarhnoðrum til að finna rétta þykkt og aðlaga koddann eftir þínu höfði. Ytra ver koddans sem er fóðrað með ull, er með renndu hólfi sem hægt er að setja hita- eða kælipoka í ef vill. Koddinn hefur því marga möguleika til að bæta svefn og vellíðan.

Freyr yfirdýna er úr íslenskri ull og stuðlar að heilnæmum svefni. Yfirdýnan getur aukið gæði svefnsins því hún aðlagar sig vel að líkamanum, aðstoðar við hitajöfnun og er unnin úr náttúrulegum efnum. Íslenska ullin er sérstök vegna þess hve vel hún andar sem hefur temprandi áhrif. Yfirdýnan er einstaklega létt og meðfærileg

Hentar vel fyrir þá sem kjósa náttúrulegar og sjálfbærar vörur.
Uppfylla OEKO TEX 100 staðalinn og hafa einstaklega lítið kolefnisspor.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

ergomotion®

Upphaf nýrra **drauma!**

Ergomotion

Góður nætur svefn er lykillinn að góðum morgundegi. Stilltu þig inn á góðan nætursvefn með stillanlegu heilsurúmi frá Ergomotion. Val um fjölmargar gerðir af heilsudýnum allt frá pokagormum yfir í náttúrulegar latexdýnur eftir því hvað hentar þínum þörfum.

Góður svefn, góð gæði, á góðu verði.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Vífilsfell séð úr suðri en algengasta gönguleiðin liggur hinum megin fjallsins. Klettarnir vinstra megin á tindinum kallast Arnarþúfur. MYND/ÓMB

Gáð til veðurs á Vífilsfelli

Tómas Guðbjartsson hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

Eitt tignarlegasta fjall í nágrenni Reykjavíkur er Vífilsfell (655 m) en margir líta á það sem nyrsta hnjúk Bláfjalla. Fjallsins er getið í Landnámu þar sem sagt er frá Vífli, sem ásamt Karla var þræll Ingólfs Arnarsonar, fyrsta landnámsmannsins. Þeir voru sendir frá Ingólfshöfða vestur með sjó að leita öndvegissúlna Ingólfs og fundu þær loks reknar í Reykjavík. Ingólfur kættist við fundinn og segir svo í Landnámu: „Vífli gaf Ingólfur frelsi, og byggði hann að Vífilstöftum [Vífilsstöðum]; við hann er kennt Vífilsfell; þar bjó [hann] lengi, varð skilríkur [áreiðanlegur] maður.“ Vífill virðist hafa verið í fantaformi því sagt er að hann hafi skotist frá Vífilsstöðum upp á Vífilsfell til að gá til veðurs og ef veðurútlit var gott hélt hann út á Gróttu og reri til fiskjar. Vífilsfell er talið hafa myndast í að minnsta kosti tveimur gosum á mismunandi jökulskeiðum ísaldar. Langmest ber á móbergi en um mitt fjallið er stallur sem skartar blágrýti og er því talinn stapi eins og Herðubreið og Hlöðufell. Efst á Vífilsfelli er sérlega fallegt móberg úr síðara gosinu og minnir veðrað bergið á abstrakt listaverk.

Ganga á Vífilsfell er frábær skemmtun og flestum fær. Hefðbundin gönguleið liggur að norðanverðu, upp á öxl sem gengur út úr fjallinu. Þarna eru malarnámur og má leggja bílum fyrir framan þær, en stikuð leið liggur alla leið upp á hátindinn. Þetta eru 6 km báðar leiðir og má reikna með að gangan taki 3-4 tíma. Meira krefjandi gönguleiðir liggja að vestanverðu upp gil sunnan tindsins eða úr Jósepsdal að austanverðu. Á hefðbundnu gönguleiðinni er stíg fylgt upp á áðurnefndan stall, en síðan taka við móbergsklettar sem yfirleitt eru auðveldir uppgöngu nema á veturna. Því er skynsamlegt að hafa með mannbrodda og ísöxi í vetrarferðum á Vífilsfell. Í efstu klettabeltunum eru kaðlar á tveimur stöðum sem auðvelda uppgönguna og á tindinum er útsýnisskífa sem Ferðafélag Íslands setti upp. Útsýnið yfir höfuðborgina er frábært og sést til Gróttu í 25 km fjarlægð, þar sem Vífill stundaði útræði. Einnig blasa við Esja, Móskarðshnjúkar, Skjaldbreiður og Hengill. Flestir ganga sömu leið niður, en sprækt göngufólk getur þrætt endilöng Bláfjöllin í suður að lyftusvæðinu, 15 km leið, sem Vífli hefði þótt þrælléttur göngutúr.

Fókus á hjarta landsins

Móbergið efst á Vífilsfelli er vindbarið og formfagurt. MYND/TG

Útsýni af Vífilsfelli er magnað í allar áttir. Hér sést til Surtseyjar. MYND/ÓMB

NÓI SÍRÍUS

EITT SETT... TVÖ SETT...

MÖRG SETT!

Hið eina sanna EITT SETT fæst nú í bitum.
Gríptu þinn poka í næstu verslun.

FRÉTTABLAÐIÐ
SKOÐUN

Enginn ís

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Ekki er mjög líklegt að hið fremur værukæra mannkyn hafi tekið kipp við nýlegar fréttir um að innan tuttugu ára gæti norðurskautið orðið íslaust að sumri til. Eins og Stöð 2 sagði frá í fréttatíma sínum síðastliðið þriðjudagskvöld er þetta hin nöturlega niðurstaða eftir umfangsmesta vísindaleiðangur sem farinn hefur verið á norðurskautið. Honum er nýlokið eftir að hafa staðið í ár og tugir vísindamanna, víðs vegar að úr heiminum, tóku þátt í honum.

Breytingarnar á norðurskautinu gerast mjög hratt og þær skipta sannarlega máli fyrir veðurfar um allan heim. Ofsaveður munu verða enn tíðari en nú er og valda skelfilegum hörmungum. Tuttugu ár eru ekki langur tími til að bregðast við þeirri ógn sem blasir við.

Ótal ráðstefnur hafa verið haldnar á síðustu árum þar sem sérfræðingar vara við ógnvænlegri þróun í loftslagsmálum og almenningur er kvíðafullur vegna stöðunnar. Nútímabörn óttast þessa vá í sama mæli og börn kaldastríðsáranna óttuðust kjarnorkustyrjöld. Samt gerist svo að segja ekkert. Það lýsir góðum vilja að álykta og veifa mótmælaspjöldum og krefjast aðgerða en það nægir samt ekki. Þróunin á norðurskautinu hefur verið til umræðu í þó nokkurn tíma. Nú er komin tímamæling sem er sú að mannkynið hafi tuttugu ár til að snúa þróuninni við með minnkun gróðurhúsalofttegunda.

Markus Rex, leiðangursstjóri vísindaleiðangursins, segir að ekki sé öll von úti um að þetta takist. Ekki skal hér gerð tilraun til að lesa í huga þess ágæta manns en vel má ímynda sér að þótt hann tali kjark í mannkyn sé hann innst inni heldur vonlítill um að skelfilegri þróun verði snúið við. Svo margt þyrfti að breytast í lífsháttum okkar til að það takist og mannkynið er gefið fyrir að hafa það eins gott og mögulegt og er. Nú er mannkynið upptekið við að fylgjast með tölum um COVID-smit og dauðsföll. Þegar COVID-tímabilinu lýkur er líklegt að mannkynið fyllist kæruleysislegri ofsagleði og missi sig í stjórnlausa eyðslu með tilheyrandi sóun og mengun.

Langlíklegast er að ekkert sérstakt muni gerast í baráttunni gegn loftslagsvánni og tíminn líða án aðgerða. Með venjulegu millibili munum við ranka við okkur fyrir framan kvöldfréttir sjónvarpsstöðva þar sem okkur verður sagt að við höfum sautján ár til að forða því að norðurskautið verði íslaust... tólf ár... sjö ár... þrjú ár... Eitt kvöldið kemur síðan fréttin að um hásumar sé norðurskautið nú orðið svo til íslaust. Þá andvörpum við og minnumst allra fréttanna sem hafa dunið á okkur árum saman um ofsaveðrin sem hafa kostað fjölda mannslífa og valdið gríðarlegu tjóni. Já, hugsum við, það hefði átt að bregðast við meðan enn var tími til. Og við hristum höfuðið og botnum ekkert í af hverju það var ekki gert. Við höfum vissulega rankað við okkur, en það gerðist bara of seint.

Loftslagsváin vofir yfir okkur og mun ekki hverfa meðan viðbrögðin eru helst þau að sitja með hendur í skauti og aðhafast lítið sem ekkert.

Tuttugu ár eru ekki langur tími til að bregðast við þeirri ógn sem blasir við.

Halldór

Frá degi til dags

Jú, víst!
Bókatíðindi sigla ekki lygnan sjó eftir að í ljós kom að ein bókin sem átti að enda í jólapökkunum er hrein della. Útgáfan dularfulla Betaíota stendur fyrir bókinni Tröllasaga 21. aldarinnar. Um er að ræða 556 blaðsíðna bók eftir rafmagnsverkfræðinginn Artúr Butz. Er því haldið fram statt og stöðugt að kvikmyndin Opinberun Hannesar hafi aldrei verið gerð. Segir í bókatíðindum að Artúr hafi rakið í sundur atburðarásina og vísi á bug áróðri, ýkjum og skröksögum, í lokin komist hann að þeirri niðurstöðu að Opinberun Hannesar sé einungis til í hugum fólks. Allir sem horfðu á Íslenskt bíósumar á RÚV vita þó sannleikann.

Allir vinna
Hin eilífa hringrás stjórnsýslunnar heldur áfram í nýju frumvarpi atvinnumálaráðuneytisins. Þar er kveðið á um að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun taki að sér hlutverk Neytendastofu á sviðum vöruöryggismála, opinberrar markaðsgæslu og mælifræði. Þá verða þakrennur, burðarþolsmælingar og hurðakarmar færð til Póst- og fjarskiptastofnunar. Á móti verður fjölpósti, Nokia-símum og podköstum útvistað til Neytendastofu. Það verður enginn verklaus á meðan.

Undir fölsku flaggi



Sigurjón Arnórsson
framkvæmdastjóri Flokks fólksins

Fyrir kosningar árið 2013 sendi formaður Sjálfstæðisflokksins, Bjarni Benediktsson, bréf til allra eldri borgara. „Eldri kynslóðir verðskulda að búa við öryggi og góð lífsgæði," skrifaði hann. „Fái Sjálfstæðisflokkurinn umboð til að leiða næstu ríkisstjórn munum við setja eftirfarandi mál í öndvegi." Svo lofaði formaðurinn meðal annars að íþyngja ekki öldruðum með ósanngjarnri skattlagningu, að afturkalla kjaraskerðingar hjá ellilífeyrisþegum, afnám tekjutengingar ellilífeyris og svo framvegis. Sjálfstæðisflokkurinn fékk sitt umboð, en stóð hann við gefin loforð? Að sjálfsögðu ekki.

Flokkur fólksins hefur lagt fram fjölda þingmála sem snerta hagsmuni aldraða. Þar á meðal eru þingmál um afnám skerðinga vegna launatekna, 100.000 króna frítekjumark vegna lífeyristekna og að komið verði í veg fyrir vaxandi kjaragliðnun með því að láta bætur almannatrygginga hækka í samræmi við launavísitölu í stað þess að miða við vísitölu neysluverðs. Þessum málum hefur margoft verið hafnað á Alþingi. Sjálfstæðisflokkurinn hefur barist með kjafti og klóm gegn þeim málum sem hann hefur sjálfur lofað að framkvæma.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Sjálfstæðisflokkurinn siglir undir fölsku flaggi. Þingmenn flokksins hafa lengi talað um mikilvægi þess að draga úr ríkisafskiptum og fækka þeim sem eru á spena ríkisins. En þegar nánar er skoðað kemur allt annað á daginn. Síðustu ár hefur ríkið, undir forystu Sjálfstæðisflokksins, greitt um fimm milljarða króna til stjórnmálaflokka. Þótti flestum það nóg, en þegar núverandi ríkisstjórn kom til valda tók hún þá ákvörðun að hækka styrki til stjórnmálaflokka um 127 prósent.

Allir þingflokkar alþingis, fyrir utan Pírata og Flokk fólksins, samþykktu að skammta sér þessa peninga. Enda eru flestir stjórnmálaflokkar skuldum vafnir. Þetta kemur á ofan á þær óhóflegu launahækkanir sem þingmenn hafa fengið undanfarin ár. Á meðan bíða aldraðir enn eftir því sem þeim var lofað fyrir löngu.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur barist með kjafti og klóm gegn þeim málum sem hann hefur sjálfur lofað að framkvæma.

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU
Auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað!
93.000 Íslendingar lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali.*
Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 550 5050 eða sendu tölvupóst á orn@frettabladid.is.
Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.

*Prentmiðlar Gallup, 12-80 ára, okt.-des. 2019. Meðaldreifing Hagstofu Íslands 2019
FRÉTTABLAÐIÐ – MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI: Björn Víglundsson RITSTJÓRI: Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, FRÉTTASTJÓRAR: Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

AF KÖGUNARHÓLI

Brexitáhrifin á Íslandi

Þorsteinn Pálsson

Ísland er í hópi þeirra ríkja í Evrópu, sem Brexit hefur mest neikvæð áhrif á. Þau koma víða fram og styrkja hugmyndir um fulla aðild Íslands að Evrópusambandinu.

Bretar og Evrópusambandið gera nú úrslitatilraun til að semja.

Eigið mat breskra stjórnvalda bendir til þess að fari landið samningslaust út gæti hagvöxtur á næstu árum orðið allt að átta prósent minni en með aðild. Með hagstæðustu fríverslunarsamningum minnkuðu þessi neikvæðu áhrif niður í fimm prósent.

Þurfum að vinna upp meira af tapinu

Íslensk stjórnvöld hafa ekki birt mat af þessu tagi. Þó að neikvæð áhrif á Ísland verði ekki til jafns við þessar tölur verða þau umtalsverð. Það þýðir að fríverslunarsamningur Breta við EFTA-ríkin getur aðeins deyft neikvæð áhrif úrsagnarinnar en ekki eytt þeim.

Með fullri aðild Íslands að Evrópusambandinu yrði aftur á móti unnt að vinna upp meira af tapinu. Það lýsir ekki hyggindum að loka augunum fyrir þeim möguleika nú þegar brýnt er að íslenskt atvinnulíf hlaupi hraðar.

Áhrif fiskveiðideilu Breta og ESB

Einstaka andstæðingar fullrar aðildar að Evrópusambandinu halda því fram að deilur þess við Breta um fiskveiðar eftir Brexit sýni að Ísland yrði að fórna fiskveiðiréttindum ef það lokaskref yrði stigið. Þessi staðhæfing er annaðhvort útúrsnúningur eða misskilningur.

Deila Breta og Evrópusambandsins snýst fyrst og fremst um skiptingu á sameiginlegum stofnum. Samkvæmt hafréttarsáttmálanum ber þeim að semja um skiptingu á þeim.

Evrópusambandið vill miða við veiðireynslu eins og reglur þess gera ráð fyrir. En Bretar vilja aftur á móti semja miðað við dreifingu einstakra fiskistofna. Röksemdir beggja eiga sér stoð í hafréttarsáttmálanum.

Á Íslandsmiðum eru ekki sameiginlegir stofnar með Evrópusambandinu. Engin Evrópusambandslönd eiga veiðireynslu hér síðastliðin þrjátíu ár. Aðildarríkin geta því hvorki samkvæmt hafréttarsáttmálanum né reglum sambandsins gert kröfur um veiðar.

Með fullri aðild kæmu því engin evrópsk skip til veiða á Íslandsmiðum. Enga sérsamninga eða undantekningar þyrfti til að tryggja það.

Ísland og ESB sömu megin gagnvart Bretum

Um áramótin fær breska stjórnin það hlutverk, í stað Evrópusambandsins, að semja fyrir skoskar útgerðir um makrílveiðar. Fram til þessa hafa norskar og skoskar útgerðir staðið fastast gegn aðild Íslands að samningum um makríl.

Íslenskar útgerðir hafa öðlast mikla veiðireynslu í makríl. Hún mun vega þungt í samningum við nýjan viðsemjanda. Evrópusambandið notar einnig veiðireynslurökin í viðræðum við Breta vegna danskra makrílútgerða.

Ef Ísland ætti fulla aðild að Evrópusambandinu myndi það sækja rétt íslenskra útgerða til makrílveiða gagnvart Bretum og Norðmönnum af fullum þunga allra aðildarríkjanna. Það myndi fremur styrkja okkur en veikja.

Full aðild betri en fríverslunarsamningar

Í bráðabirgða fríverslunarsamningi við Breta vegna Brexit er gert ráð fyrir svipuðum viðskiptum með landbúnaðarafurðir og áður. Með óbreyttum samningi við Evrópusambandið er þetta nokkur rýmkun og allt bendir til að lengra verði gengið í lokasamningi.

Þetta sýnir að einangrun er ekki í boði. En bændur hafa lýst áhyggjum. Þær eru skiljanlegar. Breytingar af þessu tagi kalla óhjákvæmilega á nýja hugsun í landbúnaðar- og byggðamálum af hálfu stjórnvalda. En á henni bólar ekki.

Frjáls viðskipti eru gagnkvæm. Þau opna tækifæri ef rétt er á málum haldið. Kannski eru það þessir útflutningsmöguleikar, sem ríkisstjórnin átti við þegar hún talaði um stórkostleg tækifæri, sem fylgdu Brexit.

En trúlega yrði full aðild að Evrópusambandinu hagstæðari fyrir bændur. Til að mynda gætu hugsanlega opnast þar lambakjötsmarkaðir, sem breskir bændur óttast nú að séu þeim tapaðir, ef ekki semst.

Jafnframt er stuðningur sambandsins við bændur mjög öflugur. Enginn slíkur ytri stuðningur fylgir samningum um fríverslun. Alhliða byggðastefna Evrópusambandsins hefur einnig reynst mjög áhrifarík. Stuðningskerfi af því tagi finnast hins vegar ekki í fríverslunarsamningum.

Penninn kynnir Jöru



Jara er stílhreinn og þægilegur sófi.

Jara er nútímalegur sófi í skandinavískum stíl. Sessurnar eru notalegar og áklæðið er slitsterkt og mjúkt viðkomu. Fætur sófans eru stílhrein gæðasmíð úr eik sem tóna vel við hvaða umhverfi sem er.

Jara hentar vel í löng og innileg samtöl með rauðvíni og ostum – en virkar líka í bíókvöldið.

Með dökkgráu tauklæði
Listaverð 214.900 kr.
Tilboðsverð 179.000 kr.

Með ljósgráu tauklæði
Listaverð 195.000 kr.
Tilboðsverð 159.000 kr.

Með svörtu leðri
Listaverð 359.000 kr.
Tilboðsverð 299.000 kr.

Penninn kynnir til leiks Heklu

Hekla er íslenskur sófi sem er smíðaður eftir þínum óskum.

Hekla er hönnuð og framleidd á Íslandi og er nefnd eftir drottningu íslenskra eldfjalla og gefur stórbrotinni nöfnu sinni ekkert eftir.

Sófinn er þægilegur og aðlaðandi og passar **fullkomlega** í rýmið þitt – **möguleikarnir eru óendanlegir.** 10 ára ábyrgð er á grind sófans.

Beinir sófar – verð frá 282.000 kr.
Tungusófar – verð frá 319.000 kr.
Hornsófar – verð frá 499.000 kr.

Skeifunni 10, Reykjavík // Hafnarstræti 91–93, Akureyri // Hafnarstræti 2, Ísafirði // S: 540 2330 // www.penninn.is

Húsgögn

Fjöldaatvinnuleysi ungs fólks útheimtir aðgerðir

Gundega Jaunlinina
formaður Samtaka ungs fólks innan ASÍ (ASÍ-UNG)
Jóhanna Ásgeirsdóttir
forseti Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS)
Ólafur Hrafn Halldórsson
formaður Ungra Pírata (UP)
Ragna Sigurðardóttir
forseti Ungra jafnaðarmanna (UJ)
Sanna Magdalena Mörtudóttir
fyrir hönd Ungra sósíalista
Starri Reynisson
formaður Uppreisnar

Nær helmingur atvinnulausra í landinu er ungt fólk á aldrinum 18 til 35 ára samkvæmt nýjustu tölum Vinnumálastofnunar. Þessi alvarlega staða ungs fólks á vinnumarkaði kallar á afdráttarlausar aðgerðir af hálfu stjórnvalda. Við undirrituð skorum á ríkisstjórn Íslands og þingheim allan að taka höndum saman og bregðast við vandanum. Betur má ef duga skal, því fjöldaatvinnuleysi ungs fólks er einfaldlega of dýrt fyrir samfélagið allt og þá einstaklinga og fjölskyldur sem í því lenda.

Ungt fólk er verr varið

Að baki áðurnefndum tölum um atvinnuleysi eru um tíu þúsund manns á aldrinum 18 til 35 ára, vítt og breitt um landið, sem vilja vinna en fá ekki vinnu. Ungt fólk er að jafnaði verr varið fyrir efnahagslegum áföllum en aðrir aldurshópar þar sem það stendur veikar á vinnumarkaði, á minni eignir en eldri hópar, þarf gjarnan að vinna með námi, sjá fyrir börnum og þar fram eftir götunum. Þá benda rannsóknir til þess að viðvarandi atvinnuleysi ungs fólks geti haft langvinn neikvæð áhrif á starfsmöguleika og tekjur. Loks liggur fyrir að ungt fólk hefur dregist aftur úr í kaupmáttaraukningu síðustu áratuga, ekki síst frá bankahruninu 2008.

Nú ríður yfir alvarlegasta atvinnukreppa á Íslandi frá upphafi mælinga en neikvæð efnahagsáhrif af völdum veirunnar skiptast með afar ójöfnum hætti. Brýnt er að almenn umræða um efnahags- og atvinnumál taki mið af þeim staðreyndum sem hér eru settar fram um stöðu ungs fólks.

Fjölgum störfum

Enn hefur ekki verið sett fram nein skýr áætlun af hálfu stjórnvalda um að ná niður atvinnuleysi og fjölga störfum. Í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að atvinnuleysi minnki um 1 prósentustig á árinu 2021 og byggir sú áætlun á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem aftur tekur mið af fjárlögum og fyrirliggjandi gögnum um fjárfestingar hins opinbera.

Við köllum eftir því að forystufólk ríkisstjórnarinnar og allra stjórnmálaflokka setji fram ítarlega áætlun um það hvernig megi ná niður atvinnuleysi og fjölga störfum. Í ljósi stöðunnar í hagkerfinu er þetta eitt allra stærsta einstaka hagsmunamál ungs fólks á Íslandi.

Styðjum við atvinnulausa

Það blasir við að efnahagskreppan af völdum veirunnar bitnar einna verst á þeim sem missa vinnuna og fjölskyldum þeirra. Ríkisstjórnin hefur lengt tekjutengingartímabil atvinnuleysisbóta úr þremur mánuðum í sex en eftir að tekjutengingu sleppir eru bætur atvinnuleysistrygginga undir 240 þúsund krónum eftir skatt. Sú upphæð er óbreytt síðan kórónaveiran skall á þrátt fyrir að atvinnumissir sé mun verra áfall nú en áður í ljósi þess hve erfitt fólki getur reynst að finna nýja vinnu. Þá er stúdentum sem hafa unnið með námi enn neitað um rétt sinn til atvinnuleysistrygginga þó tryggingagjald sé innheimt af launum stúdenta eins og allra annarra.

Við köllum eftir því að forystufólk ríkisstjórnarinnar og allra stjórnmálaflokka létti enn frekar undir með atvinnulausum og fjölskyldum þeirra. Það er réttlætismál og snýst um samstöðu með þeim sem bera þyngstar byrðar í yfirstandandi efnahagsþrengingum.

Tökum höndum saman

Með þessari sameiginlegu yfirlýsingu viljum við undirrituð skora á ríkisstjórn Íslands og þingheim allan að taka höndum saman um að bregðast við vanda ungs fólks á vinnumarkaði af þeirri áræðni og festu sem til þarf. Þá hvetjum við fjölmiðla til að halda því vel til haga að nær helmingur atvinnulausra á Íslandi sé ungt fólk á aldrinum 18 til 35 ára – og það í alvarlegustu atvinnukreppu hér á landi frá upphafi mælinga.

Það liggur í augum uppi að Ísland þarf sérstakt átak í atvinnumálum fyrir ungt fólk.

Fyrstur kemur, fyrstur fær

Diljá Mist Einarsdóttir
aðstoðarmaður utanríkisráðherra og fulltrúi utanríkisráðuneytisins í flóttamannanefnd

Mál egypskrar fjölskyldu sem sótt hafði um alþjóðlega vernd hér á landi er það nýjasta í röð slíkra mála sem hafa fangað athygli fjölmiðla. Gagnrýni á aðgerðaleysi í málaflokki hælisleitenda hefur verið áberandi í samfélagsumræðunni og er jafnvel kallað eftir nýrri stefnu í málaflokknum. Ég get vel tekið undir þessi sjónarmið. Hér þurfa íslensk stjórnvöld að mynda sér heildstæða stefnu og halda sig við hana. Málsmeðferð og niðurstaða verður að byggjast á jafnræði og gagnsæi. Kerfi þar sem tafir á málsmeðferð og jafnvel felur fyrir stjórnvöldum verða að keppikefli er gallað og ósanngjarnt.

Undanfarin ár hefur umsóknum um alþjóðlega vernd, hælisumsóknum, fjölgað verulega hérlendis og hælisveitingum sömuleiðis. Ef við berum okkur saman við Norðurlöndin, eins og við gerum svo gjarna, þá sækja hlutfallslega flestir um hæli á Íslandi og jafnframt fá hlutfallslega langflestir hæli hér. Sama er ekki uppi á teningnum hvað varðar móttöku kvótaflóttafólks. Þótt við höfum vissulega tekið á móti aðeins fleira kvótaflóttafólki undanfarin ár fer langstærstur hluti þeirra fjármuna sem varið er í þennan málaflokk í hæliskerfið. Þannig fékk 531 einstaklingur alþjóðlega vernd hér á landi í fyrra, en 867 einstaklingar sóttu hér um sama ár. Til samanburðar má nefna að ríkisstjórnin samþykkti að taka á móti 85 kvótaflóttamönnum árið 2020.

Það má því með sanni segja að meginreglan sem gildir hérlendis um tækifæri til betra lífs sé fyrstur kemur, fyrstur fær. Kerfið okkar hvetur fólk til þess að koma hingað til lands á eigin vegum og sækja um hæli. Athyglisvert er því að skoða upprunalönd þessa hóps. Í fyrra sóttu meðal annars um 100 einstaklingar frá Lettlandi, Litháen, Bretlandi, Ástralíu, Brasilíu, Bandaríkjunum, Rúmeníu, Albaníu, Georgíu og Indlandi um alþjóðlega vernd hér á landi.

Yfirlit yfir fjölda fjölskyldusameininga, verndar- og mannúðarleyfa og kvótaflóttafólks 2012–2019



Það má því með sanni segja að meginreglan sem gildir hérlendis um tækifæri til betra lífs sé fyrstur kemur, fyrstur fær.

Þeir sem vilja endurskoða framangreinda meginreglu varðandi veitingu alþjóðlegrar verndar hérlendis eru eflaust ekki sammála um í hvaða breytingar þurfi að ráðast. Hér er hins vegar rík hefð fyrir að líta til reynslu og framkvæmdar á Norðurlöndunum í hinum ýmsu málaflokkum og ætti þessi ekki að vera undanskilinn. Fyrir því eru engin haldbær rök, enda enginn sem heldur þeim á lofti.

Það er yfirlýst markmið ríkisstjórnarinnar að Ísland leggi sitt af mörkum til lausnar á vanda flóttafólks og taki í því skyni á móti fleirum. Ísland er ríkt land í alþjóðlegum samanburði og vel í stakk búið til þess að láta gott af sér leiða. Þótt fámennið setji okkur skorður viljum við standa okkur vel við að taka á móti fólki sem flýr stríðsátök, ofsóknir og umhverfis- og heilbrigðisvá. Aldrei hafa fleiri verið á flótta í heiminum en í dag eða um 80 milljónir manna og þeim fer fjölgandi. Þegar við berum saman þróun umsókna og hælisveitinga á Norðurlöndunum undanfarin ár er ljóst að við stefnum í allt aðra átt en þau. Krafan um gagnsætt og sanngjarnt kerfi og að aðstoð beinist þangað sem hennar er þörf er í fyrirrúmi hjá nágrönnum okkar. Sú afstaða byggist á lærdómi sem dreginn hefur verið af áratugalangri reynslu.

Undanfarin ár hafa sænsk stjórnvöld hert reglur um móttöku hælisleitenda og kallað eftir gagngerri endurskoðun á stefnu Evrópusambandsins í þessum málum. Í nýlegri stefnuræðu Mette Jensen, forsætisráðherra Danmerkur og leiðtoga jafnaðarmanna, sagði hún að útlendingapólitík fortíðarinnar hefði einfaldlega verið röng og hæliskerfið sem ríki Evrópu vinni eftir sé að liðast í sundur. Danskir jafnaðarmenn hafa haft það á stefnuskrá sinni undanfarin ár að breyta hæliskerfinu til þess að aðlögun flóttamanna með viðurkennda stöðu í Danmörku gangi betur. Það er forgangsmál að draga úr straumi hælisleitenda til Danmerkur, torvelda starfsemi þeirra sem hagnast á mansali og uppræta skipulagða glæpastarfsemi.

Það er óásættanlegt að fólki sé skipt í tvo hópa í fyrirfram mótaðri umræðu um þessi mál; þá sem eru fylgjandi móttöku flóttamanna og þá sem eru andvígir. Ég tel að almenn sátt ríki um að Ísland skuli uppfylla skyldur sínar sem ábyrg þjóð í samfélagi þjóðanna, taka vel á móti fólki á flótta undan raunverulegum ógnum; taka vel á móti sínum minnstu bræðrum og geri ekki minna en þeir sem best gera í þeim efnum. Í því ljósi hlýtur það að vera eðlileg stefna að hæliskerfið hérlendis verði tekið til endurskoðunar og fært nær því sem gerist hjá nágrannaþjóðum okkar. Þar, líkt og á öðrum sviðum, verði gerð krafa um jafnræði og gagnsæi og umfram allt að fjármunum sé veitt þangað sem neyðin er stærst.

FÓLK
Tíska
FIMMTUDAGUR 29. OKTÓBER 2020

Guðrún Guðjónsdóttir viðurkennir það fúslega að hún sé metnaðarfull þegar kemur að hrekkjavökubúningum. Þá er hún gjarnan sú fyrsta sem vinir leita til þegar kemur að grímuböllum.

➔4

Sædís Ósk Harðardóttir, formaður Félags sérkennara á Íslandi, segir ýmislegt hafa breyst í sérkennslu á þeim 50 árum sem félagið hefur starfað. Áður fyrr var framboð af menntun fyrir nemendur með miklar sérþarfir af skornum skammti en nú starfa sérkennarar á öllum skólastigum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þörfin á sérkennurum hefur aukist mikið

Félag sérkennara á Íslandi fagnar 50 ára afmæli í dag. Á þessum árum hafa orðið miklar breytingar á starfi sérkennara. Fyrir miðja síðustu öld var afar sjaldgæft að börn með sérþarfir fengju kennslu við hæfi en síðan þá hafa orðið miklar framfarir og er það ekki síst að þakka menntun og starfi sérkennara. ➔2

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Framhald af forsíðu

Félag sérkennara á Íslandi var stofnað þann 29. október árið 1970. Fyrir þann tíma starfaði félag sem hét Félag kennara til hjálpar afbrigðilegum börnum. Sædís Ósk Harðardóttir, formaður Félags sérkennara á Íslandi, segir að hlutverk þess félags hafi verið að vinna að bættum náms- og uppeldisskilyrðum „afbrigðilegra barna“ í skólum í Reykjavík. Hugtakið afbrigðileg börn átti á þeim tíma við börn sem voru haldin hvers kyns líkamlegum eða andlegum ágöllum sem hindruðu eða torveldaði þeim almennt skólanám.

„Þetta félag var stofnað árið 1960 og vann meðal annars að því að komið yrði upp framhaldsdeild í sérkennslunámi við Kennaraskólann árið 1968. En þá var fyrst hægt að læra sérkennslu á Íslandi,“ segir Sædís.

Í framhaldi af því að framhaldsnám í sérkennslu hófst hér á landi var Félag sérkennara á Íslandi stofnað. Það er fagfélag sérkennara en í því eru sérkennarar af öllum skólastigum, leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum.

„Félagið er faglegur vettvangur til að styðja hvert annað, góður samráðsvettvangur þar sem við deilum og miðlum okkar á milli. Við höldum reglulega fræðslufundi, námskeið og ráðstefnur. Við höfum komið að ýmsum verkefnum í gegnum árin svo sem í samvinnu við menntamálaráðuneytið. Höfum verið með fulltrúa í ýmsum rýnihópum og í ráðgefandi hlutverki svo sem þegar úttekt Evrópumiðstövarinnar á skóla án aðgreiningar var gerð og í tengslum við vinnu á Hvítbók menntamálaráðuneytisins. Við höfum einnig unnið mikið í kjaramálum fyrir sérkennara og höfum barist fyrir því að heitið sérkennari verði lögverndað starfsheiti,“ útskýrir Sædís.

„Sérkennaranámið er framhaldsnám í menntunarfræðum þar sem þú sérhæfir þig í sérkennslu. En þetta er í raun ekki lögverndað starfsheiti. Ég sé það í gömlum gögnum að það hefur verið barist fyrir því í marga áratugi að fá starfsheitið lögverndað svo hver sem er geti ekki kallað sig sérkennara. Margir sem sinna sérkennslu í skólum hafa ekki þessa framhaldsmenntun. Þannig að þeir kennarar yrðu þá kannski kallaðir stuðningskennarar eða eitthvað annað. Foreldrar ættu að eiga rétt á að vita hvort um er að ræða menntaðan sérkennara eða ekki.“

Fyrsti sérskólinn stofnaður á 19. öld

Sædís segir að lengi vel hafi ekki verið mikið af námi í boði fyrir börn með miklar sérþarfir. Fyrsti sérkennarinn á Íslandi kom til landsins eftir nám erlendis árið 1867. Hann var ungur prestur að nafni Páll Pálsson. Hann fékk leyfi frá dönskum yfirvöldum til að kenna mállausum ungmennum sem Sædís segir að hafi markað upphafi sérkennslu á Íslandi. Málleysingjaskólinn var fyrst starfræktur á Kálfafelli í Fljótshverfi. Árið 1908 var skólinn fluttur til Reykjavíkur.

„Eftir þetta fer sérkennurum að fjölga. Málleysingjaskólinn var rekinn allt til ársins 1930 og var þá eina stofnunin á landinu þar sem sérkennsla fatlaðra fór fram. Árið 1931 hófst svo sérkennsla á Sólheimum í Grímsnesi og árið 1946 tók til starfa sérskóli í Reykjavík fyrir nemendur með hegðunarvandkvæði,“ skýrir Sædís frá.

„Það var maður sem hét Magnús Magnússon sem var sérkennslufulltrúi í Reykjavík sem var brautryðjandi í þessum málaflokki. Hann lærði úti í Þýskalandi sálfræði og uppeldisfræði. Hann kom svo til Íslands árið 1958 og fór að kenna börnum með sérþarfir og börnum með þroskaskerðingar. Þessum börnum var neitað um skólavist áður. Fyrsta árið eftir að Magnús tók til starfa fór í að sannfæra yfirvöld um að þetta væri mikilvægur málaflokkur og það þyrfti að veita peningum í hann. Í kjölfarið af komu Magnúsar til landsins var Félag kennara til hjálpar afbrigðilegum börnum stofnað. Það hafði mikil áhrif og starfaði af fullum krafti þar til Félag sérkennara var stofnað.“

Stjórn Félags sérkennara á Íslandi.
MYND/AÐSEND

> Aðgreining var áður mjög mikil. Börn voru í sérskólum eða voru lækkuð um bekk og sett í svokallaða „tossabekki“.

Almennt nám fyrir alla

Sædís segir að á þeim 50 árum sem liðin eru frá stofnun Félags sérkennara á Íslandi hafi margt breyst í kennslu barna með sérþarfir.

„Aðgreining var áður mjög mikil. Börn voru í sérskólum eða voru lækkuð um bekk og sett í svokallaða „tossabekki“. En eftir að sérkennslulögin breyttust þá er almennt nám hugsað fyrir alla. Í dag er krafa um að nemendur eigi sinn heimaskóla, þó að það séu að vísu sérdeildir við suma skólana. Nemendahóparnir eru orðnir mun fjölbreyttari. Margir nemendur glíma við andlega vanlíðan eins og kvíða, svo eru nemendur með hegðunarerfiðleika, námserfiðleika og þroskaskerðingu. Allir þessir nemendahópar eru inni í almennum skóla og koma að borði sérkennara,“ segir Sædís.

Hún útskýrir að sérkennsla feli í sér að sérkennari meti þarfir nemenda sem þurfa sérkennslu, hann sér um kennsluna og skipuleggur sérkennslutíma í samráði við umsjónarkennara og foreldra.

Sædís segir nóg fram undan hjá Félagi sérkennara en þessa dagana stendur yfir undirbúningur ráðstefnu sem verður í nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Sérkennari metur námsstöðu einstakra nemenda eða hópa með greinandi prófum. Gerir einstaklingsnámskrá og hópáætlanir í samráði við umsjónarkennara fyrir þá nemendur sem hann kennir. Veitir kennurum ráðgjöf varðandi námsefni og kennsluaðferðir fyrir nemendur með sérþarfir þegar þess er þörf. Hann veitir foreldrum og nemendum ráðgjöf varðandi efnistök og skipulag í námi. Sérkennarar koma talsvert að hegðunarmótun, þeir vinna með líðan nemenda og samskiptavanda nemenda. Verkefni sérkennara eru ótalmörg og afar fjölbreytt og ekki hægt að telja það allt upp hér í einni grein. Sérkennarar eru þeir sem hafa lokið framhaldsnámi í sérkennslufræðum.“

Sædís segir að það vanti fleiri sérkennara í skólana því þörfin fyrir þá hafi aukist gríðarlega mikið Nemendum sem þurfa manninn með sér allan daginn hefur fjölgað og Sædís segir að þörfin á fagmenntuðu fólki til að sinna börnum með miklar sérþarfir hafi aukist í kjölfarið. „Mikilvægt er að þjónusta við þessa nemendur sé veitt af hendi fagaðila eins og sérkennara og dregið sé úr því að starfsmenn án fagmenntunar sinni þessum börnum stærstan hluta skóladagsins, en sérkennarar nái bara að sinna þeim eina til tvær kennslustundir á dag. Þetta eru oft á tíðum þeir nemendur sem þurfa hvað mesta faglega stuðninginn og kennsluna, þetta er oft viðkvæmur hópur sem þarf að halda vel utan um.“

Félagið er virkt í upplýsingamiðlun

Félagsmenn í Félagi sérkennara á Íslandi eru um það bil 450. „Félagið er með ýmislegt á döfinni og er virkt í því að miðla upplýsingum um ráðstefnur og fræðslu til félagsmanna. Það er ótrúlega mikil virkni í félaginu og verið mjög gaman að fá að starfa í því. Félagsmenn koma af öllu landinu og eru kraftmiklir og flottir sérkennarar.

Við gefum líka út ritrýnt fagtímarit sem heitir Glæður, það er einmitt 30 ára í ár. Það var gefið út fyrst þegar félagið var 20 ára. Það er vandað og veglegt ritrýnt tímarit og margir úr fræðasamfélaginu sem skrifa í það,“ segir Sædís.

Félagið heldur árlega ráðstefnu í nóvemberlok í tengslum við aðalfundinn sem verið er að undirbúa núna. Ráðstefnan mun í þetta sinn fjalla um málþroska og læsi. Sædís segir að ef ekki verði hægt að koma fólki saman verði ráðstefnunni streymt.

„Félagið hefur um árabil tilnefnt heiðursfélaga félagsins á aðalfundi og heiðursverkefni, það er verkefni sem sérkennurum finnst nýtast vel til kennslu. Í fyrra fékk verkefnið Orðagull eftir Bjarteyju Sigurðardóttur og Ásthildi Bj. Snorradóttur þá viðurkenningu og árið áður var Auður B. Kristinsdóttir sæmd heiðursfélaganafnbót,“ segir Sædís.

„Það var einnig á dagskrá að halda afmælishátíð til að fagna 50 ára afmælinu en við verðum að fresta því þar til hægir á veirunni. Einnig erum við aðilar að norrænum sérkennarasamtökum sem heita Nordiska Förbundet för specialpedagogik, eða NFSP. Þar eigum við fulltrúa í stjórn. Þessi samtök skipuleggja stóra norræna ráðstefnu á þriggja ára fresti, auk þess að fjalla um málefni sérkennara og sérkennslu á Norðurlöndunum. Ísland var með formennsku í þessum samtökum 2013-2016. Núna erum við að skipuleggja ráðstefnu sem verður í Stokkhólmi 2022. Svo erum við reglulega með ráðstefnur í ágúst fyrir kennara á öllum skólastigum, þannig að það er alltaf eitthvað í gangi hjá okkur.“

Sædís segir alltaf nóg um að vera hjá félaginu og að það láti sér fátt óviðkomandi er snýr að nemendum og skólamálum og málefnum sérkennara.

„Við viljum endilega fá fleiri sérkennara til liðs við okkur og ef þú ert sérkennari og langar að ganga til liðs við öflugt félag, þá er Félag sérkennara á Íslandi eitthvað fyrir þig. Ef þú hefur áhuga á að koma í góðan félagsskap og uppfyllir skilyrði fyrir inngöngu sendu þá póst á formadur@vefurinn.is.“

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf.
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Skoðið // www.hjahrafnhildi.is

Mos Mosh dagar

29. okt. – 1. nóv.

20%

afsláttur af Mos Mosh vörum

MOS MOSH

hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Með búningaáhugann í blóðinu

Guðrún Guðjónsdóttir viðurkennir það fúslega að hún sé metnaðarfull þegar kemur að hrekkjavökubúningum. Þá er hún gjarnan sú fyrsta sem vinir leita til þegar kemur að grímuböllum.

Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is

Sem bæði menntaður klæðskeri og fatahönnuður hefur Guðrún starfað við fagið í rúmlega tíu ár. Starfsframann og búningaáhugann tengir hún beint við æskuna enda var móðir hennar dugleg að sauma bæði búninga fyrir öskudaginn og fatnað almennt. „Þarna byrjar áhugi minn á fatnaði yfir höfuð. Amma var líka dugleg að sauma svo þetta var mjög mikið í fjölskyldunni. Það var líka mjög mikil nýtni á heimilinu og mamma saumaði á okkur búninga og ný föt úr efnum og gömlum fötum. Ég saumaði mér eitt sinn árshátíðarkjól úr rúmfötum. Og þegar ég var um fimmtán ára saumaði ég býflugnabúning fyrir litla bróður sem var rétt um eins árs. Ég á þennan búning enn og held mikið upp á hann," segir Guðrún.

Komdu og skoðað' í kistuna

Guðrún segist alltaf hafa haldið upp á öskudaginn. „Það var bara enn betra þegar Halloween bættist við. Ég segi stundum við erlenda vini mína sem ekki þekkja öskudaginn að hann sé eins og Halloween nema bara með regnbogum og einhyrningum," segir Guðrún og kímir.

„Búningagerðin er opnari á öskudaginn á meðan ég leita frekar í hryllinginn á Halloween. Ég á stórt safn, um ellefu kassa, af alls konar fötum og búningum sem ég hef sankað að mér úr ýmsum áttum. Sumt er venjulegur fatnaður og annað hef ég saumað sjálf. Það er jafnvel byrjað að spyrjast út hjá vinum og vandamönnum að ég geti reddað búningum. Systir mín þarf til dæmis aldrei að hafa áhyggjur. Þegar hún var ólétt í fyrra útbjó ég fyrir hana Handsmaid's Tale búning. Svo hefur þessi áhugi minn smitast mikið inn í stórfjölskylduna. Litla frænka mín er til dæmis forfallin búningaáhugakona og hefur það líklega frá mér."

Gaman að vera einhver annar

Um tíma starfaði Guðrún við búningagerð hjá Íslensku óperunni. „Ég er einlægur aðdáandi leikhúss og óperu og þetta var ótrúlega skemmtilegur tími. Í mínum huga tengist þetta allt. Tíska hefur mikið mótað samfélög í gegnum aldirnar og í henni endurspeglast tíðarandi líðandi stundar. Ég held það sé stór ástæða þess hversu mikið ég heillast af tísku, klæðskurði og búningum. Hvernig við tjáum okkur með tískunni og búum til okkar eigin stíl, handverkinu sem býr þar að baki og skilja hver klæðist hverju og hvers vegna, hver sé ástæðan á bak við vissa tísku og vissan fatnað. Búningar eru bara eitt annað form af tjáningu, geta fangað vissa stemningu og veruleika sem er ókunn okkur. Leikhús og kvikmyndir færa okkur nær fortíðinni, framtíðinni og búa til draumaveröld, já, eða martraðaveröld sem einungis er til í hugarheiminum. Það er eitthvað svo spennandi að geta hoppað á milli þessara veruleika."

Guðrún starfar í dag sem skrifstofustjóri hjá fyrirtækinu Meniga og stundar meðfram því meistaranám í verkefnastjórnun hjá Háskóla Reykjavíkur. „Námið tengist inn í fatahönnunargeirann enda er starfsumhverfið þar afar verkefnatengt. Svo stefni ég á að vinna að einhverju menningartengdu í framtíðinni enda opnar námið fyrir mikla möguleika. Þó svo vinnan mín hjá Meniga sé ekki tengd fatahönnunargeiranum þá er ég enn starfandi innan fagsins. Þá gegni ég formannsstöðu hjá Fatahönnunarfélaginu."

Halloween á farsóttartímum

Á tímum samkomubanns og sóttvarna er ekki úr lagi að spyrja í hvaða veruleika Guðrún ætli að hoppa þetta árið. „Það átti að vera Halloween-partí hjá bardagafélaginu Týr, þar sem ég æfi. En það verður ekki úr því vegna faraldursins. Einnig ætluðum við frænkurnar að halda ærlegt Halloween-partí og hafa það sem árlegan viðburð, en það verður að bíða fram á næsta ár. Í staðinn verður Halloween-gleðistund á Zoom á vegum vinnunnar. Mér finnst líklegt að búningurinn hjá mér í ár verði meira í áttina að andlitsmálningu, en ég hef líka mjög gaman af þeim hluta í búningagerð. Mig langar að nota gervilatex og búa kannski til sár. Þetta verður að minnsta kosti eitthvað tengt horror og hryllingi," segir Guðrún spennt.

Hér má sjá Guðrúnu og vinkonu hennar sem Jókerinn á Halloween 2015.

„Lifðu lengi og dafnaðu" eru kveðjuorð Vúlkana. Hér má sjá Guðrúnu túlka Vúlkaninn Spock úr Star Trek-þáttaröðunum.

Guðrún var heldur betur óhugnanleg á Halloween í fyrra, 2019.

Guðrún Guðjónsdóttir hefur starfað innan fatahönnunarbransans í rúmlega tíu ár og er forfallinn búningaáhugakona. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Guðrún var glæsileg sem japönsk geisha á öskudaginn árið 2017.

Hér hefur Guðrún málað hálft andlitið eins og beinagrind og klætt sig sem herforingja. MYNDIR/AÐSENDAR



Hér var „hin" móðirin úr Coraline-kvikmyndinni innblásturinn að hrekkjavökubúningi Guðrúnar árið 2017. Það er greinilegur metnaður í henni.

Gólfefni

FIMMTUDAGUR 29. OKTÓBER 2020

Parki býður parket með mörgum mismunandi áferðum. Sumir vilja slétt viðarparket sem er nánast eða alveg kvistalaust en aðrir vilja grófara viðarparket með burstaðri áferð, stórum kvistum.

Allt á einum stað hjá Parka

Parki á Dalvegi í Kópavogi býður upp á allt sem þarf til að fegra og bæta heimilið. Þar er gott úrval af viðarparketi, ásamt vatnsþolnu harðparketi og vínylparketi. Einnig fást vandaðar innréttingar og innihurðir, flísar, veggfóður, stakar mottur og loftklæðningar sem hafa verið vinsælar. →2

Framhald af forsíðu

Hjá Parka hefur vöruúrvalið aldrei verið meira. „Við hjá Parka höfum breikkað vöruúrval okkar mikið undanfarin ár. Engu að síður höldum við fast í grunninn og leggjum mikla áherslu á að vera með gott úrval af viðarparketi. Að mínu mati jafnast ekkert gólfefni á við ekta parket hvað útlit, hlýju og mýkt varðar. Við erum sennilega með í kringum 50 mismunandi tegundir af parketi til sýnis hér í sýningarsal okkar á Dalvegi. Langmest af okkar parketi er fullmeðhöndlað og þá yfirleitt lakkað með möttu lakki beint frá framleiðanda og því ekkert viðhald á efninu. Einnig bjóðum við upp á olíuborið parket. Því þarf að halda við og viðhaldsolíubera helst á hverju ári en það fer að sjálfsögðu eftir notkun," segir Steingrímur Gústafsson, markaðsstjóri hjá Parka.

Harðparket og vínylparket hafa notið mikilla vinsælda en það eru gólfefni sem þola mikið álag, rispast ekki svo auðveldlega auk þess að vera vatnsþolin.

„Það nýjasta í vínylparketi hjá okkur er efni sem heitir Specta og kemur með áföstu undirlagi. Kosturinn við það er að leggja má vínylparketið yfir flísar og fleiri gólfefni. Misfellur í gólfi mega vera allt að 5 mm og leggja má efnið á 400 m2 flöt samfellt, án þensluraufar. Spectra er með 21 dB hljóðdempun og hentar því einstaklega vel í fjölbýlishúsum og þar sem hljóðkröfur eru miklar. Það hentar á öll gólf, meira að segja baðherbergi þar sem það þolir vatn og raka einstaklega vel. Vínylparketið er einnig mjög vinsæl lausn fyrir fyrirtæki og stóra sali," upplýsir Steingrímur.

Hjá Parka er einnig til mikið úrval af hágæða ítölskum flísum á lager, veggfóðri, þýskum yfirfelldum innihurðum og stökum mottum. „Við höfum sérhæft okkur í kerfisloftum ásamt ýmiss konar lausnum hvað hljóðvist varðar. Með þetta breiða vöruúrval að vopni er mikið um að viðskiptavinir okkar vilji fá tilboð í heildarpakkann á heimilið sitt. Fólki finnst þægilegt að þurfa ekki að keyra um allan bæ, heldur geta borið allt saman á sama stað og verið í samskiptum við einn sölumann," segir Steingrímur.

Náttúrulegir tónar vinsælir

Þegar talið berst að því hvernig parket sé í tísku þessa dagana segir Steingrímur að það sé afar mismunandi eftir hverju fólk sé að sækjast.

„Það fer oftar en ekki eftir stíl húsnæðisins hverju sinni. Við bjóðum upp á parket með mörgum mismunandi áferðum. Sumir leita eftir sléttu viðarparketi sem er nánast eða alveg kvistalaust og aðrir vilja grófara viðarparket með burstaðri áferð, stórum kvistum og meira lífi. Náttúrulegu tónarnir hafa tekið svolitið við aftur af gráu tónunum, sem hafa verið í tísku undanfarin ár. Þessi náttúrulegi eikarlitur ásamt ljósri eik hafa verið mjög vinsælir undanfarið. Vinsælustu tegundirnar af harðparketi hjá okkur eru breiðir og langir plankar en það er útlit sem okkar viðskiptavinir eru oftast að leita eftir. Þá ertu með færri samskeyti og parketið flýtur betur í rýminu ef við getum orðað það sem svo," segir hann.

Ýmislegt þarf að hafa í huga þegar parket er keypt, enda stór fjárfesting og eitthvað sem er komið til með að vera á gólfinu á heimilum eða fyrirtækjum. „Ef við tölum um viðarparket þá þarf til að mynda að hafa í huga hversu þykkur viðarspónninn er og hversu mikil harka er í efninu. Einnig er gott að gera það upp við sig hvort maður vilji lakkað parket og þar með sleppa við viðhald eða þá olíuborið efni sem þarf að viðhalda. Einnig skiptir máli hversu margar umferðir eru farnar af lakki en flest okkar parket er lakkað 5-7 sinnum í verksmiðju. Ábyrgð er líka eitthvað sem skiptir viðskiptavini okkar miklu máli og í flestum tilfellum er að minnsta kosti 25 ára verksmiðjuábyrgð á okkar parketi. Ef fólk er viðkvæmt fyrir því að það sjáist á parketinu þá er sniðugra að kaupa burstað efni en ekki slétt. Þá verða rispurnar bara hluti af útlitinu. Persónulega finnst mér parket fyrst flott þegar farið er að sjást aðeins á því. Þá er kominn karakter í það og ljóst að einhver býr á heimilinu," segir Steingrímur.

Sléttasta loft sem völ er á

„Það nýjasta hjá okkur er loftadúkur en hann hefur notið gríðarlegra vinsælda, enda sléttasta loft sem völ er á, á markaðnum í dag. Dúkurinn er strekktur upp á lista og uppsetning er tiltölulega fljótleg og einföld. Um er að ræða sérstaklega umhverfisvæna lausn sem inniheldur ekki PVC-efni. Auðvelt er að taka út fyrir lýsingu og samskeyti eru ekki áberandi ef að skeyta þarf dúkunum saman. Dúkurinn dregur ekki í sig ryk og auðvelt er að þrífa hann. Einnig eru miklir möguleikar varðandi hljóðvist en þá eru steinullarplötur festar upp í loft og dúkurinn svo strekktur yfir þær," segir Steingrímur og bætir við að ekki sé vafi á að loftadúkurinn eigi eftir að spara mörgum tíma og vinnu við að slétta loft í húsum.

Hágæðainnréttingar frá Frakklandi

Hjá Parka fást hágæðainnréttingar frá franska vörumerkinu Schmidt. „Við getum útvegað eldhúsinnréttingar, baðinnréttingar og fataskápa. Hver innrétting er sérsmíði fyrir hvern og einn og taka innanhússhönnuðir okkar vel á móti viðskiptavinum í nýjum og glæsilegum sýningarsal okkar. Gríðarlegt úrval er í frontum og ein helsta sérstaða Schmidt er óhemjumikið úrval af litum og spónartegundum. Þetta býður upp á mikinn fjölbreytileika í efnisvali. Við bjóðum viðskiptavinum okkar upp á hönnunarþjónustu eftir þeirra óskum gegn vægu gjaldi sem gengur svo upp í kaupin.

Afgreiðslutími hjá Schmidt er almennt um átta vikur og koma innréttingarnar fullsamsettar til landsins," segir Steingrímur og bætir við að allur frágangur hjá Schmidt sé til mikillar fyrirmyndar og brautirnar þær bestu í heiminum í dag.

En hvað er gott að hafa í huga við kaup á innréttingu?

„Þar skiptir máli að heildarmyndin á heimilinu komi vel út. Þetta þarf allt að passa saman og kosturinn við sýningarsal okkar er að hér er allt til staðar til að bera saman. Auðvelt er að bera saman frontinn á innréttingunni við parket, flísar og innihurðir hjá okkur, svo dæmi sé tekið," svarar Steingrímur.

En eru teppi að komast í tísku aftur?

„Já, teppin hafa notið mikilla vinsælda hjá okkur. Við eigum til á lager marga mismunandi liti og áferðir. Teppi á heimastiga og stigaganga er einföld, slitsterk og góð lausn sem bætir hljóðvist og eykur mýkt. Það heitasta í teppum hjá okkur í dag eru svokölluð kósí teppi, það er að segja teppi með háu flosi og hefur það færst mikið í aukana að fólk er að teppaleggja hjá sér herbergi. Einnig getum við sniðið teppi eftir máli og búið til úr þeim mottur en þá földum við kantana fyrir viðskiptavini. Teppaflísar eru einnig mjög vinsæl lausn fyrir skrifstofur og fyrirtæki," segir Steingrímur að lokum.

Gólfefnin skipta öllu máli á fallegu heimili. Hér setur parketið glæsilegan svip á umhverfið. MYNDIR/GUNNAR SVERRISSON

Steingrímur Gústafsson, markaðsstjóri hjá Parka.

Hægt er að velja um margar mismunandi tegundir af veggfóðri hjá Parka.

Það nýjasta hjá Parka er loftadúkur sem hefur notið gríðarlegra vinsælda.

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson | Sölumaður auglýsinga: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, | Veffang: frettabladid.is

HÖNNUN,
GÆÐI & GLÆSILEIKI

GÓLFEFNI FYRIR VANDLÁTA

Gólfefni á mynd: Tarkett Segno Oak Blonde

Tarkett

ÁLFABORG
- allt á gólfið -

Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is



VIÐARLOFT & VEGGKLÆÐNINGAR
HLÝLEG OG HLJÓÐDEMPANDI

ringo®

GÆÐA INNIHURÐIR
Á GÓÐU VERÐI

FLORIM

FLÍSAR
MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

Kährs®
QUALITY IN WOOD SINCE 1857

2017_2020 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið Keldan

2016 2020 Framúrskarandi fyrirtæki

EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF PARKETI

VIÐARPARKET, GEGNHEILT PARKET
HARÐPARKET & VÍNYLPARKET

BORÐLEGGJANDI GÆÐI

Birgisson®

OKKAR VÖRUR ERU UMHVERFISVOTTAÐAR

Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is

BYKO

Komdu og skoðaðu úrvalið hjá okkur

Gæða harðparket á góðu verði

KRONO Original by Kronospan

Krono Original er endingargott harðparket sem þolir vel högg, núning, álag og hitakerfi. Þýsk gæði sem hafa sannað sig.

www.krono-original.com

Krono Original® High Quality

Ráðleggingar um parketlögn má finna á byko.is



Verslaðu á netinu byko.is

Pantaðu á byko.is fyrir **kl. 14:00 alla virka daga** og þú færð vöruna **samdægurs** á höfuðborgarsvæðinu. Frí heimsending er á pöntunum yfir 20.000 kr

*My*Style

Margverðlaunað umhverfisvottað harðparket í BYKO.

Umhverfisvottun Bláa engilsins er þýskt umhverfismerki sem hefur verið notað í yfir 40 ár. Einungis umhverfisvænar vörur sem standast hæstu kröfur fá leyfi þýskra yfirvalda til að nota merkið.

www.blauer-engel.de

THE BLUE ANGEL
ENVIRONMENTAL LABEL JURY

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Falleg gólf eru heimilisprýði. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Þrif á parketti

Leiðbeiningastöð heimilanna gefur upp alls konar góð ráð um heimilisþrif. Þar má meðal annars finna leiðbeiningar um þrif á gólfum en það er mismunandi eftir gólfefnum hvernig á að bera sig að við þrif. Ryk og önnur óhreinindi þarf að hreinsa burt reglulega, annaðhvort með því að ryksuga, fara yfir með rykmoppu eða þvo.

Parkett er mjög vinsælt gólfefni hérlendis, hvort sem um er að ræða plastparkett eða viðarparkennt. Olíu eða vaxborið parkett er best að rykmoppa reglulega og nota grænsápu eða þar til gerða parkettsápu sem er feit þegar þvo á gólfið. Olíu- eða vaxborið parkett krefst nokkurs viðhalds til að halda því fallegu og nauðsynlegt er að bera á það nokkuð reglulega.

Plastparkett skal varast að bleyta mikið. Ef það er nauðsynlegt skal nota volgt vatn og þurrka jafnóðum. Annars er best að strjúka bara yfir gólf úr plastparketti með þurri moppu eða ryksuga.

Risastórt teppið er stór þáttur í hönnun innra rýmis stórmosku soldánsins Qaboo bin Said í Óman.

Glæsilegasta gólfmottan

Það er að sjálfsögðu smekksatriði hvað telst fallegasta gólf veraldar, en gólfið í bænasalnum í stórmosku soldánsins Qaboo bin Said í Múskat, höfuðborg Óman, hlýtur að vera í hópi þeirra glæsilegustu, en það er skreytt með magnaðri gólfmottu.

Moskan var reist á 10. áratug síðustu aldar og risastórt teppið er stór þáttur í hönnun innra rýmis moskunnar og þekur gólf bænasalarins. Teppið samanstendur af 1,7 milljörðum hnúta, það vegur 21 tonn og það tók fjögur ár að framleiða það, en í teppinu koma fram fjórar ólíkar hönnunarheiðir. 28 litir í mismunandi litbrigðum voru notaðir til að lita teppið, en flestir voru unnir úr hefðbundnum plöntulitum.

Teppið er yfir 60 sinnum 70 metrar og þekur alls 4.343 fermetra. Það var það stærsta í heimi, en sex árum síðar var moska sjeiksins Zayed í Abu Dhabi fullkláruð og þar er enn stærra teppi. Bæði teppin voru gerð af sama fyrirtæki.

Hunda- og kattahár á gólfinu

Þótt gæludýrin séu frábær fylgir þeim hunda- eða kattahár á gólfinu eða á fötum eigandans. Þetta getur verið mjög pirrandi, sérstaklega þegar fólk klæðist svörtu. Samkvæmt gömlu húsráði er ágætt ráð að sópa yfir mottur og teppi með skrúbbi áður en ryksugan er tekin fram. Með skrúbbinum er hægt að draga hárin fram og síðan eru þau ryksuguð. Einfalt ráð.

Ef þú nennir ekki að vera alltaf með ryksuguna á lofti er gott ráð að nota rykmoppu og fara reglulega yfir gólfið. Hún dregur í sig hárin. Þetta er auðveld leið til að halda gólfinu fínu á milli þess sem það er ryksugað og þvegið.

Ef þú ert á leið í vinnu og fínu fötin eru loðin eftir heimilisdýrið er vel hægt að nota límrúllu sem þú rennir eftir fötunum. Einnig er gott að setja nokkra blautklúta, eins og notaðir eru við bleyjuskipti í þvottavélina, þegar fötin eru þvegin. Klútarnir draga hárin til sín. Þurrkarar gera það einnig.

Gæludýrin eru svo frábær en fara því miður úr hárum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

SIR ARNAR GAUTI

Lífsstílsfrömuðurinn Arnar Gauti mætir aftur á skjáinn með glænýjan lífsstílsþátt. Í þáttunum heimsækir hann falleg og vel hönnuð íslensk heimili og sýnir áhorfendum fyrir og eftir breytingar. Hann kynnir sér íslenska veitingahúsamenningu, skoðar uppbyggingu nýrra hverfa þar sem nútíma arkitektúr er í fyrirrúmi og fjallar einnig um ýmis lífsstílstengd málefni.

Sir Arnar Gauti er á dagskrá Hringbrautar alla fimmtudaga kl. 21:30.

ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN HÚSASMIÐJAN

Öryggismiðstöðin og Húsasmiðjan bjóða landsmönnum upp á Sir Arnar Gauta

HRINGBRAUT

Bóel

30% AFLSÁTTUR

af völdum hönnunarfatnaði og skóm

frá **RUNDHOLZ, KLAES&MYRAS,TRIPPEN og LOFINA**

Frábært tækifæri
til að eignast geggjaða skó eða flík!

10%
af öðru í versluninni.
Gildir til 7. nóvember

Bóel

ÓÐINSGÖTU 1, 101 REYKJAVÍK
Sími 8341809 BOEL boelisland
Opið miðvikud - föstud 12-18 laugard 12-16
www.boel.is

Margslunginn myrkraprins

Miles Davis er fyrir mörgum holdgervingur djasstónlistar en hann er talinn einn áhrifamesti tónlistarmaður allra tíma. Davis var þá einnig þekktur fyrir tilkomumikinn og svellkaldan fatastíl.

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is

Miles Dewey Davis III fæddist 26. maí árið 1926 í Illinois og ólst svo upp í St. Louis. Faðir hans var vel stæður tannlæknir og móðir hans tónlistarkennari og fiðluleikari.

Goðsögn verður til

Móðir hans vildi að hann myndi læra á fiðlu en faðir hans gaf honum trompet og þannig hófst tónlistarferill þessa hæfileikaríka manns.

Árið 1944 kom hljómsveit Billy Eckstine til St. Louis en meðal meðlima voru sjálfir Dizzy Gillespie og Charlie Parker. Gillespie og Parker buðu Davis þá að spila með sveitinni vegna veikinda eins trompetleikarans. Davis þáði boðið og spilaði með þeim í tvær vikur en um svipað leyti eignaðist hann sitt fyrsta barn, dótturina Cheryl með Irene Birth, þáverandi kærustu sinni.

Eftir að hafa spilað með sveitinni var Davis staðráðinn í að flytja til New York og eftir að hafa fengið inngöngu í Juilliard varð sá draumur að veruleika. Davis hafði þó ekki mikinn áhuga á náminu, skrópaði oft og eyddi heldur tíma sínum á djassklúbbum í góðum félagsskap annarra tónlistarmanna. Árið 1945 hætti hann í skólanum. Mæðgurnar Irene og Cheryl fluttu svo til hans og bjó fjölskyldan þar um skeið ásamt Charlie Parker. Árið 1947 eignaðist Irene þeirra annað barn, soninn Gregory, í St. Louis en á þeim tíma var Davis, sem var þá kominn á kaf í tónlist, byrjaður að neyta mikils áfengis og kókaíns.

Árið 1949 fór Davis í tónleikaferðalag til Parísar ásamt kvintett Tadd Dameron þar sem þeir komu fram á djassfestivali. Davis féll kylliflatur fyrir borginni og sagði að betur væri komið fram við svarta djasstónlistarmenn þar en í Bandaríkjunum. Á meðan hann dvaldi í Frakklandi hóf hann ástarsamband við franska söng- og leikkonu að nafni Juliette Gréco.

Miles Davis var reffilega klæddur alla sína ævi. Hér er hann árið 1984.

Óaðfinnanlega til fara í Vestur-Þýskalandi árið 1959. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Glæsilegur og glitrandi Miles Davis á tónleikum árið 1978.

Ljósklæddur, fágaður og dularfullur með hálsklút á tónleikum 1975.

Heróín og heimsfrægð

Eftir að hann sneri aftur til New York átti hann í vaxandi erfiðleikum með að sjá fyrir sér og var auk þess orðinn háður heróíni. Árið 1950 fór hann ásamt Irene og börnunum í ferðalag til St. Louis en þar fæddist þeim þriðja barnið, sonur að nafni Miles IV. Þegar þau sneru aftur til New York var Davis boðið á tónleikaferðalag ásamt Eckstine og Billie Holiday. Hann tók boðinu og skildi fjölskylduna eftir í umsjá vinkonu sinnar, djasssöngkonunnar Betty Carter. Á tónleikaferðalaginu var hann handtekinn fyrir vörslu heróíns en málinu var síðar vísað frá.

Davis var um skeið orðinn svo langt leiddur af heróínfíkn að hann var farinn að útvega sér pening sem melludólgur. Neyslan var farin að hafa veruleg áhrif á getu hans til að spila og Irene sat ein uppi með börnin þrjú sem hann neitaði að greiða meðlag með. Árið 1954 náði hann loksins að losa sig úr viðjum heróínfíknarinnar í St. Louis. Árið 1955 fór hann svo í aðgerð á barkakýli og var ráðlagt að hvíla röddina eftir aðgerðina. Davis fór ekki eftir fyrirmælum og eftir að hafa lent í háværu rifrildi skaðaðist hann varanlega á raddfærum og varð rámur það sem eftir var. Snemma það ár sat hann í fangelsi í skamman tíma vegna vangreidds meðlags.

Vinsældir Davis fóru þó vaxandi á næstu árum og hann gaf út fjölmargar plötur á síðari hluta sjötta áratugarins. Árið 1959 gaf hann svo út tímamótaverkið Kind of Blue sem er sennilega þekktasta og mest selda djassplata sögunnar. Gaman er þó að geta þess að Davis sjálfur var þó ekkert sérstaklega hrifinn af orðinu djass.

Sama ár kvæntist hann dansaranum Francis Davis sem prýddi meðal annars plötuumslagið á plötunni Someday My Prince Will Come sem kom út 1961. Líkt og margir tónlistarmenn og aðrir menn á þessum tíma átti Davis sér myrka hlið og greindi Francis frá því að hann hefði verið afbrýðisamur og ofbeldisfullur sem leiddi til þess að hún skildi við hann.

Á sjöunda áratugnum spilaði Davis mikið með Herbie Hancock og hélt áfram að gefa út plötur. Platan Bitches Brew kom út 1970 og á henni greina mátti hljóðfæri á borð við rafmagnspíanó og rafmagnsgítar. Davis dró sig í hlé eftir að hafa lent í bílslysi 1972 og kom ekkert fram á árunum 1975-1980. Á níunda áratugnum sneri hann aftur og gaf út nokkrar plötur en lést svo árið 1991, 65 ára gamall.

Davis er minnst sem eins áhrifamesta og best klædda djasstónlistarmanns sögunnar. Eitt af einkennismerkjum hans voru sólgleraugu og hann klæddist oft litríkum fötum úr munúðarfullum og jafnvel glitrandi efnum. Hér eru nokkrar myndir af eftirminnilegum klæðaburði Davis.

JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Stóra jólablaðið frá Fréttablaðinu kemur út þriðjudaginn 24. nóvember.

Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við auglýsingadeild Fréttablaðsins:

Símanúmer
550 5077

Netfang
serblod@frettabladid.is

ZHENZI síðbuxur – Jazzy straight
Stærðir 42-58
Verð kr. 7.990

ZHENZI síðbuxur – Twist legging fit.
Stærðir 42-58
Verð kr. 7.990

ZE-ZE síðbuxur – Shape slim fit
Stærðir 36-48
Verð kr. 9.990

YEST gallabuxur, Joy
Stærðir 36-48
Verð kr. 10.980

YESTA gallabuxur, JoyA
Stærðir 44-60
Verð kr. 10.980

yesta BY X-TWO | yest | no secret | Q'neel | ROBELL | ZHENZI | ZE-ZE Nordic | OPHILIA

ROBELL ökklabuxur, Marie09
Stærðir 34-52
Verð kr. 11.980

ROBELL ökklabuxur, Bella09
Stærðir 34-58
Verð kr. 7.980

ROBELL ökklabuxur, Nena09
Stærðir 34-54
Verð kr.11.980

ROBELL síðbuxur, Bella
Stærðir 34-58,
Verð kr. 7.980

NO SECRET síðbuxur, basic
Stærðir 42-56
Verð kr. 10.980

SYBEL | festival DENMARK | STUDIO | GOZZIP | SANDGAARD | LASESSOR | FRANDSEN | tamaris | Handberg | Jana

YEST Treggings, Ornika
Stærðir 36-48
Verð kr. 5.980

YESTA Treggings, Arnika
Stærðir 44-60
Verð kr. 7.980

YESTA síðbuxur, Amynta
Stærðir 44-60
Verð kr. 10.980

KJ-Brand síðbuxur, Susie
Stærðir 38-58
Verð kr. 15.980

KJ-Brand síðbuxur, Betty
Stærðir 38-58
Verð kr. 11.980

Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Toyota Landcruiser 1/2018 33" breyttur með snorkel. Loftdæla - krómgrind ofl. Sjálfskiptur. Ek. 76 þ. Km. Ný yfirfarinn og þjónustaður. Lækkað verð nú: 8.390 þús.

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA

Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.

Uppýsingar í síma 868-2055

Málarar

REGNBOGALITIR EHF.
Alhliða málningarþjónusta. Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Vönduð vinnubrögð og vanir menn. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

PARKETLAGNIR.
Tek að mér parketlagnir, hafið samband og ég geri tilboð. Gsm: 8975744

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Akureyrar. Sími 694 7881, Janna.

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Akureyrar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Til bygginga

HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Eurotec A4 harðviðarskrúfur. Penofin og Armstrong Clark harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122

Heilsa

Heilsuvörur

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Húsnæði í boði

Til leigu 3.herb.íbúð í Grafarvogi íbúðin er á 3.hæð. Reyklaus íbúð, gæludýr ekki leyfð. Langtímaleiga. Farið er fram á tryggingu sem nemur 2.mánaða leigu. Vinsamlegast sendið upplýsingar um atvinnu og fjölskylduhagi. Leiguverð er 215.000. habbyhalldors@gmail.com

Tilkynningar

Tilkynningar

WWW.YAAKOVSWELL.NET
Here you will find a series of studies of the Blessed Torah. All the material is completely free. you may download it, copy it and give it away.

Einkamál

Vandaður íslenskur stefnumótavefur. Makaleit.is - aðeins 999 kr

HEIÐARLEGUR KK LANGAR AÐ KYNNAST KVK
Mig langar að kynnast konu um 60+ sem er til í að hittast yfir kaffibolla, göngutúr og fl. Vera með opinn hug varðandi framhaldið ef að bæði hafa áhuga.
Endilega hafið samb. í s. 696 4847

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

Til sölu



Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is



Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is

Aflamark Byggðastofnunar
– boð um samstarf á Bakkafirði

Byggðastofnun auglýsir eftir samstarfsaðilum um nýtingu á aflamarki Byggðastofnunar **á Bakkafirði í Langanesbyggð. Um er að ræða 68.499 þorskígildiskíló á fiskveiðiárinu 2020/2021.** Um úthlutun og ráðstöfun aflamarksins gilda ákvæði reglugerðar nr. 643/2016.

Nánari lýsingu á verkefninu er að finna á vef Byggðastofnunar **www.byggdastofnun.is**

Umsóknir skal senda til Byggðastofnunar, á netfangið aflamark@byggdastofnun.is fyrir **kl. 12:00 föstudaginn 13. nóvember 2020.**

BYGGÐASTOFNUN Sími 455 54 00 postur@byggdastofnun.is byggdastofnun.is

GLUGGA GERÐIN

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

job
Finnum draumastarfið saman

Erum við að leita **að þér?**

Frestuðu þvert á óskir HSÍ

HANDBOLTI Evrópska handknattleikssambandið samþykkti í gær að fresta leik Íslands og Ísraels í undankeppni Evrópukeppninnar 2020 að beiðni ísraelska handknattleikssambandsins. Ekki hefur verið fundin ný dagsetning fyrir leikinn.

Samkvæmt tölvupósti sem HSÍ barst í gær var þessi ákvörðun tekin vegna COVID-19 faraldursins. Ísraelar eigi erfitt með að koma hingað til lands vegna ferðatakmarkana og hættu á því að leikmenn liðsins þurfi að fara í einangrun að leik loknum.

HSÍ sendi kvörtun til EHF í gær enda búið að leggja út töluverðan kostnað vegna leiksins auk þess sem afar óljóst er hvenær og hvort hægt sé að spila leikinn. Þá má reikna með töluverðum aukakostnaði við að spila leikinn á nýrri dagsetningu.

Leik Íslands og Litháens hefur þó ekki verið frestað, sá leikur verður spilaður miðvikudaginn 4. nóvember kl. 19.45 í Laugardalshöll. **– hó**

Vilja 23 þúsund á Old Trafford

FÓTBOLTI Manchester United er búið að fara í framkvæmdir til að geta tekið á móti allt að 23.500 áhorfendum á Old Trafford en bíður enn leyfis frá breskum stjórnvöldum um að áhorfendur fái að mæta á leiki á ný. Tæplega þriðja hvert sæti yrði nýtt ef félagið fær heimild til að hleypa áhorfendum inn á ný. Félagið varð af mikilvægum tekjum á síðasta ári þegar ákveðið var að spila fyrir luktum dyrum vegna kórónaveirufaraldursins.

Fyrr á þessu ári var vonast til þess að félög á Englandi gætu fengið að hleypa áhorfendum inn á vellina í takmörkuðum fjölda í október líkt og þekkist í nágrannalöndunum. Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, virtist gera út um þær vonir þegar hann sagði að takmarkanirnar yrðu væntanlega í hálft ár til viðbótar.

Í samtali við SkySports sagði Colletta Roche, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs hjá United (e. chief operating officer) að félagið hefði unnið eftir leiðbeiningum stjórnvalda við að breyta vellinum til að gæta fyllsta öryggis. Hluti þess væri að hitamæla alla sem koma inn á völlinn og skipuleggja mismunandi tímasetningar sem hliðin opnuðu til að tryggja fjarlægð milli stuðningsmanna fyrir utan völlinn. **– kpt**

Velgengni Andra styrkir trú Ítala á íslenskum leikmönnum

Alls eru níu Íslendingar á mála hjá ítölskum liðum þessa dagana, þar af fjórir hjá Bologna, þar sem Andri Fannar Baldursson varð fyrr á árinu sjötti Íslendingurinn til að leika í efstu deild ítalska boltans. Umboðsmaður Andra segir velgengni hans hafa aukið áhuga annarra ítalskra liða á íslenskum leikmönnum.

Andri Fannar hefur komið inn á sem varamaður gegn Lazio og AC Milan í upphafi tímabilsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

FÓTBOLTI „Það er auðvitað margt sem spilar inn í, það hafa ekki margir Íslendingar farið ungir út til Ítalíu en velgengni Andra Fannars á stuttum tíma hefur vakið athygli og þá líta menn í sömu átt," segir Magnús Agnar Magnússon, umboðsmaður á skrifstofu Stellar Nordic, aðspurður hvernig megi útskýra skyndilegan áhuga ítalskra knattspyrnuliða á íslenskum ungstirnum. Andri Fannar varð fyrr á þessu ári sjötti Íslendingurinn til að leika í efstu deild á Ítalíu fyrir hönd Bologna og er elstur fjögurra Íslendinga hjá félaginu. Félagið gekk frá kaupunum á Ara Sigurpálssyni fyrr á þessu ári og fékk Hlyn Frey Karlsson og Gísla Gotta Þórðarson á láni frá Breiðablik, fyrr í þessum mánuði.

„Áður fyrr hefur Ítalía ekki verið stór markaður fyrir Íslendinga. Hvað olli því veit ég ekki, en þetta er að breytast. Íslendingar eru duglegir, aðlagast vel og læra tungumálið þar sem þeir eru. Svo held ég að flestir taki undir það að íslenskir leikmenn eru liðsmenn, en ekki einstaklingsmiðaðir og það heillar. Ég á von á því að fleiri lið horfi til Íslands núna þegar þau sjá velgengni Norðurlandarbúa í deildinni."

Albert Guðmundsson varð fyrsti Íslendingurinn til að leika í efstu deild ítalska boltans árið 1948. Birkir Bjarnason á að baki 51 leik í efstu deild á Ítalíu og Hörður Björgvin Magnússon tólf leiki, en Emil Hallfreðsson hefur verið í sérflokki á þeim báti með 178 leiki í Serie A.

Bologna er með fjóra efnilega Íslendinga á sínum snærum, sem ættu að sjá leið inn í aðalliðið eftir velgengi Andra Fannars.

„Bologna finnst það hafa fengið mikið fyrir peninginn í tilviki Andra Fannars og hefur því leitað á sama markað. Eitt leiðir af öðru og þetta styrkir trú þeirra á leikmönnum frá landinu, líkt og sænska félagið Norrköping sem hefur undanfarin ár sótt á íslenskan markað með góðum árangri."

Að mati Magnúsar er Ítalía spennandi áfangastaður fyrir unga og efnilega leikmenn, en hér hefur helst tíðkast að leikmenn fari til Englands, Hollands og Skandinavíu.

> **Bologna finnst það hafa fengið mikið fyrir peninginn í tilviki Andra Fannars og hefur því leitað á sama markað.**
>
>
>
> Magnús Agnar Magnússon, umboðsmaður hjá Stellar Nordic

„Akedemíurnar þarna eru öflugar og strákarnir sjá að það er mögguleiki að ná lengra með því að fara út, sérstaklega þegar það virðist vera leið inn í aðalliðin. Svo læra þeir að vera atvinnumenn og standa á eigin fótum. Ef þú stendur þig vel á Ítalíu kemstu á radarinn hjá sterkustu deildum heims, en ef hlutirnir ganga ekki upp í akademíu hjá liði í efstu deild ítalska boltans, er mjög líklegt að lið í Serie B hafi áhuga og lið í Skandinavíu."

Aðspurður út í Andra Fannar, sagði Magnús að hann hefði gripið tækifærið með báðum höndum þegar það gafst.

„Það var fram úr björtustu vonum að honum tókst að brjótast inn í aðalliðið á síðasta tímabili. Í knattspyrnu þarf maður að vera réttur maður á réttum stað. Hann komst í leikmannahópinn, stendur sig vel á æfingum og fékk tækifærið sem hann nýtti til hins ýtrasta. Það getur orðið dýrt ef illa gengur og leikmaður fær aðeins eitt tækifæri, en honum tókst að nýta það mjög vel."

Í Serie B, næstefstu deild, eru Birkir og Hólmbert Aron Friðjónsson hjá Brescia, Óttar Magnús Karlsson og Bjarki Steinn Bjarkason hjá Venezia og Mikael Egill Ellertsson hjá SPAL. Þá er Sveinn Aron Guðjohnsen á láni hjá OB í Danmörku frá Spezia sem komst upp í Serie A fyrr á þessu ári.

kristinnpall@frettabladid.is

Metnaðurinn liggur til þess að færa mig yfir í sterkari deild

FÓTBOLTI Elías Már Ómarsson hefur verið iðinn við kolann í markaskorun með liði sínu Excelsior í hollensku B-deildinni í knattspyrnu karla á þessu tímabili. Elías hefur skorað 10 mörk í fyrstu níu deildarleikjum liðsins og tvö mörk í einum leik í bikarnum.

„Það tók við nýr þjálfari um mitt síðasta tímabil og við það breyttist hlutverk mitt hjá liðinu. Ég byrja flestalla leiki uppi á topp sem framherji og svo fer ég vanalega í tíuna þegar það við skiptum um framherja í miðjum leik. Ég hef leikið alla leiki nema tvo til enda á þessari leiktíð og ég finn fyrir miklu trausti frá þjálfarateyminu. Ég fæ þá tilfinningu í hverjum leik að það sé stutt í að ég muni skora og það er erfitt að útskýra af hverju sú tilfinning kemur," segir Elías Már í samtali við Fréttablaðið.

Keflvíkingurinn Elías Már Ómarsson hefur byrjað tímabili af miklum krafti og er markahæstur í hollensku B-deildinni eftir níu leiki. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

„Við erum með fínt lið en það er engin krafa á það að fara upp um deild þó við gætum það alveg. Félagið er þannig rekið að hér eru ungir leikmenn sem fara til stærri félaga þegar það býðst og svo er nokkur velta á lánsmönnum. Mér líður mjög vel hérna en félagið veit það vel að ég stefni á að spila í sterkari deild á næstu tímabilum. Það er fullur skilningur á því en á meðan ég er hérna er ég með fullu einbeitingu á því að halda áfram að standa mig," segir sóknarmaðurinn sem skoraði 12 mörk síðasta vetur, níu þeirra eftir áramót með nýjum þjáfara.

„Ég renn út á samningi hér næsta sumar en félagið hefur rétt á því að framlengja samninginn við mig. Þeir vita hins vegar af því að ég hef hug á því að fara í sterkari deild ef það verður í boði. Það eru fá félög að eyða miklum peningum í leikmenn vegna kórónaveirufaraldursins þannig að ég býst við því að klára tímabilið hérna og sjá svo til hvernig staðan verður næsta sumar," segir hann um framtíðarhorfur.

Umræða hefur verið um hvort frammistaða Elías Más eigi að skila honum sæti í íslenska landsliðinu. Keflvíkingurinn segist lítið vera að velta því fyrir sér. „Eins og alla íslenska knattspyrnumenn dreymir mig um að spila reglulega með landsliðinu. Ég hef hins vegar ekki verið valinn í þó nokkurn tíma og því er þetta ekki eitthvað sem ég er mikið að pæla í þessa stundina. Ef kallið kemur yrði ég auðvitað ofboðslega stoltur og ánægður en á meðan þeir leikmenn sem eru að spila standa sig jafn vel og þeir hafa gert þá er ekki mikil ástæða til þess að breyta," segir Elías um mögulegt landsliðsval í framtíðinni. **- hó**

Haukur Helgi nýtur þess að fá meira frjálsræði í sóknarleiknum

KÖRFUBOLTI Haukur Helgi Briem Pálsson, landsliðsmaður í körfubolta, hefur farið vel af stað með liði sínu MoraBanc Andorra sem leikur í spænsku efstu deildinni en þaðan kom hann frá rússneska félaginu Unics Kazan í sumar. Haukur Helgi segir leikstíl liðsins og hans hlutverk henti honum einkar vel.

„Þegar ég kom hingað var rætt um það að ég fengi að nýta fjölhæfni mína betur í sóknarleiknum. Þannig er ég mikið að koma að hindrunum og skjóta og sækja á körfuna eftir hindranir. Ég er að spila sem hávaxinn þristur og ég fæ líka að spila með bakið í körfuna sem fjarki og ég er að fíla það hlutverk mjög vel. Ég fæ mun meira frjálsræði til þess að nýta mína styrkleika en hjá Unics Kazan og það var forsenda þess að ég kom hingað," segir Haukur Helgi í samtali við Fréttablaðið.

„Ég var kominn með leið á því að spila hjá liðum þar sem ég var hræddur við að gera mistök eða það mátti alls ekki fara gegn því leikplani sem sett var upp. Það gilda auðvitað ákveðnar vinnureglur hérna en það er mun betur tekið á því að leikmenn finni sjálfir leiðir til þess að sækja á körfuna eða finna sér góð skot."

Haukur hefur skorað rúmlega 11 stig að meðaltali í leikjunum fimm til þessa. Markmiðið hjá liðinu er fyrst að komast í úrslitakeppnina.

„Þetta er lið sem mun koma til með að berjast um að koma sér í úrslitakeppnina. Barca og Real Madrid eru á pappírnum sterkust og þar fyrir neðan eru tvö til þrjú lið. Svo verðum við í pakka með fimm til sex liðum sem munu berjast um að enda í topp átta og komast í úrslitakeppnina. Þetta tímbil verður samt örugglega mjög skrýtið út af COVID. Bæði út af frestunum á leikjum og svo munu meiðsli líklega hafa mikil áhrif á það hvernig liðum mun ganga." **– hó**

Íslenski landsliðsmaðurinn nýtur sín vel í liði Andorra. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ólafur á að baki 123 leiki fyrir Íslands hönd. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ólafur dregur sig úr hópnum

HANDBOLTI Ólafur Andrés Guðmundsson, fyrirliði sænska liðsins Kristianstad, mun ekki leika með íslenska karlalandsliðinu í handbolta í fyrsta leik liðsins í undankeppni EM 2022 gegn Litháen. Ólafur getur ekki gefið kost á sér vegna meiðsla en þetta staðfesti hann í samtali við vefsíðuna handbolti.is.

Ólafur varð fyrir meiðslum í leik Kristianstad gegn Guif í sænsku úrvalsdeildinni um síðustu helgi og segir skyttan í samtali við handbolta.is að um sé að ræða smávægilega tognun aftan í læri sem haldi honum líklega í um tvær vikur utan vallar.

Af þessum sökum var Ólafur Andrés fjarri góðu gamni þegar Kristianstad lagði Dinamo Búkarest að velli í riðlakeppni Evrópudeildarinnar á þriðjudaginn. **– hó**

Tækling Pickford sem setti Bítlaborgina á hliðina. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Pickford búinn að ráða lífverði

FÓTBOLTI Enski landsliðsmarkvörðurinn Jordan Pickford er búinn að ráða lífverði til að gæta öryggis fjölskyldu sinnar, eftir hótanir í kjölfarið á leik Everton og Liverpool á dögunum. Tækling Pickford olli því að Virgil van Dijk, miðvörður Liverpool, sleit krossband og er frá út tímabilið.

Pickford fór groddalega fram í tæklingunni en slapp við refsingu, þrátt fyrir aðkomu myndbandsdómgæslu. Hann varði nokkrum sinnum vel þegar Everton náði stigi af ensku meisturunum og var ekki refsað eftir á af enska knattspyrnusambandinu.

Enskir fjölmiðlar segja að Pickford hafi borist morðhótanir fljótlega eftir leik sem eru til rannsóknar hjá lögreglunni í Liverpool, en nú hefur Pickford stigið skrefinu lengra og ráðið lífverði sér til aðstoðar. Þá hefur fjölskyldunni verið ráðlagt að forðast samfélagsmiðla. **– kpt**

SPORT
OUTLET
30% til 70% afsláttur
Barna og fullorðins
Íþróttafatnaður og skór
Opnunartími
Virka daga 12-18
Laugardaga 12-16
Sundaborg 1
NÆG BÍLASTÆÐI

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

29. OKTÓBER 2020 FIMMTUDAGUR

Merkisatburðir

1787 Óperan Don Giovanni eftir Wolfgang Amadeus Mozart er frumflutt í Prag.

1919 Alþýðublaðið kemur út í fyrsta sinn. Fyrsti ritstjóri þess er Ólafur Friðriksson.

1922 Í húsinu Grund, við Kaplaskjólsveg í Reykjavík, er hafinn rekstur elliheimilis.

1925 Einnar og tveggja krónu peningar eru settir í umferð í fyrsta sinn á Íslandi.

1929 **Hlutabréf á Wall Street hrynja** sem aftur veldur kreppunni miklu. Dagurinn er kallaður svarti þriðjudagurinn.

1986 Margaret Thatcher opnar formlega M25-hraðbrautina umhverfis London.

1991 Bandaríska geimfarið Galileo kemst í námunda við loftsteininn 951 Gaspra.

1993 Íslenska kvikmyndin Hin helgu vé er frumsýnd.

2016 Kosið er til Alþingis á Íslandi.

†

Okkar elskaði faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Kristmann Eiðsson

kennari og þýðandi,

lést á Landakoti 27. október sl. Jarðarför verður auglýst síðar.

Gauti Kristmannsson
Þorsteinn Kristmannsson
Kristmann Egill Kristmannsson
Eiður Páll Sveinn Kristmannsson
Sabine Leskopf
Elísabet Benkovic Mikaelsdóttir
Herdís Pétursdóttir
Ólöf Gísladóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Okkar ástkæri föðurbróðir,

Ívar Larsen Hjartarson

frá Ísafirði, fyrrverandi starfsmaður Landssíma Íslands,

lést á hjúkrunarheimilinu að Sóltúni 2 að morgni þriðjudagsins 27. október. Útförin fer fram í Bústaðakirkju föstudaginn 6. nóvember kl. 15.00. Vegna aðstæðna verða aðeins hans nánustu viðstaddir.

Þóra Margrét Sigurðardóttir
Guðmunda Katrín Sigurðardóttir
Jóna Hjördís Sigurðardóttir
Sigurður Ingvar Sigurðsson
og aðrir aðstandendur.

†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Jeanie Lim Alburo

Sambyggð 2, Þorlákshöfn,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands fimmtudaginn 22. október. Útförin fer fram frá Maríukirkju mánudaginn 2. nóvember kl. 13. Vegna aðstæðna verða aðeins nánustu aðstandendur viðstaddir. Streymt verður frá athöfninni á vefsíðu Maríukirkju.

Kristinn Gíslason
Dulce Marie Lim Alburo
Jearone Lim Alburo
Marie Jean A. Macapaz
Ghemonil Dudz
Eowyn, Elysse, Gesha, Jhina, Gwyneth og Fritz.

„Íslenskir feður nýttu umsvifalaust allan sinn rétt til fæðingarorlofs,“ segir Guðný Björk Eydal. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Stórt skref í jafnréttis- og barnaverndarmálum

Tuttugu ár eru frá setningu laga um fæðingar- og foreldraorlof á Íslandi sem mörkuðu tímamót. Guðný Björk Eydal prófessor er meðal þeirra sem kynna reynslu af þeim á Þjóðarspeglinum, stórri félagsvísindaráðstefnu í HÍ sem haldin er á morgun á netinu.

Fyrsta markmið fæðingarorlofslaganna sem sett voru árið 2000 var að tryggja barni umönnun beggja foreldra á fyrstu stigum lífsins og samvistir við þá báða. Þetta var tímamótalöggjöf og erindi okkar Ásdísar A. Arnalds og Ingólfs V. Gíslasonar í Þjóðarspeglinum á morgun snýst um niðurstöður rannsókna á því hvort þeim markmiðum hafi verið náð. Þær rannsóknir hafa staðið frá upphafi,“ segir Guðný Björk Eydal sem er prófessor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands.

> **Allt spilar saman þannig að ef ekki eru búnar til girðingar og sérstakt rými fyrir feður til sjálfstæðs réttar fæðingarorlofs þá fellur hann yfirleitt til mæðra.**

Lögin vöktu alþjóðaathygli

Guðný segir íslensku lögin hafa vakið athygli erlendis. „Við vorum síðust Norðurlandaþjóða til að setja lög um fæðingarorlof fyrir feður en þegar við gerðum það voru þau einstök. Mæður fengu þrjá mánuði, feður þrjá mánuði og svo voru þrír mánuðir sameiginlegir.“

„Íslenska leiðin“, eins og hún er kölluð, þar sem feðrum er boðinn sjálfstæður réttur til fæðingarorlofs og góðar greiðslur, segir Guðný hafa verið öðrum þjóðum fyrirmynd. „Það er oft vísað til hennar á alþjóðavettvangi því sýnt þótti að hún væri leiðin til að feður fengju lögmætt rými til að taka fæðingarorlof.“

Páll Pétursson félagsmálaráðherra bar fram frumvarpið. „Það var stórt skref í jafnréttismálum og auðvitað í barnaréttarmálum,“ segir Guðný. „Strax þegar lögin tóku gildi varð alger bylting í því hvernig foreldrar skiptu með sér umönnun barna því íslenskir feður nýttu umsvifalaust allan sinn rétt til fæðingarorlofs. Gengu þar á undan kynbræðrum sínum í öðrum löndum með góðu fordæmi. Þar með minnkaði bilið milli atvinnuþátttöku foreldranna og bilið milli fjölda vinnustunda. Eftir þetta hefur hlutdeild feðra í umönnun barna sinna haldið áfram að aukast.“

Feður þurfa lagaskjól

Guðný segir bæði íslenskar og erlendar rannsóknir og sýna að feður taki nánast aldrei sameiginlegan fæðingarorlofsrétt sem boðið er upp á, hann fari alltaf til mæðranna. „Það er kannski tekjuspursmál en ekki síður spurning um viðhorf, bæði á vinnustöðum og hjá foreldrunum sjálfum og hefðir sem skapast hafa um hvernig mæður og feður eigi að hegða sér. Allt spilar saman þannig að ef ekki eru búnar til girðingar og sérstakt rými fyrir feður til sjálfstæðs réttar fæðingarorlofs þá fellur hann yfirleitt til mæðra. Þeir þurfa lagaskjól til að geta nýtt sér réttinn. En rannsóknir sýna að börnum er fyrir bestu að mynda tengsl við báða foreldra frá unga aldri og það má lýsa þessari lagasetningu sem hljóðlátri byltingu fyrir börn.“

Ekki bara til aðstoðar

Guðný getur þess að talið sé jákvætt að feður séu einir ákveðinn tíma með barnið heima, til að ná góðum tengslum og geta verið í umönnunarhlutverkinu á eigin forsendum, en ekki bara til aðstoðar mömmunni. Hún bendir á að eins og áður hafi komið fram taki þeir sína mánuði en segir að oftast séu það þó mömmurnar sem brúi bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla eða dagmömmu og það hafi augljóslega meiri áhrif á stöðu þeirra á vinnumarkaði en feðranna. **gun@frettabladid.is**

Þjóðarspegillinn

Stærsta ráðstefna ársins í félagsvísindum, verður á morgun, föstudaginn 30. október, milli klukkan 9 og 17 í Háskóla Íslands. Þar verða flutt á þriðja hundrað erindi.

Ráðstefnan er rafræn í ár og verður á slóðinni: hi.is/vidburdir/thjodarspegillinn_2020.

DIOR.COM

CAPTURE TOTALE
SUPER POTENT SERUM

THE BEST TOTAL AGE-DEFYING SERUM[1]

TO VISIBLY TRANSFORM YOUR SKIN IN ONLY 1 WEEK.
YOUNGER. STRONGER. HEALTHIER.

IN 1 DROP[2]: +27% MORE RADIANT SKIN - IN 1 WEEK[2]: +31% PLUMPER SKIN - IN 1 MONTH[2]: +29% FIRMER SKIN

[1] At Dior. [2] Clinical Assessment by scoring. 33 women.

Lyf & heilsa Kringlunni

Sérfræðingur frá Dior verður í
Lyfjum & heilsu Kringlunni dagana
29. okt. - 1. nóv. (eða fimmtudag til sunnudags)

DIOR

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
6 °C | 11 ↖	3 °C | 14 ←	4 °C | 5 ↑
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
5 °C | 2 ↙	6 °C | 14 ←	2 °C | 6 ↖

Austan 15-23 og rigning með köflum í dag, talsverð um tíma á Suðausturlandi og Austfjörðum. Snýst í suðaustan 8-15 seinnipartinn, fyrst sunnanlands. Hiti 2 til 7 stig.

Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
5 °C | 6 ↖	3 °C | 8 ↖	3 °C | 2 ↗
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
5 °C | 2 ↘	3 °C | 4 ↙	-1 °C | 5 ↑

Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
6 °C | 5 ↑	-1 °C | 1 ↑	3 °C | 2 ↖
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
4 °C | 4 ↑	6 °C | 3 ↖	1 °C | 8 ↑

LÉTT

1					5			6
		5	9	6				
8		3			2		5	
3	7	1		5				
4			2		9		6	
		6	3	8				
			4	2	6	7	8	
	3		7			5	1	
							2	

MIÐLUNGS

				4	6	9	3	
6	8			5				4
			1			5		
7	2		6			4		
5	6	8	9			1		
				1	2		8	
4					5			1
8		7				6		
			4	9			7	

ÞUNG

	7				1		8	
5	8					9		1
		2	3					
4	5							
							1	
		3		9	7	2		
	3	6		2			9	
	9			4		3		
		8						

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

7	4	5	9	8	1	6	3	2
6	2	1	7	3	5	4	9	8
3	8	9	2	4	6	1	5	7
9	3	8	4	1	7	2	6	5
1	6	2	5	9	8	7	4	3
4	5	7	3	6	2	8	1	9
8	7	3	6	5	4	9	2	1
2	9	6	1	7	3	5	8	4
5	1	4	8	2	9	3	7	6

8	9	7	4	2	3	5	1	6
4	6	2	5	1	8	3	7	9
1	3	5	6	7	9	2	4	8
5	2	8	7	3	1	9	6	4
3	4	9	8	5	6	1	2	7
6	7	1	2	9	4	8	3	5
2	5	3	9	6	7	4	8	1
7	1	4	3	8	5	6	9	2
9	8	6	1	4	2	7	5	3

9	2	7	1	3	6	5	4	8
1	8	3	5	9	4	6	2	7
4	5	6	7	8	2	1	9	3
6	7	8	3	1	9	4	5	2
2	9	1	4	5	8	7	3	6
3	4	5	6	2	7	8	1	9
5	6	4	9	7	3	2	8	1
7	3	2	8	4	1	9	6	5
8	1	9	2	6	5	3	7	4

Krossgáta

LÁRÉTT
1 skapari
5 náinn
6 nóta
8 hafna
10 titill
11 flott
12 band
13 æsa
15 færni
17 ana

LÓÐRÉTT
1 fótskör
2 bæla niður
3 tímabils
4 kvk nafn
7 púns
9 líflát
12 togvinda
14 blunda
16 ónefndur



LÁRÉTT: 1 skáld, 5 kær, 6 as, 8 afsala, 10 ma, 11 fín, 12 stag, 13 espa, 15 leikni, 17 fiana
LÓÐRÉTT: 1 skammel, 2 kæfa, 3 ars, 4 dalla, 7 sangría, 9 aftaka, 12 spil, 14 sef, 16 nn

Skák Gunnar Björnsson

Hallgerður Helga Þorsteinsdóttir (2.009) átti leik gegn Adrian Kaeppeli (2.027) í svissnesku deildakeppninni fyrir skemmstu.

27. Rdc5! Rdb4+ 28. Kb1! (28... cxb4 bxc5!). **28...Dxd1+ 29. Hxd1 Hxd1+ 30. Dxd1 bxc5 31. Rxc5!** (ekki 31. cxb4 e2 32. De1 Rd4). Hvítur vann skömmu síðar. Alþjóðlega unglingamótinu í Uppsölum lauk í gær. Í gær fór fram Íslandsmótið í Fischer-slembiskák.
www.skak.is: Nýjustu skákfréttir.

Hvítur á leik

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

BÍLAR

Tiltölulegar litlar breytingar eru á bílnum að utan en þeim mun meiri undirniðri með nýjum undirvagni og meira úrvali véla með tvinnútfærslum.

Jagúar E-Pace fær tvinnútfærslur

Jagúar hefur frumsýnt andlitslyftingu á E-Pace jepplingnum og í leiðinni er von á honum með nýjum undirvagni. Mun það þýða að bæði tvinnútgáfur og tengiltvinnbíll sé á leiðinni. Áður notaðist bíllinn við gamlan undirvagn frá Ford sem kallast D8 svo að breytingin fyrir bílinn er talsverð og meiri en gerð var á F-Pace í fyrra. Er í raun og veru um sömu breytingar að ræða og Land Rover gerði á Discovery Sport og Range Rover Evoque í fyrra.

Að sögn Jagúar hefur breytingin mikil áhrif á aksturseiginleika bílsins með því að nota stífari undirvagn með betra fjöðrunarkerfi en aðallega er það val á vélbúnaði sem skiptir máli fyrir bílinn. Alls verða sex af sjö nýjum vélum nú í boði í tvinnútgáfum af einhverju tagi. Sú sem skiptir mestu máli fyrir Jagúar er tengiltvinnútgáfa með 197 hestafla 1,5 lítra bensínvél og 107 hestafla rafmótor við afturdrifið. Verður sú útgáfa 6,1 sekúndu í hundraðið sem þýðir að um öflugasta E-Pace hingað til er að ræða. Hann verður með 15 kWst rafhlöðu undir farangursrýminu og verður hann með 55 km drægi á rafmagninu eingöngu. Þrjár bensínútgáfur með mildri tvinnútfærslu verða einnig í boði og nota þær allar tveggja lítra bensínvélina. Eru

» Tengiltvinnútgáfan verður með 197 hestafla 1,5 lítra bensínvél og 107 hestafla rafmótor við afturdrifið.

þær 197, 246 og 296 hestöfl með níu þrepa sjálfskiptingu og fjórhjóladrifi.

Að innan má sjá sömu breytingar og á öðrum Jagúarbílum hingað til. Bíllinn verður kominn með Pivi Pro upplýsingakerfið með 11,4 tommu snertiskjá. Apple CarPlay og Android Auto verður nú staðalbúnaður og mun bíllinn geta uppfært hugbúnað sinn gegnum netið. 12,3 tommu skjár verður í mælaborðinu sjálfu auk þess sem að nýr framrúðuskjár verður í boði. Loks verður bíllinn með fullkomnara myndavélakerfi en áður, bæði fyrir akreinavara og 360° myndavélina. Að utan eru breytingarnar minniháttar og snúast helst um dæmigerðar breytingar á stuðara og grilli ásamt nýjum díóðuljósum allan hringinn. Hægt verður að panta bílinn strax þótt nýjar gerðir hans muni ekki birtast fyrr en á næsta ári.

Aston Martin DBX er með öflugri V8 bensínvél en gæti fengið undirvagn frá Mercedes sem leyfði sparneytna en jafnöfluga tengiltvinnútfærslu.

Benz kaupir stærri hlut í Aston Martin

Mercedes-Benz merkið hefur keypt stærri hlut í breska bílamerkinu Aston Martin og aukið hlut sinn úr 2,6% í 20% fram að árinu 2023. Aston Martin hefur verið að ganga í gegnum erfiða tíma að undanförnu síðan merkið fór á markað fyrir tveimur árum. Eru bréfin sem Mercedes-Benz keypti metin á rúma 52 milljarða króna.

Sem hluta af þessum samningi mun Aston Martin útfæra tæknisamning sinn við þýska merkið en Aston Martin hefur notað vélar frá AMG í bíla sína síðan 2013. Mun Aston Martin nú geta nýtt sér lykiltækni eins og undirvagna sem bjóða upp á rafútfærslur og tengiltvinnbíla. Aston Martin er nýbúið að setja fyrsta jepplinginn sinn á markað sem kallast DBX. Í ágúst tók fyrrverandi yfirmaður Mercedes-AMG, Tobias Moers, við sem forstjóri Aston Martin.

BL innkallar 23 tengiltvinnbíla

BMW Group hefur tilkynnt um innköllun á nokkrum gerðum tengiltvinnbíla, framleiddum frá 20. janúar til 18. september á þessu ári. Nær innköllunin til jepplinga eins og X1, X2, X3 og X5 í tengiltvinnútgáfum ásamt sömu gerða 3,5 og 7-línu, 2-línu Active Tourer, i8 og Mini Countryman.

Eins og fram kemur í leiðréttingu BL á bílavef mbl.is á innköllunin alls ekki við hvern einasta tengiltvinnbíl sem BMW og Mini hafa framleitt. „Af þeim tengiltvinnbílum sem framleiddir voru á ofangreindu tímabili flutti BL inn 53 og af þeim bíða 23 innköllunar í samráði við eigendur. Um er að ræða hugbúnaðaruppfærslu, hleðslu og aflestur til að sannreyna nauðsynleg öryggisatriði," segir í leiðréttingunni.

Tæplega helmingur þeirra BMW tengiltvinnbíla sem BL flutti inn á tímabilinu eru innkallaðir en vinælastir þeirra eru X3 og X5 jepplingarnir.

Mengaðar rafhlöður

Er innköllunin vegna framleiðslugalla í rafhlöðu sem geta verið mengaðar af efnum sem ekki eiga að vera í þeim. Er talinn möguleiki á skammhlaupi vegna þessa og jafnvel íkveikju í verstu tilfellum.

Alls er um 26.700 ökutæki að ræða á markaðssvæðum víða um heim. Ford hefur nýlega innkallað Kuga tengiltvinnbíla en þeir nota rafhlöðu frá sama framleiðanda.

Talsmaður BMW Group lét hafa eftir sér að búið væri að stöðva sendingar á tengiltvinnbílum fyrirtækisins sem hluta af fyrirbyggjandi aðgerðum. „Innri rannsókn hefur leitt í ljós að í örfáum tilfellum hafi smáagnir komist inn í rafhlöðurnar í framleiðsluferlinu. Þegar rafhlaðan er fullhlaðin getur það leitt til skammhlaups, sem gæti leitt til bruna. BMW biður kaupendur afsökunar, en öryggið þarf að koma á undan öllu öðru," sagði talsmaður BMW Group.

Kúpulagið á nýjum Macan er áberandi sem og Taycan-framljósin undir felubúnaðinum. MYND/AUTO EXPRESS

Rafdrifinn Macan næst á mynd

Flestir bílaframleiðendur hamast nú við að koma á markað rafjepplingum af sportlegra taginu. Stutt er í alvöru samkeppni á þeim markaði og auðvitað getur sportbílaframleiðandinn Porsche alls ekki sleppt því að taka þátt. Porsche hefur þegar sagt að slíkur bíll sé í þróun í líki Macan fyrir 2022.

Reynsluakstur
Njáll Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is

Fyrstu myndir af Porsche Macan EV hafa nú birst almenningi, en eflaust er þess ekki langt að bíða að þessi bíll verði kynntur. Bíllinn er byggður á nýjum undirvagni og verður annar bíll Porsche sem er alveg rafdrifinn.

Um aðra kynslóð bílsins er að ræða og eins og sjá má af myndinni er bíllinn með meira kúpulagi en áður auk þess að taka útlitseinkenni frá Taycan-rafbílnum. Er hugmyndin hjá Porsche að bjóða nýja bílinn sem rafbíl samhliða fyrri kynslóðinni. Munu kaupendur þannig geta valið rafbíl í nýja bílnum eða bíl knúinn brunahreyfli.

Þrátt fyrir dulbúnað kringum framljósin má sjá að þau eru mun þynnri en áður sem er eins og á Taycan-bílnum. Að aftan er einnig nýr ljósabúnaður auk stillanlegs afturvængs.

Kemur á markað 2021

Porsche Macan EV mun koma á markað seint á næsta ári sem 2022 árgerð og verður á nýja PPE-rafbílaundirvagninum.

Ekki er mikið vitað um þessa nýju gerð fyrir utan það að undirvagninn býður upp á sama 800 V rafkerfi sem styður 350 kW hleðslustöðvar. Undirvagninn mun einnig geta farið undir stærri ökutæki svo búast má við honum í næstu kynslóð Cayenne til að mynda. Búast má við að nýi bíllinn hafi jafnvel yfir 500 km drægi enda þarf hann þess til að geta talist samkeppnishæfur. Helstu keppinautar hans verða Tesla Model X, Ford Mustang Mach E og Jaguar I-Pace svo eitthvað sé nefnt.

Ísland í öðru sæti yfir sölu tengiltvinnbíla á heimsvísu

Há markaðshlutdeild rafbíla og tengiltvinnbíla á Íslandi er farin að vekja athygli út fyrir landsteinana.

Í grein á vefmiðlinum InsideEVs er fjallað um að Ísland sé komið í annað sæti í markaðshlutdeild tengiltvinnbíla (PHEV) á heimsvísu á eftir Noregi. Þar er sagt að sala tengiltvinnbíla á fyrstu níu mánuðum ársins sé 3.170 bílar sem er 43% af heildarsölu, en markaðshlutdeild þeirra í Noregi er 71%. Einnig er fjallað um að Tesla Model 3 sé mest seldi bíllinn á Íslandi, en 289 voru seldir í síðasta mánuði, og 742 það sem af er árinu. Þar vekur athygli blaðamanns InsideEVs að VW ID.3 sé í öðru sæti með 42 bíla í september og í þriðja sæti sé Toyota RAV4 Prime tengiltvinnbíllinn.

Mitsubishi Outlander PHEV er vinsælasti tengiltvinnbíllinn á Íslandi og er seldur víðar en hjá Heklu.

Birtir vefmiðillinn einnig töflu yfir vinsælustu hlaðanlegu bílana, þar sem að Mitsubishi Outlander PHEV er í öðru sæti með 381 bíl á árinu og Audi e-Tron í þriðja með 198 bíla.

Hausterikur
síðasta sending

44%

3 stk.
999 kr/3 stk.
~~1.795 kr/3 stk.~~

Afmælisvöndur
Blómavals

28%

Afmælisvöndur Blómavals
4.990 kr
~~6.990 kr~~

Pottaplöntur
25% afsláttur

3.990 kr
Ljósahringur
26 cm, 100 LED, marglit.
2703522

2.490 kr
Frostrós í glugga
Blátt LED ljós.
2703009

2.490 kr
Frostrós í glugga
Hvítt LED ljós.
2703008

1.190 kr
Grenilengja
2,7 m á lengd, 20 cm á breidd. **11621322**

1.990 kr
Grenilengja
2,7 m á lengd, 40 cm á breidd. **11621323**

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

3.990 kr
Ljósahringur Curly
40 cm, 64 LED, hlýr hvítur. **14550300**

Verð frá
6.490 kr
Ljósahringur
100 LED, 26 cm eða 43 cm, 200 cm.
14500410-11

10.990 kr
Samtengjanleg útigrýlukerti
Samtengjanleg, 120 LED, 4,5x0,5 m .
Litir: hlýtt hvít eða kalt hvítt. **14500555-6**

2.790 kr
Aðventuljós, 7 ljósa
14500401-2

4.990 kr
LED úti- og inniljós 120 LED
LED útiljós 120 ljósa stýrt með appi.
14501326

11.790 kr
Klasasería, samtengjanleg
200 LED ljós, 5 m samtengjanlegar, hægt að tengja allta að 10 seríur, margir litir.
14500304-14500307

Verð frá
2.290 kr
Inni- og útiseríur
40 LED, 80 LED, 120 LED eða 200 LED, margir litur. **14500340-14500351**

FROST Samtengjanlegar allt að 2.000 ljós á eina kló - Gæðaseríur

Hágæða seríur sem þola vel íslenskt veður og henta fyrir heimili, fyrirtæki og bæjarfélög

Fást eingöngu í Húsasmiðjunni

5.590 kr
LED útiseríur, 50 ljósa
Samtengjanlegar LED útiseríur, 50 ljósa.
14500290-293

7.990 kr
LED útiseríur, 100 ljósa
Samtengjanlegar LED útiseríur,100 ljósa.
14500294-297



blómaval HÚSASMIÐJAN

JÓLIN FYRIR ÞIG

Seríur fyrir þakkantinn og svalirnar

Þola vel íslenskt veðurfar, margra ára reynsla.
Stórar perur - Meira ljós

Samtengjanlegar LED seríur.
Hægt að tengja saman allt að
40 seríur, 800 ljós á eina innstungu

FROST

8.990kr

Frost LED Partý útisería 20 ljósa samtengjanleg
20 ljósa samtengjanlegar útiseríur. 230W, 5 metrar. Hægt að tengja allt að 40 seríur saman á eina innstungu eða 800 LED perur á sömu innstungu. Auðvelt að skipta um perur ef þess þarf. **14500261-4, 14500690-3**

Skapa mér minn eigin heim

Konur gegna stóru hlutverki í nýjustu bók Kristínar Marju Baldursdóttur rithöfundar, enda heitir hún Gata mæðranna. Karlarnir hafa þó vissulega sín áhrif. Gefum skáldkonunni orðið.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

HÚSIN VORU Í HEITUM LITUM, MEÐ GÖRÐUM OG ÁNÆGÐUM ÍBÚUM. EN HEITIR LITIR GETA LÍKA VERIÐ ÞRÚGANDI.

„Almennt er ég lítið forvitin um annað fólk, sem er auðvitað algjör þversögn þegar höfundur á í hlut," segir Kristín Marja Baldursdóttir sem hefur sent frá sér nýja skáldsögu, Götu mæðranna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Upphaflega sá ég fyrir mér götuna. Húsin voru í heitum litum, með görðum og ánægðum íbúum. En heitir litir geta líka verið þrúgandi enda voru ekki allir í götunni hamingjusamir. Mæður voru ósáttar. Ég teiknaði götuna upp þegar ég byrjaði að skrifa og fannst afleitt að vera ekki myndlistarmaður," segir Kristín Marja Baldursdóttir um tilurð hinnar nýju bókar sinnar sem nefnist Gata mæðranna. „Fólkið var hins vegar lengi að koma til mín. Ég var mjög upptekin af því að ná andrúmsloftinu enda er það ekki bara fólkið sem skapar það heldur líka umhverfið," bendir hún á og lýsir efninu lítillega.

„Sagan gerist á sjöunda áratugnum og fjallar um Marín og Kristófer, sem búa hvort í sínu húsi við þessa umræddu götu. Þau hafa nýlokið menntaskóla og eru að reyna að finna sinn stað í samfélaginu. Þegar þau hlusta saman á músík fara þau í leik sem þau hafa búið til. Hann felst í því að skrifa niður upplýsingar um fólk, allt sem þau vita. Meðan þau voru í skólanum tóku þau bekkjarsystkinin fyrir en nú ætla þau að snúa sér að fólkinu í götunni. Þau gleyma hins vegar að kortleggja sjálf sig og fólkið sem að þeim stendur. Hefðu þau gert það hefðu leikar kannski farið á annan veg en þeir gerðu. Þau eru ung, eru rétt að hefja lífið og átta sig ekki á ráðabruggi fullorðna fólksins. En svo kemur að því að þau standa frammi fyrir gömlu, klassísku spurningunni: Á ég að gæta bróður míns? og þá kemur í ljós að það er ekki alltaf aldurinn sem ræður því hvort fólk taki skynsamlegar ákvarðanir."

Fólkið er mitt hugarfóstur

Kristín Marja kveðst sjálf muna þá tíma sem lýst er í bókinni. Þó hafi hún verið yngri en aðalpersónan Marín, sem segir á einum stað: „Það er svo kvíðvænlegt að vera kona, þær lifa svo leiðinlegu lífi þegar þær eru giftar og komnar með börn."

Þetta segir Kristín Marja ríma við hennar eigin skoðanir á hjónabandinu og fullorðinslífinu þegar hún var um fermingu, til sé skólaritgerð því til sönnunar. Nú hafi hún hins vegar kyngt þeim skoðunum.

En þekkti hún eitthvað af fólkinu í bókinni?

„Nei, það er algerlega mitt hugarfóstur. Almennt er ég lítið forvitin um annað fólk, sem er auðvitað algjör þversögn þegar höfundur á í hlut, ég hallast frekar að því að skapa mér minn eigin heim."

Skrifborðið í þögninni

Býst hún við að minna verði um upplestra í aðdraganda jóla en í venjulegum árum, vegna veiruskrattans?

„Já, annars les ég orðið minna upp en ég gerði, það tekur á að vera eins og landafjandi út um allar trissur. Áður en ég byrjaði að skrifa fyrir alvöru sá ég ætíð fyrir mér skrifborðið í þögninni og friðsama mynd af höfundi. Flögraði ekki að mér að fjölmiðlar, upplestrar og ferðalög fylgdu með í pakkanum. Það kom allt á óvart."

Þjóðleikhúsið opnar dyr sínar fyrir börnum með skemmtilegum sýningum.

Þjóðleikhúsið opið fyrir börn

Þjóðleikhúsið opnar dyrnar fyrir börnum og ungmennum sem geta notið leikhússins með skólum sínum. Sýnt verður á virkum dögum í nóvember og desember í nánu samráði við skólana og að sjálfsögðu með öllum ýtrustu varúðarráðstöfunum í samræmi við tilmæli yfirvalda.

Aðventusýning Þjóðleikhússins, Leitin að jólunum eftir Þorvald Þorsteinsson, er nú á COVID-tímum sniðin sérstaklega að grunnskólahópum, fjölga á fyrirhuguðum sýningum umtalsvert og bjóða börnum í 2. bekk grunnskóla á sýninguna. Leikstjóri sýningarinnar er Þórhallur Sigurðsson. Með hlutverk jólaálfanna fara Hallgrímur Ólafsson, Valgerður Guðnadóttir, Sverrir Þór Sverrisson (Sveppi) og Sigríður Eyrún Friðriksdóttir.

Leitin að jólunum var frumsýnt á aðventunni 2005 og hlaut Grímuverðlaunin sem barnasýning ársins. Sýningin hefur unnið sér sess sem ómissandi undirbúningur jólanna í hugum margra, og hefur nú verið sýnd fyrir fullu húsi í 15 ár. Sýningar eru orðnar yfir 370 talsins.

Þorvaldur Þorsteinsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Elstu deildum leikskóla er síðan boðið á Ég get, sem fjallar um tvær litlar manneskjur sem æfa sig í því að vinna saman. Sýningin var tilnefnd til Grímuverðlauna árið 2018. Höfundur er Peter Engkvist, leikstjóri er Björn Ingi Hilmarsson og leikarar eru Ernesto Camilo Aldazábal Valdés og Þórey Birgisdóttir.

Þjóðleikhúsið hyggst bjóða upp á fleiri verkefni á næstu vikum.

Ást og lifun

BÆKUR

Skáldaleyfi
★★★★☆
Sigmundur Ernir Rúnarsson

Útgefandi: Veröld
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja
Fjöldi síðna: 123

Tilfinningum saman
höfum við dvalið
hvort í annars
fangi

ofið okkur
hlýja voð

úr úfnum þráðum
ástarinnar (80)

Þetta ljóð í Skáldaleyfi, nýútkominni bók Sigmundar Ernis Rúnarssonar, varpar fram hughrifum og efnistökum sem svífa yfir ljóðmælum bókarinnar. Hnitmiðaður stíll og fágaður – hvert orð valið af kostgæfni – hlýleiki og lífsþrá samofin reynslu og þroska.

Sigmundur Ernir Rúnarsson (f. 1961) er landsmönnum kunnur úr fjölmiðlum en hann er einnig afkastamikill rithöfundur. Hans fyrsta ljóðabók, Kringumstæður, kom út 1980, en síðan hafa komið út eftir hann fjölmörg ritverk, bæði ljóð og prósar. Skáldaleyfi er hans þrettánda ljóðabók en auk þess á hann að baki vel á annan tug ritverka.

Í þessari nýju bók er slegið á ýmsa strengi enda skiptist hún í nokkra hluta. Einn þeirra nefnist „Kynni ... nokkur nöfn á fólki jarðar". Kaflinn er helgaður stuttum en grípandi mannlýsingum, sumum gamansömum, öðrum skáldlegum. Allar eru þær á einhvern hátt lýsandi fyrir lífsafstöðu höfundar eða þeirra sem um er ort. Margt afar vel gert þar.

Þó að ljóðmælunum sé skipt upp í nokkra efniskafla er ástin leiðarhnoð í gegnum allt. Það er ást hins þroskaða manns sem lítur yfir farinn veg og vegsamar þær gjafir sem lífið hefur fært honum. Gleði, þakklæti, söknuður og tregi, allt birtist það hér, ýmist í ljúfsárum minningum eða glettnum stemningum. Reynsla sorgarinnar hvílir líka yfir en ekki síður lífsþorstinn. Tjáningin er hófstillt og auðskilin, sett fram í skýru myndmáli.

Þegar orðin flæða
niður dalinn
undan öræfunum

í skrúði sínu
og kynngi

falla þau hvert
með sínum hætti
ofan í gljúfrin ... (36)

Höfundur sýnir víða að hann hefur örugg tök á myndrænni framsetningu ljóðmáls. Hér og hvar gefur að líta falleg nýyrði, „svaðhálar" kleifar, „seiðblá" fjöll, „logndrjúga" þoku og „stélkvika" fugla svo nokkur dæmi séu tekin. Sum ljóðanna eru af heimspekilegum toga, djúphugsuð í einfaldleika sínum. „Ekkert er bara eitt – allt er með öðru" stendur á einum stað (78) og um lífsnautnina hefur skáldið þetta að segja:

Þungvægasti partur gleðinnar
er sársaukinn

að hafa upplifað missinn
í sömu andrá og angistina

en í því er hún mæld,
glaðværðin, lífsþráin. (16)

Sums staðar í bókinni bregður fyrir leik, eða tilraunum, með formið – ekki bara ljóðformið sjálft heldur einnig samspil prentforms og inntaks. Í ljóðinu „Efi" styttast ljóðlínurnar eftir því sem neðar dregur og sú síðasta er aðeins eitt orð (82). Þannig virðist ljóðið ramba á mjórri undirstöðu líkt og hugsanirnar gera þegar efinn nær undirtökunum. Vera má að þetta sé tilviljun – en á seinni árum hefur borið á slíkum formtilraunum í ljóðagerð, oft með góðum árangri, þó að varast beri ofnotkun á þessu sem öðru.

Skáldaleyfi Sigmundar Ernis Rúnarssonar er fengur fyrir ljóðaunnendur. Hún hefur allt til að bera sem góð ljóðabók á að hafa. Ljóðin eru hófstillt en meitluð. Þau kalla til lesandans í hógværð sinni. Miðla reynslu, lífssýn, tilfinningu og fegurð. Yndisleg bók.

Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir

NIÐURSTAÐA: Hér er boðið upp á allt sem prýðir góða ljóðabók. Fengur fyrir ljóðaunnendur.

Skoðaðu rúmin okkar áður en þú tekur ákvörðun.

JENSEN
Designed for Sleep Comfort
www.jensen-beds.com

epal

Skeifan 6 / 5687733 / epal.is

Nordic Seamless*
Verð frá:
392.700.-

Jensen rúm:

- Hvert rúm er sérgert fyrir þig.
- 25 ára ábyrgð á gormakerfi.
- Skandinavísk hönnun.
  Norsk gæðaframleiðsla frá 1947.
- Áratuga reynsla.
- Gæði, ábyrgð og öryggi.
  Stillanleg rúm, Continental og boxdýnur.
- Yfirdýnur í úrvali.
  Stuttur afhendingartími,
- ótal möguleikar.
  Mikið úrval af göflum, náttborðum og yfirdýnum

Continental*
Verð frá:
467.300.-

* Aukahlutir gafl, náttborð og lampar eru ekki innifaldir í verði.

Dagskráin á Hringbraut

ÉG ER EKKI HÚSUM HÆFUR

Brynjar Níelsson er líklega umtalaðasti þingmaður þjóðarinnar og **skotleyfið** á hann er bæði opinbert og **ofnotað** á stundum. Í **Mannamáli** kvöldsins lætur hann allt flakka, um **taugaveiklunina** frá því hann kvæntist, **mótþróaröskunina**, óþolið fyrir **pólitíski réttsýni**, sívaxandi **móðgunargirni** fólks og þeirri óláns árättu að vilja stjórnast með hann.

Mannamál er á dagskrá kl. 20.00 í kvöld.

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is

Fylgstu með!

DAGSKRÁ

Fimmtudagur

HRINGBRAUT

20.00 Mannamál Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
20.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum. Umsjón Páll Ketilsson. Framleiðandi Víkurfréttir ehf.
21.00 21 - Fréttaþáttur á fimmtudegi 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringaþáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
21.30 Sir Arnar Gauti Arnar Gauti snýr aftur á skjáinn með umfangsmikinn lífsstílsþátt sem tekur saman allt sem snýr að heimilum, hönnun, innlitum, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt, margt fleira.

RÚV SJÓNVARP

09.00 Heimaleikfimi
09.10 Kastljós
09.25 Menningin
09.35 Spaugstofan 2006 - 2007
10.00 Gestir og gjörningar Hornið
10.45 Sænskar krásir
10.55 Tónaflóð - Bríet
11.00 Upplýsingafundur Almannavarna
11.30 Heimaleikfimi
11.40 Pricebræður elda mat úr héraði
12.10 Klofningur
13.00 Maður er nefndur Skapti Ólafsson
13.35 Svipmyndir frá Noregi
13.40 Drengjaskólinn
14.10 Landakort Spinnur ull af eigin kindum
14.15 Í blíðu og stríðu
14.45 Gunnel Carlson heimsækir Ítalíu
14.55 Eldhugar íþróttanna Diego Maradona
15.25 Gettu betur 2017 MH - ME
16.30 Íslensk garðyrkja Þú veist hvaðan það kemur
17.00 Séra Brown
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Allt um dýrin
18.25 Allt í einum graut
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Sameinaðar þjóðir. Aðkallandi lausnir á umbrotatímum
20.35 Ella kannar Suður-Ítalíu
21.05 Njósnir í Berlín
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Lögregluvaktin
23.05 Babýlon Berlín
23.50 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

09.00 European Tour 2020 - Highlights
09.30 European Tour 2020 Bein útsending frá Aphrodite Hills Cyprus Open .
14.35 PGA Tour. The Cut Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni.
15.00 PGA Highlights 2020
16.00 PGA Tour 2020 Bein útsending frá Bermunda Championship.
19.00 European Tour 2020 Útsending frá Aphrodite Hills Cyprus Open.

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 Broke
14.25 The Block
15.25 90210
16.30 Family Guy
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 American Housewife
19.30 Single Parents
20.00 Hver ertu? Hver ertu? Hver er persónan bak við nafnið? Vitum við nákvæmlega hvaðan við komum, hvaðan forfeður okkar komu?
20.40 Tommy
21.30 How to Get Away
22.15 Love Island
23.10 The Late Late Show
00.15 Blue Bloods
01.00 Law and Order. Special Victims Unit
01.45 Cobra
03.15 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Á tónsviðinu
15.00 Fréttir
15.03 Flakk
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Hljómboxið Fuglahlátur mætir Stjörnunni
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Tónlistarkvöld Útvarpsins
21.00 Mannlegi þátturinn
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

10.55 Five Feet Apart
12.45 Babe. Pig in the City
14.20 Every Day
15.55 Five Feet Apart
17.50 Babe. Pig in the City
19.20 Every Day
21.00 Spy Stórskemmtileg gamanmynd frá 2015. Myndin segir frá því þegar yfirmenn bandarísku leyniþjónustunnar uppgötva að stórhættuleg glæpadrottning hefur komist yfir öflugt vopn sem hún hyggst nú selja til hryðjuverkahóps.
22.55 The Foreigner
00.45 Kate Plays Christine
02.35 Spy

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.25 The Good Doctor 3
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Gilmore Girls
10.05 Divorce
10.35 All Rise
11.15 Í eldhúsinu hennar Evu
11.30 Fresh off the Boat
11.55 Tveir á teini
12.35 Nágrannar
12.55 Golfarinn
13.25 Leitin að upprunanum
14.10 The Decendants
16.00 The Borrowers
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Lífið utan leiksins
19.35 Shipwrecked
20.25 Masterchef UK
21.30 LA's Finest 2
22.20 NCIS. New Orleans
23.00 Real Time With Bill Maher
00.05 Eurogarðurinn
00.35 The Sandhamn Murders
02.10 Honour
02.55 Mr. Mercedes
03.55 Mr. Mercedes

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDAN

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 Mom
21.05 Who Do You Think You Are?
22.05 Ríkið
22.25 Nashville
23.10 Roswell, New Mexico
23.50 Friends
00.15 Friends
00.35 Mom

STÖÐ 2 SPORT

08.50 Valencia Basket - Casademont Zaragosa
10.30 Barca - Morabanc Andorra
12.10 Monbus Obradoiro - Valencia Basket Club
13.50 The Fifth Quarter
14.10 Hafdís Jónsdóttir og Birgitta Líf Björnsdóttir
14.30 Víðir Reynisson, Frikki Dór og Jón Jónsson
15.00 Vilhelm Neto, Benedikt Valsson og Fannar Sveinsson
15.30 Gunnar Helgason, Ragnheiður R, og Edda Hermannsdóttir
16.00 Lóa Pind, Rúnar Kristinsson og Ólafur Kristjánsson
16.30 Eva Ruza, Ingó Veðurguð og Rikki G.
17.05 Atli Fannar og Axel Bóasson
17.35 Magnús Scheving, Kjartan Már Kjartansson
18.05 Stúkan - aukaþáttur
19.20 Seinni bylgjan - karla
20.35 Rúnar Freyr Gíslason
21.15 Stúkan - aukaþáttur
22.30 Antwerp - Tottenham

STÖÐ 2 SPORT 2

07.15 Houston Texans - Green Bay Packers
09.45 Krasnodar - Chelsea
11.25 Dortmund - Zenit St. Pétursborg
13.05 Manchester United - Leipzig
14.45 Juventus - Barcelona
16.25 Meistaradeildarmörkin
17.10 NFL Gameday
17.45 AEK - Leicester Bein útsending frá leik í Evrópudeild UEFA.
19.50 Arsenal - Dundalk Bein útsending frá leik í Evrópudeild UEFA.
21.55 AEK - Leicester
23.35 AZ Alkmaar - Rijeka

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

Miklu meira en bara ódýrt

ViAir 12V loftdælur
í miklu úrvali

Hjólafesting
á bíl
frá 4.995

Viðgerðar-
kollur
7.495

Jeppatjakkur
2.25T 52cm
19.995

49.999
Vélagálgi 2T

Viðgerðarbretti
4.895

Hjólatjakkur
2T m/tösku
4.795

1.999
Álskóflur

9.985
Vélastandur 500kg

AirBrush
loftdæla
19.995

6T Búkkar
605mm Par
9.999

frá 1.495
Startkaplar

4.995
Hleðslutæki 12V 6A

39.995
Verkfæraskápur
á hjólum

99.999
Verkfæraskápur
á hjólum m/verkfærum

frá 795
Mikið úrval af
verkfæratöskum

Steðjar í
miklu úrvali

7.995
1/2 Toppasett

3.995
1/4 Toppasett

Vice Multi
angle
6.985

14.995
1/2+1/4
Toppasett Kraft-
mann 94stk

5.995
Verkfærasett
108 stk

4.995
Skrall-lyklar 8-17

Fjöltengi í miklu úrvali,
1.5M/3M/5M 3/
4/5/6/8 tengla

15.995
Ranamyndavél

Verðmæta-
skápar
frá 5.995

Sandkassa-
grafa
4.995

Lyklabox
í miklu
úrvali

4.995
Verkfæraset

1.995
Burstasett í borvél

Lím-
byssur
frá 995

Vasaljós og lugtir,
yfir 30 gerðir

13.995
Flísasög 80mm

Scanslib Hverfisteinn
frá 19.995

9.999
Silverline LI-ion
18V hleðslubor-
vél 13mm

Fjölsög
Höfftech
5.999

Rafmagnsvírtalíur
í miklu úrvali

Útskurðarsett

19.995
Súluborvél 350W

16.995
Metabo
KS216 bútsög

14.995
SDS Lofthöggvél GMC
SDS vélar frá 9.999,-

Myndlistavörur í miklu úrvali inn á:

Listverslun.is

Framúrskarandi fyrirtæki 2020

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

Va va ví va!

KVIKMYNDIR

Borat Subsequent Moviefilm

★★★☆☆

Leikstjórn: Jason Woliner
Aðalhlutverk: Sacha Baron Cohen og Maria Bakalova

Fyrir fjórtán árum sprengdi hamhleypan Sacha Baron Cohen allt sem heitir poppkúltúr með stjörnublaðamanninum Borat Sagdiyev. Áhorfendur engdust um af hlátri og drápust næstum úr aulahrolli þegar kasakski fréttasnápurinn gerði sig og viðmælendur sína að algjörum fíflum og heimurinn þurfti að umbera ferlegar eftirhermur af eftirminnilegustu frösum Borat: „Very nice!“ og „Va va ví va!“.

Undirstaða myndarinnar byggði aftur á að viðmælendur vissu ekki að verið væri að gabba þá. Eftir velgengni Borats á heimsvísu virtist því ómögulegt að framhaldsmynd um fréttamanninn myndi nokkurn tímann líta dagsins ljós. Sögusagnir fóru þó af stað þegar Baron Cohen hafði sést í fjölda dulargerva víðs vegar um Bandaríkin, en það var ekki fyrr en fyrir mánuði að Amazon tilkynnti myndina formlega til sögunnar. Hvernig í ósköpunum gat þetta gengið?

Myndin hefst á því að rekja afdrif Borats í kjölfar fyrri myndarinnar. Landar hans voru ekki par sáttir við þá mynd sem þar var máluð upp af Kasakstan og fyrir vikið hefur Borat þurft að sæta fangelsisvist, þrælavinnu og niðurlægingu á almannafæri. Hann fær þó tækifæri á að fá uppreist æru þegar ráðamenn landsins senda hann í sérstaka sendiför til Bandaríkjanna. Borat á að færa Michael Pence varaforseta bráðgáfaða apann Johnny að gjöf í þeirri von að styrkja samband landanna tveggja og efla ímynd Kasakstans á ný. Allar áætlanir fara þó fljótlega í vaskinn og Borat tekur þá upp á að bjóða Pence dóttur sína Tutar sem kvonfang í staðinn.

Formúlan hefur lítið breyst á milli mynda og er í grunninn sú sama. Borat keyrir um Bandaríkin og tekur kostuleg viðtöl við alls konar fólk. Inni á milli eru svo leiknar senur sem tengja söguna saman. Til að komast hjá því að fólk beri kennsl á sig bregður Borat sér í dulargervi sem alls konar Bandaríkjamenn og er útkoman oft ansi hlægileg.

Helsta breytingin er þó aðkoma leikkonunnar Mariu Bakalova sem fer með hlutverk Tutar. Í fyrstu spretta upp einhverjar vangaveltur um að ný persóna kunni að draga sviðsljósið frá Borat. Áhyggjurnar eru þó fljótar að hverfa enda stendur Bakalova sig frábærlega og persóna Tutar spilar fullkomlega í takt við Borat.

Þótt atburðarásin sé á margan hátt keimlík fyrri myndinni er ádeilan í þetta skipti fókuseraðri. Viðmælendur í fyrri myndinni voru þverskurður af Bandaríkjamönnum og viðmælendur Borats komu úr ólíkum áttum. Í þetta skiptið virðist nánast öllu púðrinu beint að hægrinu og öfgahægrinu, og þótt þar sé af nægri vitleysu að taka verður afraksturinn talsvert einsleitari og ólíklegt er að grínið muni eldast jafn vel.

Þrátt fyrir einhverja bresti er afraksturinn þó sprenghlægilegur og óvenju hjartnæmur. Upp úr standa samtal Borats við eftirlifendur helfararinnar í bænahúsi og rosalegt lokaatriði með viðkomu stjórnmálamannsins Rudys Giuliani. Borat Subsequent Moviefilm er kannski eilítið bitlausari en forveri hennar en samt ansi beitt.

Arnar Tómas Valgeirsson



Borat fær í þetta skipti liðsauka frá dóttur sinni Tutar. MYND/AMAZON

NIÐURSTAÐA: Sprenghlægileg en ögn bitlausari eftirbátur forverans.

ÚR VÖRN Í SÓKN

Þegar Borat kom út fyrir fjórtán árum þótti hún einstaklega umdeild. Þótt margir Íslendingar kynnu eflaust deili á Sacha Baron Cohen vegna hlutverks hans sem Ali G, en þættirnir Da Ali D Show voru sýndir á Ríkissjónvarpinu, þá gilti ekki það sama um marga af viðmælendum hans í myndinni. Það gerði andrúmsloftið vissulegar pínlegra. Kasakar voru ekki par sáttir við útgáfuna en gengu þó ekki jafn langt og flest lönd í Mið-Austurlöndum, þar sem myndin var einfaldlega bönnuð. Þáverandi ferðamálaráðherra landsins fordæmdi myndina og komið var í veg fyrir dreifingu hennar í kvikmyndahús. Það er annað upp á teningnum í þetta skiptið og virðist viðhorf Kasaka mun jákvæðara nú. Ákveðið hefur verið að snúa vörn í sókn og taka athyglinni með opnum örmum.

Kasakar settu sig lengi vel á móti Borat en hafa nú ákveðið að nýta útbreiddan frasann sér í hag.

Ferðamálaráð landsins stendur nú fyrir auglýsingaherferð þar sem fólk er hvatt til að sækja landið heim. Slagorð herferðarinnar, sem sýnir áhugasama túrista skoða stórbrotið landslag og byggingar, ætti að vera aðdáendum Borats kunnulegt: „Kazakhstan. Very Nice!“ **– ssþ**

STELUR SENUNNI

Það er óhætt að segja að búlgarska leikkonan Maria Bakalova fari með stjörnuleik í myndinni en þetta er hennar stærsta hlutverk til þessa. Hún leikur dóttur Borats, hina 15 ára gömlu Tutar Sagdiyev. Hún hefur fengið einróma lof gagnrýnenda fyrir leik sinn og hefur Sacha Baron Cohen nú lýst því yfir að hann sé nú þegar farinn í herferð fyrir því að Maria verði tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir hlutverkið.

„Við tókum yfir 600 ungar stúlkur í prufur, hvaðanæva. Maria er svo einstaklega fyndin. Hún er ein af hugrökkustu leikurum sögunnar. Það yrði skammarlegt fengi hún ekki tilnefningu til Óskarsverðlauna,“ sagði Baron Cohen nýverið í viðtali.

Viðtal sem Maria tók í gervi fréttakonu við Rudy Giuliani, fyrrverandi borgarstjóra New York og lögfræðing Donalds Trump, hefur vakið mikla athygli og þykir vægast sagt bagalegt fyrir Guiliani. Í lok viðtalsins virðist sem Guiliani fái hana inn á herbergi til sín og byrjar að fást við buxur sínar á meðan hann leggst aftur í rúmið. Stekkur þá Baron Cohen inn í herbergið í gervi Borats og lýsir því yfir að Tutar sé einungis 15 ára, en Maria Baklova er sjálf 24 ára gömul. Stuðningsmenn Guilianis halda því fram að atriðið hafi verið sviðsett en Sacha Baron Cohen staðhæfði að svo væri ekki í viðtali Good Morning America.

En þrátt fyrir þetta og fleiri umdeild atriði er nokkuð ljóst að Maria á framtíðina fyrir sér. Það verður spennandi að sjá hvað framtíðin ber í skauti sér hjá henni, hvort sem hún verður tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir túlkun sína á Tutar eða ekki. **– ssþ**

Maria Bakalova, sem er sjálf 24 ára, leikur hina 15 ára gömlu Tutar.

EXTRA ÓDÝRT

20 COSTCO VÖRUR Á COSTCO VERÐI

ALWAYS ULTRA NORMAL 56 STK

ARIEL 3 IN 1 PODS 3X35 STK

ARIEL COLOUR 3 IN 1 PODS 3X35 STK

KIRKLAND ALMOND FLOUR BLANCHED 1.38 KG

DOVE BODY WASH 6X450 ML

DURA-FLAME ARINKUBBAR 9X2.72 KG

FINISH POWERBALL ALL IN 1 2X100 STK

GARNIER MICELLAR WATER 2X700 ML

BLUE DIAMOND ALMOND BREEZE 1L 3 PK

KIRKLAND ORGANIC VIRGIN COCONUT OIL 2.28 KG

HARPIC POWER PLUS KLÓSETT-HREINSIR 6X750 ML

KIRKLAND TRIPLE SATIN WC PAPER 4PK X 10

KIRKLAND DISHWASHER PACS 115 PK

LENOR UNSTOPPA-BLES 570 G

KIRKLAND ROLL KITCHEN TOWEL PAKKNING

PRINCES PURE APPLE / ORANGE JUICE 24X200 ML

PERFECTLY CLEAR BERRY/LEMON 24X500 ML

PEPSI MAX CHERRY 24X330 ML

KIRKLAND SPARKLING WATER 40X500 ML

EXTRA

DURACELL ULTRA AAA 16 STK AA 20 STK

Kemur með Costco til þín...

Barónsstíg 4, 101 Reykjavík • Mýrarvegi, 600 Akureyri
Hafnargata 51-55, 230 Reykjanesbæ

Fékk draumastarfið í miðju samkomubanni

Nú á dögunum byrjaði **Anna Jóna Dungal** með nýtt hlaðvarp en hún er búsett í Berlín þar sem hún starfar sem verkefnastýra í músíkbransanum. Í hlaðvarpinu fær hún til sín tónlistarfólk og spyr það spjörunum úr um tónlistina og bransann.

Anna Jóna segist sérstaklega sakna sundlauganna á Íslandi. MYND/JIM KROFT

Anna Jóna Dungal hefur verið búsett í Berlín síðustu árin og starfar þar í músíkbransanum. Hún byrjaði nýverið með hlaðvarp þar sem hún fær til sín góða gesti úr bransanum sem eru búsettir í Berlín, en margir Íslendingar úr listabransanum hafa flust þangað búferlum síðustu árin.

„Bróðir minn bjó í Berlín þegar ég var unglingur og á meðan ég var í menntaskóla kom ég oft hingað í heimsókn til hans. Ég varð ástfangin af gróskunni í menningarlífinu og hvað allt er einhvern veginn hrátt og framkvæmanlegt.“

Saknar sundlauganna

Hún vill meina að það sé fjölbreytileikinn, viðhorfið og einstök stemning sem laði að.

„Svo er auðvitað helsti kosturinn við að búa í Berlín hvað það er ódýrt að lifa og þess vegna hafa bæði listafólk og sprotafyrirtæki sótt í borgina. Gallinn er hins vegar að laun eru í lægri kantinum en lífsgæðin sem ég upplifi í Berlín eru miklu betri en ég hef nokkurn tímann upplifað á Íslandi, fyrir utan auðvitað yndislegu náttúruna okkar, jú og sundlaugarnar,“ segir hún og hlær.

Anna Jóna flutti út þegar hún fékk lærlingsstöðu hjá fyrirtækinu Sound Diplomacy árið 2014.

„Við tóku mörg mismunandi tónlistartengd verkefni þar til ég byrjaði að stunda nám við BIMM Berlin háskólann árið 2016. Í honum lærði ég svokallað Music Business en var alveg á fullu meðan ég var í náminu. Ég skipulagði tónleikahátíð, Berlin Midsommar Festival, stofnaði og rak mína eigin mánaðarlegu tónleikaröð, Basement Bash fyrir rokk- og indí-bönd, kenndi námskeið fyrir tónlistarfólk sem er að byrja í bransanum, skipulagði tónsmíðabúðir – og í raun bara allt sem ég komst í. Eftir að hafa unnið verkefnatengt með Better Things í mörg ár var mér svo boðið fullt starf hjá þeim í miðju samkomubanni. Að vera boðin draumavinnan þegar ég var í algjöru vonleysi, atvinnulaus heima á náttfötunum, var gjörsamlega ótrúlegt,“ segir hún.

Better Things er kynningar- og markaðsskrifstofa sem sérhæfir sig í að kynna tónlist í Þýskalandi.

„Stofan hét áður Nordic by Nature, þar sem hún sérhæfði sig í að kynna norrænar hljómsveitir en á seinustu árum er kúnnahópurinn okkar orðinn svo alþjóðlegur. Ég hef í mörg ár tekið að mér að kenna námskeið á þeirra vegum og í gegnum það verkefni gerðum við okkur grein fyrir því hvað tónlistarfólk á oft erfitt með að ná utan um öll þau tækifæri sem bjóðast. Þess vegna byrjuðum við með Better Independent verkefnið þar sem ég er verkefnastýra,“ segir hún.

Að sögn Önnu er sjálfstætt starfandi tónlistarfólk sístækkandi hópur innan bransans.

„Bransinn er sjálfur síbreytilegur og því er okkar markmið að leiðbeina hverjum þeim sem vill kynna sér allar þær mismunandi leiðir sem eru í boði. Það er svo miklu auðveldara að skilja þegar maður sér heildarmyndina.“

Einstakur miðill

Nú á dögunum byrjaði Anna Jóna með hlaðvarpið Better Independent.

„Mér þykja hlaðvörp æðisleg því þar er hægt að fara virkilega ofan í kjölinn á málefnum. Í línulegu útvarpi þarf oftast að höfða til flestra en þeir sem kjósa að hlusta á Better Independent eru sérstaklega með áhuga á viðfangsefninu og vilja kafa dýpra. Þetta er líka frábær miðill á tímum COVID-19 þar sem ég er sjaldnast að hitta fólk í persónu.“

Anna Jóna segir ferlið hafa gengið tiltölulega vel.

„Ég kunni ekki neitt á upptöku og klippingu fyrr en við byrjuðum með þetta verkefni í sumar. Það er búið að vera skemmtileg áskorun að henda fullkomnunaráráttunni út um gluggann og læra jafnóðum.“

Fókus hlaðvarpsins verður blanda af reynslusögum og ráðleggingum frá sjónarhorni bæði listamanna og bransafólks.

„Í næstu viku spjalla ég við Daða Frey um hvernig hann náði þessari velgengni en líka af hverju hann kaus að vera sjálfstæður, hvernig samninga hann er með og svo leiðis. Á komandi vikum fjöllum við svo um alls konar málefni, til dæmis hvernig skal nálgast samfélagsmiðla, hvernig „sync“ virkar, hvort tónlistarfólk þurfi virkilega á umboðsmanni að halda og margt fleira,“ segir hún.

Draumur að fá Dolly og Billie

Samhliða hlaðvarpinu eru í boði örnámskeið á netinu sem eru kölluð Online Knowledge Sessions.

„Námskeiðin fara fram á ensku og eru kennd í litlum hópum. Þau eru hugsuð sem ítarleg greining og stefnumörkun fyrir hvers konar tónlistarfólk, hvort sem það er að byrja ferilinn eða vill kynna sér nýjungar á markaðinum. Eins og er bjóðum við upp á námskeið þar sem fólki er leiðbeint með plötuútgáfu og hvernig best sé fyrir tónlistarfólk að þéna pening núna á þessum fordæmalausu tímum.

Fleiri námskeið munu bætast við á næsta ári. Svo ef fólk er með sérstakar spurningar eða pælingar þá er alltaf hægt að bóka einkaráðgjöf,“ segir hún.

En hver væri hennar draumagestur í hlaðvarpið?

„Draumurinn væri að fá Dolly Parton og Billie Eilish saman í viðtal,“ svara Anna Jóna án þess að hugsa sig um.

Hlaðvarpið er hægt að nálgast á better-things.berlin.

steingerdur@frettabladid.is

> AÐ VERA BOÐIN DRAUMAVINNAN ÞEGAR ÉG VAR Í ALGJÖRU VONLEYSI, ATVINNULAUS HEIMA Á NÁTTFÖTUNUM, VAR GJÖRSAMLEGA ÓTRÚLEGT.

ÞJÓÐARGERSEMIN BUBBI



Árni Matthíasson rekur ævintýralegan tónlistarferil Bubba Morthens í ríkulega myndskreyttri bók.

Skyldueign fyrir alla Íslendinga.

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | **www.forlagid.is** | Opið alla virka daga 10–18 | Laugardaga 11–16

BOSTON CITY

stillanlegt heilsurúm

Dýna, botn, fætur og gafl

Boston City fást í þremur stærðum; 160x200 og 180x200 og 200x 200 cm. Botn, dýna og gafl eru klædd sama dökk- eða ljósgráa, slitsterka áklæðinu sem gefur rúminu glæsilegt útlit. Dýnan er svæðaskipt pokagormadýna. Efst er mjúk og þægileg yfirdýna sem styður vel við líkama þinn. Botninn er með gormum (Boxspring) sem gefur viðbótarfjöðrun. Rúminu fylgir þráðlaus fjarstýring þar sem þú getur stillt rúmið í þá stöðu sem þér hentar hverju sinni.

AFMÆLIS 15% AFSLÁTTUR

DORMA NÝTT Sealy

Boston City stillanleg heilsurúm – dýna, botn, fætur og gafl

160x200 cm	180 x 200 cm	200 x 200 cm
Fullt verð: 479.900 kr.	Fullt verð: 499.900 kr.	Fullt verð: 569.900 kr.

Aðeins **407.915 kr.** **424.915 kr.** **484.415 kr.**

AFMÆLIS 20% AFSLÁTTUR

AVIGNION

hægindastóll með skemli

Stillanlegur hægindastóll með innbyggðum skemli. Grátt áklæði

Fullt verð : 109.900 kr.

Aðeins **87.920 kr.**

AFMÆLIS 20% AFSLÁTTUR

NEW MALMÖ

hornsófi

Þægilegur og flottur hornsófi í slitgóðu, dökkgráu eða örlítið yrjóttu antrazit áklæði. Fætur eru svartir, breiðir og lágir. Stærð 244 x 220 x 86 cm

Fullt verð: 189.900 kr.

Aðeins **151.920 kr.**

AFMÆLIS 20% AFSLÁTTUR

Nature's Bedding

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

Nature's REST LUXURY

heilsurúm með Classic botni

Stærð í cm	Fullt verð m/Classic botni og löppum	**Afmælisverð með botni og löppum**
Rest Luxury 80x200	65.900 kr.	**52.720 kr.**
Rest Luxury 90x200	69.900 kr.	**55.920 kr.**
Rest Luxury 90x210	72.900 kr.	**58.320 kr.**
Rest Luxury 100x200	73.900 kr.	**59.120 kr.**
Rest Luxury 120x200	79.900 kr.	**63.920 kr.**
Rest Luxury 140x200	89.900 kr.	**71.920 kr.**
Rest Luxury 160x200	99.900 kr.	**79.920 kr.**
Rest Luxury 180x200	109.900 kr.	**87.920 kr.**

- Svæðaskipt poka-gormakerfi (20 cm hár)
- 5 misjöfn lög af svampi
- Sterkur botn
- 320 gormar á m^2
- Góðar kantstyrkingar

Charlotte Julien
Dream your world™

AFMÆLIS 15% AFSLÁTTUR*

C&J SILVER

stillanlegt rúm

* ef **C&J Silver** stillanlegur botn er keyptur með **Nature' Rest Luxury** heilsudýnu er **15% afsláttur** af botni og **20% afsláttur** af dýnunni.

- C&J Silver er með sterkum stálbotni og kraftmiklum en hljóðlátum mótor.
- Rúminu fylgir þráðlaus fjarstýring með tveimur minnum og ljósi.
- Botn rúmsins dregst að vegg þannig að þú ert í eðlilegri fjarlægð frá náttborði og lampa.
- Sérstakur takki á fjarstýringunni kemur rúminu í upphaflega stöðu.

VERÐDÆMI A: 90 x 200 cm stillanlegt C&J Silver rúm með Nature's Rest Luxury heilsudýnu: **Fullt verð: 168.900 kr.**

Aðeins **141.570 kr.**

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-17

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

Verð og vöruupplýsingar í bæklingnum eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda til 31. október 2020 eða á meðan birgðir endast.

Við mætum þér!

EKKI MISSA AF ÞESSU!
SÍÐUSTU DAGAR

Sendum frítt
um allt land!

Verslaðu á **dorma.is**

LICATA
tungu- og hornsófar

LICATA sófalínan í Dorma er nett og um leið glæsileg. Réttur sófi getur fullkomnað fallega stofu. LICATA fæst m.a. í koníaksbrúnu og steingráu, slitsterku áklæði.

LICATA tungusófi
Hægri eða vinstri tunga. Svartir nettir járnfætur.
Stærð: 265 x 165 x 82 cm. **Fullt verð: 224.990 kr.**

Aðeins **191.165 kr.**

LICATA hornsófi
Hægri eða vinstri tunga. Svartir nettir járnfætur.
Stærð: 262 x 226 x 82 cm. **Fullt verð: 249.990 kr.**

Aðeins **212.415 kr.**

Þú finnur
afmælisbæklinginn á www.dorma.is



SIENNA
3 sæta sófi

Grátt dennis áklæði.
Viðarlitar fætur.

Fullt verð: 99.900 kr.

Aðeins **74.925 kr.**

SIENNA
Skammel

Skammel með geymsluhólfi.
Stærð: 85 x 60 x 42 cm

Fullt verð: 49.900 kr.

Aðeins **37.425 kr.**

DORMA
Láttu drauminn rætast

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

Verslun í Kringlunni

JOE BOXER

joeboxer.is

BAKÞANKAR

Kolbeins Marteinssonar

Tilfinningar dýranna

Ég sat eitt sinn til borðs í brúðkaupi með bandarískum hjónum. Þegar matur var fram borinn kom í ljós að þau hjónin höfðu bæði óskað eftir grænmetisfæði á meðan við hin fengum úrvals steikur. Eðli málsins samkvæmt færðist borðspjallið yfir í matarval fólks. Skýring Bandaríkjamannsins á því hvers vegna hann gerðist grænmetisæta er mér minnisstæð. Hann átti geitur og sagðist hafa hætt að borða kjöt eftir að hafa séð sorgina sem geit upplifði þegar hún missti kiðling. Einnig sagðist hann hafa séð geitur mynda sterk tengsl við aðrar geitur og sýna söknuð og depurð ef vinageit var slátrað.

Sumarið 1989 var ég í sveit og flestar kýrnar voru búnar að bera kálfum. Ein kvígan var langt gengin og komin fram yfir tíma. Dýralæknir var kallaður til og eftir að hafa rennt hendinni inn í legið og þreifað á kálfinum var hann úrskurðaður dauður og fjarlægður með keisaraskurði. Dagana á eftir varð kvígan hin furðulegasta. Þegar ég rak kýrnar í haga beið hún í dyrunum þangað til ég hafði gengið út. Á leið í hagann gekk hún þétt upp við mig og var einkar uppsigað við hundana og stangaði í átt að þeim þegar þeir nálguðust mig. Svona gekk þetta allt sumarið, hún kom hlaupandi glaðlega til mín þegar ég sótti kýrnar í haga, baulandi glöð. Eitt sinn elti hún mig inn í bæ sem öllum fannst mjög fyndið.

Hvað gerðist hjá kvígunni veit ég ekki, en ég held að eitthvað af móðureðli hennar hafi yfirfærst á mig fjósamanninn, þegar fyrsti kálfur hennar var andvana fæddur. Sjálfur fór ég heim um haustið en kvígan í sláturhús. Ég hugsa stundum til hennar en borða samt ennþá nautakjöt.

BYKO

Útisería
LED Golden 12m.
180 ljósa
3.595
51881038

LED Golden 25m.
360 ljósa
5.295
51881034

Stjarna
Orbit, 33cm svört með LED peru
7.495
51881010

Soffía Dögg hjá Skreytum Hús... mælir með þessari vöru

Jólaljós
Lucia kór, rautt.
9.995
51880823

Upp með skrautið!

80 ljósa

Curly
50 cm ljósahringur, króm.
136 ljósa
9.995
51880440

Curly
30 cm ljósahringur, króm.
6.195
51880439

Vinsæl vara ár eftir ár

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

Útisería
LED warm white með glærri snúru.
2.795
51880728

Jóla-blaðið á byko.is

Nýtt

Verslaðu á netinu byko.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Fyrir svanga ferðalanga

Kvikk ON THE GO | ORKAN

NOCCO 330 ML
329 KR/STK
997 KR/L

Kvikk ON THE GO | ORKAN